Íslands Árbækur

í sögu-formi.

Af

Jóni Espolin,

Syslumanni í Skagafiardar Syslu.

IV. Deild.

Kaupmannahöfn 1825.

Prentud á kostnad ens Islendska Bókmentafélags af þ. E. Rangel.

Íslands Árbækur.

IV. Deild.

Þessi Deild Islands Arbóka vidlík ad stærd og þær undanförnu inniheldr nidurlag þeirra þridja þáttar og byrjun hins fjórda; — hefi eg lesid prófórk hennar úr prentsmidjunni svo náqvæmlega sem tæp tíd og margskonar annir leyft hafa. Eptirstödvar sídarnefnds þáttar eru þegar í vördslum hins íslenska bókmentafèlags, og um frekara framhald ritsins er ósk og von mín hin sama sem í fyrra, hvörjar sídan þannig eru ad nockru leiti uppfyldar. Höfundinum sè þökk og heidar fyri starfa sinn; lengi hvíli andi hans yfir sonum vorrar fósturjardar at aldrei giörit saga þess svo myrk framvegis, sem ein edr fleiri þeirra allda, er rit þettad aptr hefir frammdregid úr þeim dimmasta gleymsku-skugga!

Kaupmannahöfn, þann 19da Martii 1825.

F. Magnússon.

Nærværende Afdeling af *Islands Aarböger*, omtrent af samme Störrelse som de foregaaende, indeholder Slutningen af tredje Bog og Begyndelsen til den fjerde. Correctur-Arkene fra Trykkeriet har jeg selv saa nöjagtig gjennemseet som min knappe Tid og mangeartede Forretninger have kunnet tillade. Resten af sidstmeldte Bog er allerede i det islandske literære Selskabs Værge, og om Skriftets videre Fortsættelse nærer jeg det samme Önske og Haab som i Fjor, hvilke ogsaa siden allerede tildels ere blevne opfyldte. Takket og æret være Forfatteren for sit Arbejde! Længe hvile hans Aand over vort Födelands Sönner, at dets Historie aldrig fremdeles skal indhylles i et saadant Mulm, som i et eller flere af de Aarhundreder, hvilke dette Skrift atter har fremdraget af Forglemmelsens mörkeste Skygge!

Kjöbenhavn, den 19de Marts 1825.

F. Magnusen.

(*)

Formáli.

Tími sá sem árbók þessi fer yfir, er sá inn sami sem mest hefir komit Islandi í þat horf sem enn er þat, í tilliti landstiórnar, eda þó heldr þat sem þat hefir verit í til XVIIIdu aldar enda, enn allrahellzt hèldt þat því formi sem nú ákomst, til ofanverdrar XVIIdu aldar, þá Norsku laug innkomu, oc eginlega kalladir amtmenn voru skipadir, enn fólks edr haufdíngia stiórnar eptirleifar, sem hvervetna finnast í dômum laugrèttunnar, oc svo í hèrádsdómum, smámsamann fór at aftakast med aullu. Annars kèmr furdulega fyrir í þessu tímabili, hversu Islandi stórlega hnignadi á því allr manndómr, árferdi oc biargrædi, oc er sannlega íhugunarverdt, þar þó áþián klerkanna hafdi lètt á; enn þó veruleg upplysíng ecki framadist heldr á því, er ei svo miög at undra, því sú eina sem til var, oc þá uppkominn, oc í raun sú besta oc naudsynlegasta ef henni er synnt, ritnínginn oc Guds ord, var ny innkomit, oc af allfáum brynt sem skyldi, enn ofmörgum vanhyrdt; þarí móti hèldt landsfolkit þá oc lengi sídann, eins oc samt vídar hèr á Nordrlaundum, ofrfast vid vana oc forn hindrvitni, sem ei mátti út af bregda, oc þánkafrelsid alls eckert; miklu heldr sínist þat eina sem til hafdi verit af því undir páfadóminum, í veraldlegum efnum, enn sem þó laut til stórmensku, oc iafnvel ósida, at hafa verit nidrbarit á þessum tíma, án þess nockut annad sómasamlegt siálfs álit væri innleidt aptr; komst þiódinn svo af óvyrdíngu sem á hana var laugd af út-

Fortale.

Det Tidsrum, som omhandles i denne Deel af nærværende Aarböger er det, som har bragt Island til den Forfatning, hvori det nu befinder sig, eller dog snarere den, hvori det har været til det 18de Aarhundredes Udgang, men egentligst talt beholdt det dog den Skikkelse, som det nu fik, til seent i det 17de, da Norske Lov indförtes, og de saakaldte Amtmænd bleve beskikkede, men Levningerne af Folkets eller Hövdingernes Bestyrelse, som overalt findes i Lavrettens Domme og tillige i Herredsdommene, efterhaanden begyndte at afskaffes for fuldt og fast. Ellers maa man forbauses over Begivenhedernes Gang i dette Tidsrum, som i saa höj en Grad medförte Islands Forfald saavel ved Uaar, som ved mandig Virksomheds Aftagelse og Næringsvejenes Forringelse, og det er sandelig værdt at overveje, da Geistlighedens Aag ikke længere trykkede Folket. Dog kan man ikke undres over at sand Oplysning ej befordredes i dette Tidslöb, eftersom den eneste Art deraf som var at faae og da var oprundet, i Virkeligheden den bedste og nödvendigste naar den kun ændses, Skriften og Guds Ord, vare nylig komne for Dagen, og forkyndtes kun alvorlig af meget faa, men forsömtes af alt for mange. Derimod hængte Landets Beboere da, og længe derefter, ligesom Tilfældet ellers var paa flere Steder i de nordiske Lande, særdeles fast ved Vaner og forældet Slendrian, hvorfra man ikke maatte vige; Tænkefrihed gaves her slet ikke, thi endog den Gren deraf, (om verdslige Anliggender) som dyrkedes i Pavedömmets Tid, men som dog befordrede Pragt og Overmod, ja vel endog Usædelighed, synes nu at være bleven nedtrykt i dette Tidsrum, uden at noget Hæderligt, der kunde give Landet Anseelse, blev sat isteden derfor. Saaledes

lendum (sem hún þó ei verdskuldadi fyrir hráleik sinn, framar svo mörgum ödrum í þann tíma) ásamt adþrengiandi fátækt oc kunnáttuleysi, sem mannfæckuninn í plágunum hafdi mest lagt drög til, enn ei svo áborit fyrr enn fólkit var fullfiölgad, oc landid þreyngdist, misst allann dug oc dád; verdr því fátt til frásagna um þessa tíd, at tilburdir voru fair, þeir er nockrs væri verdir, enn þó er þat at segia, at því meir sem á lídr aldirnar, er líklegt at eitt oc annat kunni til at vera uppskrifad edr máskè vissara, frammyfir þat eg hefi gètad komist yfir, oc þarf því samtyníngr minn þess vægari dóms, sem heldr nálgast sá tími, er mögulegt verdr at uppgötva um fleira enn einn madr fær í hendr fengit, oc þess dóms væntir míg, því svo hefir giört verit hèr til, at verksmídar hafa ei verit nidrfelldar, þó þær hafi mátt ófullkomnar vera med köflum, eda til enda; vil ec oc þá fella mitt verk er adrir vilia vidtaka er betri áhauld hafa, oc eptirláta þeim til styrktar undirbuníng minn, ef þá er framhaldit, oc er þat betra enn hann falli allr nidr þá ec fæ ei at dugad.

Frostastödum þann 26ta Julii 1824.

Jón Espolin.

udsattes Folket for Udlændinges Ringeagt, (hvilken det dog ej fortjente for sin Raahed, mere end saa mange andre i den Periode) plaget af tiltagende Armod og Vankundighed, hvortil Pestens Ödelæggelser för havde lagt Grund ved Folkemængdens Formindskelse, skjönt Virkningerne ikke ret kom tilsyne förend nu, da den igjen betydelig var tiltaget uden at kunne finde fornöden Næring — og alt dette bidrog da til at udrydde dets Mod og Daad. Dette Tidsrum giver saaledes kun et ringe Stof til Beretninger, da de Tildragelser og vare faa, som kunne siges at være af nogen Vigtighed; dog maa jeg bemærke Sandsynligheden af, at der for de senere Aar gives adskillige flere Optegnelser, som indeholde noget mere, endog tildels vissere, end de som jeg har kunnet overkomme, og derfor behöve mine her forenede Samlinger en des mildere Bedömmelse, som de Tider nærme sig, der gjöre det mueligt, at opdage meget mere om deres Tildragelser, end en Mand kan komme til Kundskab om; en saadan Bedömmelse venter jeg og, da Man hidindtil gjerne har fulgt den Regel, ej at nedrive slige Arbeider, skjönt de kunne have været ufuldkomne i visse Dele, eller endog helt igjennem. Ogsaa er jeg villig til at slutte mit Værk, naar andre ville tage fat derpaa, som have bedre Hjelpemidler, samt overlade dem min Forberedelse til Lettelse ved Arbejdet, hvis det virkelig fortsættes, og det er da bedre end at den rent skulde gaa til Spilde, naar jeg selv ikke længer kan virke.

Frostastade, den 26de Julii 1824.

John Espolin.

Prentfeil í IIdiu Deild Arbóka.

Pag. 1 lin. 12 samtyckt l. samþyckt.
— 4 — 26 sin l. sinn.
— 5 — 35 Biarnadottr l. Biarnardottr.
— 9 — 25 Biarnar Marteinssonar l. Biarna M. s. l. 35 systir l. systr plural.
— 11 — 28 fleirri l. fleiri. l. 29 l. Stadarfelli.
— 13 — 13 biskupr l. biskups.
— 14 — 17 þorsteinn son Finnboga lögmanns, Kristin oc Halla; l. þorsteinn í Hiörtsey, Cecilia er átti þorsteinn son Finnboga lögmanns, Katrin i Brædratungu, Kristin oc Halla.
— 15 — 4 allra l. allrar.
— 17 — 30 menn á alþ. l. menn í dóm á alþ. l. 31 fyri l. fyrri.
— 18 — 6 in margine 1505. l. 25 dttr l. dóttr. l. 36 ann l. enn.
— 20 — 10 in margine 1506. l. 23 Eyrik l. Eyrikr.
— 22 — 1 hönnum l hönum. l. 32 Biarnahöfn l. Biarnarhöfn.
— 23 — 11 l í Vatnsfyrdi
— 25 — 7 jardtikn l jardteikn. l. 14 sættistt l. sættist. l. 21 verit l. vórit
— 26 — 33 Christianni l. Christiani.
— 27 — 2 Stephani Jónssyni l. Stephani biskupi Jónssyni. l. 25 iét l. lét.
— 30 — 29 þíngeyra l. þíngeyar.
— 31 — 23 jardarskipti l. jardaskipti oc sæpius
— 32 — 5 Stadafelli l. Stadarfelli. l. 19 l. Biarnasonar. l 28 Sveinn l. Svein.
— 33 — 2 1513 in marg. l. 3 l. Hans konúngr. l. 10 l. Selvogi sæpius caret litera.
— 35 — 3 þá l. þó.
— 37 — 1 fyrr l. fyri. l. 26 var hann svo vel l. vard hann etc.
— 38 — 4 Medallandi, l. Medallandi; vel: svo segia menn etc. l. 17 l. á Islandi. l. 18 Sigmundarson l. Sigmundarsonar.
— 39 — 21 l. sjógarpr.
— 40 — 23 Stepháns oc Gottskálks l. Stephán oc Gottskálk.
— 44 — 27 l. verdskuldad.
— 46 — 23 l. konúngdóminum. l. 33 voru l. vora.
— 51 — 32 l. Arnasonar. l. 33 ogsvo l. Arnasonar.
— 52 — 34 gildfénad l. géldfénad.
— 53 — 34 Hvammi l. Hrauni.
— 54 — 6 o l. oc. l. 8 han, l. hann. l. 9 fyrdic l. fyrdi. l 10 landsn l. lands.
— 57 — 13 attu l átta. l 27 in marg. 1519.
— 58 — 33 Phillippussonar l. Philippussonar. l. 35 Miunkaþverá l. Munkaþverá. l. 36 Einar l. Elínar.

Pag. 61 lin. 22 Asgrímr l. Arngrímr.
— 63 — 32 vildi l. vildu.
— 65 — 2 ættum, Teitr var l. ættum; þau gáfu hvert ár hina bestu kú sína Hofstada Mariu, svo voru þau trúrækinn. Teitr var etc. l. 7 in marg. 1522. l. 26 fyrstr til, l. fyrstr handa til.
— 66 — 29 Jón prests l. Jón prestr.
— 67 — 24 mikill l. mikil.
— 68 — 4 þíngaprests, Olufar, l. þíngaprests Olufar etc. l. 9 l. ad Stad. l. 10 l. Sumarlida l. 12 var hann l. var hun. l. 36 Audarsveit l. Stadarsveit. l. 37 prestr l. prests.
— 71 — 37 Jón, l. Jóns U. s.
— 75 — 18 sídar enn Finnbogi prestr l. sídar; enn Finnbogi etc.
— 78 — 18 l. tók fyrir XXXIV h.
— 79 — 26 þorleifr l. þorolfr. l. 33 í Hialla l. á Hialla.
— 80 — 16 uppi l uppá.
— 84 — 3 Jón Petursson l Joan vel Johan P. s.
— 86 — 16 prestr seinna enn er her var komit l. prestr seinna; enn er her var komit.
— 90 — 7 Sæmundar í Asi, enn son Olafs bónda; bródir Gudrunar, l. Sæmundar í Asi; enn son Olafs bónda bródir Gudrunar, var etc.
— 91 — 33 samann l. samans.
— 95 — 1 Skigdamenn l. Skeydamenn.
— 98 — 11 hins riki l. ríka. l. 15 l. fadir Jóns, í þernuvík, Gudmundars.
— 99 — 31 af því l. at því.
— 102 — 8 Biarna l. Biarnar G. s. l. 13 Hóla l. Hóls. l. 16 l. Biarnarsyni.
— 103 — 3 þriótskadi l. þriótskadist. þá l. þó.
— 104 — 2 in marg. l. 1531. l. 10 l. nockrn. l. 24 Biargar l. Biarna.
— 109 — 32 biskups l. biskupa.
— 110 — 10 fór sídanu med, l. fór sídann utann med.
— 114 — 11 sídann þat er, l. sidann, þat er Kialarn þ. l. 15 l. Philippusson.
— 116 — 3 Svarthóli l. Svarfhóli. Ingiridir l. Ingiridi. Dada l. Dadi.
— 118 — 25 leiddi þá l. leiddi þar.
— 123 — 32 l. óbótamenn.
— 127 — 2 l. Superintendentem yfir.
— 128 — 7 l. umskipti.
— 130 — 20 fiáráfla l. frændafla.
— 131 — 34 prestr Eyrikssonar l. prests Eyrikssonar.
— 136 — 1 Lángabol l. Laugaból. l. 2 l. Skálanes. l. 21 l. missti.
— 137 — 12 knoúngr l. konúngr. l. 20 biskup sá l. biskups á. l. 21 hadi l. hafdi.

Frammhalld 3ia Þáttar.

CI Cap. Frá Jòni biskupi oc lögmanna skipti.

Jón biskup Arason oc synir hans ridu til alþíngis um sumarit sem þeir voru vanir, enn er þeir komu til Kalmanstúngu biskup oc Ari lögmadr, spurdu þeir greinilega hvad hyrdstjórinn hefdi at sysla, oc at Ögmundr biskup væri tekinn, brá þeim miög vid, oc hugdu rádlegast at fara ei lengra framm um sinn, oc hvurfu þar aptr; þó sendi biskup Olaf prest Hialltason med afsökunar bréfum sínum til hyrdstiórans, oc Ari sagdi siálfr af sèr lögsögnina, enda grunadi hyrdstiórann um trúleik hans vid kónginn, er hann kom ei til þíngs, at gègna svo stórum eyrindum er kóngr hafdi bodid framm at fylgia, oc því sættu nockurir menn, er þótti mikill oc uggvænlegr afli þeirra fedga, edr hardindum þóttust af þeim sætt hafa, oc báru því nockrir hinir heldri menn fyrir hyrdstiórann jafnframmi, at þeir vildu ei at Ari væri lögmadr lengr, oc var Þorleifr at Skardi son Páls Jónssonar oc Solveigar Biarnardóttr hins ríka, til lögmanns kosinn. Var hann spakr madr oc roskinn, oc hafdi lengi þótt vel tilfallinn; enn Jón biskup oc Ari, oc þeirra frændr oc vinir, qvádu róg valda oc illmæli, er þau skipti urdu, oc hötudust vid Þorleif lögmann. Svo segir Olafr Thómásson í qvædi sínu um þá fedga:

A

Lugu þá af hönum lögmanns nafn
landsins vondir þegnar,
sá var ecki at sœmdum jafn
settr var til at gègna, lögunum landi í.
útlendsk þiódinn allramest ágyrnd hafdi af því;
svo rakna skildi rádinn flest, reystu upp klamarí.

Ari hafdi þá syslu í Eyafyrdi. Ecki fystist Jón biskup utan at fara at konúngsbodi, þóttist bædi taka til at eldast, oc þó hellst, vegna eyrindis, edr sidaskiptanna; vildi hann eigi láta hinn forna sidinn; þóttist hafa lítils góds at vænta, þar sem biskupsdómr hefdi verid tekinn af öllum biskupum í Danakonúngs rìkjum. England oc einnin fallid frá hlídni vid páfann. Enn þó hönum. gætist ecki at um Gissr biskup oc þætti lítils verdt um hann fyrir auds oc ættar sakir, sá hann þó at hann hafdi traust mikid, oc mæltist því til vináttu vid hann sem sídar mun sagt verda. Eigi vildu oc klerkar fyrir nordann taka vid kyrkjuskipan Christjáns konúngs, sömdu þeir brèf til konúngs midvikudaginn fyrir dyradag, oc afsökudu sig, var þar einn med ödrum Pètr Pálsson ábóti. Þau missiri dæmdi Páll Vígfússon at Hlídarenda um útródrarmenn.

CII Cap Frá Pètri Einarssyni oc Bryniùlfi.

Pètr son Einars prests Snorrasonar Ölduhryggiar skálds, bródir Marteins prests Einarsonar, hafdi þá Kiósarsyslu, oc dæmdi at Esiubergi um Skrauthóla oc Backa, föstudaginn eptir Michiálsmessu; hann giördist umbodsmadr hyrdstiórans, oc var miög í áliti oc vingan vid Dani, oc hafdi gèfid sig mest í fylgd med þeim er þeir tóku Videy; hann var hinn annar fremstu manna er Ögmundr biskup þóttist reina vanþöck af; er svo sagt at Videy væri tekinn af dönskum mönnum þann tíma er Ögmundr biskup var fánginn, enn Alexíus ábóti var fallin í sid med konúngsmönnum, oc til hinnar nyu trúar, oc lèt af ábótadæminu, hèldu þeir Videyar jardir um nesinn; enn þískir menn höfdu hálfann fimta tug ródrarskipa á Sudrnesjum, þeir sem hèr höfdu kaupskap, enn Danir engann, því at þeir voru í þann tíma miklu

óvinsælli Islendíngum enn hinir Þísku, Þóttu gánga freklega at öllu, oc neyta Þess er landid lá undir Þeirra konúng, enn auka ríki konúngs síns; höfdu Islendíngar alla stund, Þó Þeir gæfi sig undir Noregs konúng, haldid nockurri höfdíngia stjórn á landinu, sem sést af skilmálum Þeim er Þeir höfdu jafnan vid hina fyrri konúnga, oc svo af dómum mörgum, er dæmdir voru í landinu af landsmönnum siálfum, oc höfdu laga afl; vildu Þeir hellst leita konúnganna er höfdíngiar deildu sín à milli, oc var ríkismanna vald mikid á landinu, enn Þó mest biskupa valdid. Þat jók oc miklu à óvild landsmanna hèr vid Dani, at Þeir tóku nú at innleida nya sidu, oc fóru at Því nockud hardfengilega, oc eigi allskostar drengilega, enn Þat efldi helst konúngsvaldid aptr, at leikmönnum ríkum var leidt ordid biskupa ríkid. Þat er mælt at Pétr Einarsson hafi látid rífa nidr Videyarkyrkiu velsmídada, oc *domum* brædranna, oc bera moldina alla í midjan kyrkjugardinn, giört Þar sídann badstofu oc kockhús, oc Þar aptr af nádhús, oc látid ræsid horfa í kyrkju-stadinn; enn skrúda oc kaleika tæki Danir til sín. Seinna keypti Pètr Arnarstapa, oc bygdi hann upp, ætla eg verid hafi eptir Þat er Helgafells klaustr var tekid, oc Pètr hafdi Þar umbod jardanna. Brynjúlfr hèt madr oc var Jónsson, hönum lènti konúngr Biarnanes oc Horn, er voru af eignum Teits Þorleifssonar hins ríka; hafdi hann lyst Því á alÞingi, enn Pètr Einarsson umbodsmadr, oc lögmenn bâdir, oc alÞingismenn álÿktudu Þá, at Þær væri í umsiá Gissurar biskups, Þartil er hann fengi sitt mál siálfr borid fyrir konúng; enn um Þessar jardir var deilt af Jóni biskupi sem fyrri segir, oc enn mun sagt verda, Þó hafdi hann eigi Þá til Þeirra kallat, fyrir Því at hann kom ei á Þíngid. Þá seigia sumir at sótt mikil hafi gengid, oc dáid hellst hión; ellefu hión hafi dáid í eystri Landeyum. Leid nú svo af vetrinn sá hinn nærsti.

CIII Cap. Frá Gissuri biskupi.

Fimtudaginn í páskaviku útnefndi Gissr biskup VI presta í dóm at Kyraugastödum á Landi, voru Þeir Snorri Hiálmsson, Jón Hèd- 1542
insson, Þorleifr Eyríksson at Breidabólssad, bródir Sæmundar at

Ási, Brynjúlfr Halldórsson, Jón Gíslason, oc Jón Biarnarson; enn þessa leikmenn Sæmund Eyríksson, Jón Þorvardsson, Jón Biarnarson, Snæbjörn at Kéldum son Halldórs Brynjúlfssonar frá Túngufelli, Erlend Jónsson, er eg hygg son Jóns Hallssonar, oc Hólmfridar í Dal, oc Philippus Runólfsson; lagdi biskup framm fyrir þá alþíngis presta stefnu dóm, oc reikníngsskapar qver Ögmundar biskups, er svo sagdi, at Ögmundr hefdi medtekit eptir Stephán biskup, í gulli, silfri oc gódum klædum, lèreptum oc ófrídum peníngum, svo at talid var, IV hundrud stikr oc XXXII stikr af gódu klædi, allt vyrdt fyrir áttatygi hundrud; XXI stycki varníngs klædis fyrir XXI hundrad; hálfvætt silfrs, þriár merkr oc þriá aura, fyrir II hundrud hundrada oc III hundrud; í gyllinum, rósenoblum oc engelóttum LXIII hundrud, XI fíngrgull, XII handsól, tveir daggardar búnir, fiögr pör knífa búnir, kross festarlaus, sylfrlyndi oc af sprotinn, *agnus dei* med festi, tvær kistr fullar med vax, oc enn fleira er þar stód á. Qvádust dómsmenn þessir engan vita umbodsmann Ögmundar biskups nálægann, er med rèttu kunni fyrir at kallast þeim reikníngum at svara; fyrir því dæmdu þeir at Gissr biskup mætti at sér taka þá penínga alla sem Ögmundr biskup hefdi medtekid, í nockurshattar aurum, sem til eru nálægt dómkyrkjunni, enn ef þeir eru engir, skyldi hann taka jardir oc lausafè sem dómkyrkjunni er nærst, þartil hann hefir fengid fullt; enn þótt útlendir menn kærdi eptir skuldum hiá Ögmundi biskupi, skyldi herra Gissr vera vidskilinn, oc engu skyldr fyrir at svara, eptir því lögmáli at madr svari þar engu sem hann medtók eckert. Slíkt er nú allt á annan hátt á vorum dögum. Þat vita menn þó ei giörla hverju Gissr biskup hefir nád, enn þó eru líkindi til at bú Ögmundar biskups í Haukadal, oc at Reykium í Ölvesi edr annarstadar, hafi svo audug verid, oc nockud hafi mátt lúka dómkyrkjunni, oc Gissr biskup eigi sleppt því er hann mátti fá. Hinn XVda *Calendas Aprilis*, edr XVIIda dag Martii mánadar, gaf Gissr biskup Dada Gudmundarsyni í Snóksdal qvittunar brèf, fyrir fiögr barngétnadar brot hans, í hórdómi, med Ingvildi Arnadóttr, enn hún var skyld hönum í annan oc þridia lid. Enn mánudaginn eptir uppstigníngardag, giördi Jón biskup Arason, at Lögmannshlíd í Eyafyrdi, sáttmálsbrèf vid Gissr biskup; vildi hann eiga gott vid hann, fyrir þá sök helst at Gissur biskup ætladi ut-

ann um sumarid, oc hugdi sèr mundi verda slíkt til formælis vid konúnginn, er hann þóttist vita at eigi væri sèr vinveitttr, — þar sem hann hefdi tekid völd af öllum hinum fornu biskupum, nema hönum einum samann, oc var þat á þennan hátt: "vèr Jón "med guds nád biskup á Hólum, — giörum gódum mönnum "kunnugt, at vèr höfum sett oc samanbundid brádrlegann kær-"leika, vinskap oc trygd, vid heidrlegann herra, herra Gissr yfir-"mann Skálholltsstiptis, med þeim skilmála, at hver ockar styrki "annann med magt oc manndómi, fylgi oc fiárlögum, til "allra rèttra mála, bádum ockr at skadalausu — kunni "nockr rógr borinn verda ockar í millum, viljum vèr þar engan "trúnad áleggia, fyrrenn þat er skiallega reynt, med skilvissra "manna yfirsýn. Skal þessi vor lofun ecki af oss rofinn, svo lengi "sem hún er af greindum herra Gissuri vel haldinn. Item um "þann ágreiníng sem ockar er á milli um Biarnarnes, oc þá pen-"ínga þar til heyra, þat viljum vid eiga undir VI eda XII manna "dómi, sem vid siálfir tilnefnum, jafnmarga hver, oc halda þat "þeir giöra þar um." Þvílíka lofun hyggia menn einninn Gissr biskup giört hafi ámóti. Gissr biskup leifdi oc Jóni Grímssyni oc Þórunni Helgadóttir hiónskap, var fiórmenníngs mægd á med þeim, enn ádr var svo nákomnum bannad at tengiast; hann hèldt þó vid skriptum, oc tók Pèturs pennínga enn hverjum hann galdt vita menn eigi. — A því sumri kom út Otti Stigsson med hyrdstiórn. Þá lèt Olafr bóndi Gudmundarson syslumadr í Isafyrdi dóm gánga um ákæru Gudrúnar Biarnardóttr Gudnasonar, til Fúsa (Sigurdarsonar) Brúmanssonar, um hval sem Brynjólfr tók fyrir hennar landi. Framnifóru oc giörníngar fleiri þau missiri. Eitt var vitnisburdr Kolbeins prests Audunnarsonar Sigurdssonar, oc Teits prests um þat er Jón Skúlason festi Ingibiörgu Sigurdardót ir Finnbogasonar, systr Isleifs á Grund, oc VI presta dómr Jóns biskups um ákæru Olafs prests Gudmundarsonar til Biarnar prests Jónssonar, eg higg biskupssonar, at hann hèldi hálfum Reykjum í Midfyrdi, sem Gudmundr Olafsson hafdi lagt í mála konu sinnar Bergliótar Sigmundardóttr módr Olafs prests, enn hún gaf hönum jafnt vid Jón prest bródir hans Þórleifi lögmanni dæmdu XII menn á alþíngi, um jardir vestr í Skálavík, er Sólveig módir hans hafdi gèfid hönum, enn Olafr bóndi Ey-

ríksson bródir Sæmundar í Asi oc Jóns prests í Vatnsfyrdi lengi haldid, oc Pantaleón prestr son Olafs vændist nú at hafa úmbod yfir.

CIV Cap. Klaustramenn sìdastir sydra.

Þessir voru ábótar oc múnkar er Gissr biskup tók vid Skálhollts umdæmi; í Videy Alexíus ábóti Pálsson, enn brædr Pétr, Þorleifr, Hallvardr, Jörundr klukkari, alls V, var því klaustrlífi nù lokid er hèr var komid. At Helgafelli var Halldór ábóti Tyrfíngsson, oc þrír brædr, — Olafr, Jôn oc Gunnar. A Þyckvabæ Sigurdr ábóti, oc V brædr, Jón Arnason, Jón Oddsson, Magnús, Jón Grímsson oc Sæmundr. At Skriduklaustri Brandr priór Rafnsson, fadir Rafns lögmanns, oc fiórir brædr, Olafr, Brandr, Magnùs oc Þorsteinn. At Kyrkiubæar klaustri Halldóra abbadys Sigvaldadóttir, födr systir Gissurar biskups, enn systr sex, Gudrídr, Oddny, Arnleíf, Astrídr, Margrèt, Valgêrdr. Prestar voru alls í Skálhollti biskupsdæmi CL.

CV Cap. Frá Gissurí biskupi oc prestum.

Gissr biskup tók nú med alhuga at hefia hinn nya sidinn oc fylgia framm, bannadi páfa lærdóm í sínu umdæmi, messr, vigiliur, tída saungva oc lestra, talna saungva oc helgra manna ákallan, enn fylgdi fast tilskipun Christjáns konúngs um kyrkiusidina, stefndi hann til þess fiölmenna presta stefnu at Middal í Laugardal, at sunnann oc vestan, oc skildadi presta til at taka þar á móti tilskipun konùngs, oc fremja eptir henni þeirra embættisgiörd, kènníngu oc kyrkiusìdi, sem lióst er af medkènníngu þeirra presta siálfra, oc var sú samkoma midvikudaginn nærstann fyrir Pèturs messu oc Páls, samþycktu þar XXIII klerkar kyrkju ordinantíuna, ef þeir fengi at halda frìheitum sínum oc kènnimanna rentu, oc hètu konúngi öllum trúnadi, hlídni oc hollustu, enn beiddust umbreitíngar á því sem ei fengi stadist í landi hèr,

eptir því sem Gissr biskup kynni segia, — settu þeir sín innsigli fyrir brèfid, oc voru þessir: Alexíus áboti Pálsson, Bryniúlfr prestr í Odda Halldórsson frá Túngufelli, Marteinn prestr Einarsson at Stad, Bárdr prestr Ejólfsson á Reinivöllum, Freysteinn prestr Grímsson at Stafhollti, Gudmundr prestr Jónson oc Eyríkr prestr Jónsson at Reykhollti oc Gilsbacka, Magnús prestr Jónsson, Jón prestr Biarnarson er sídar var at Breidabólssad, Sveinn prestr Þorbiarnarson í Hvammi, Eyríkr prestr Grímsson er sídar var at Gilsbacka, — bródir Freysteins prests, Biörn prestr Olafsson í Runa, Jón prestr Þorleifsson Gudmundarsonar Andrèssonar, er sídann var í Hiardarhollti, Loptr prestr Narfason at Stadarhrauni, Jòn prestr Einarsson, Arni prestr í Hytardal, Arnórsson frá Ökrum, Tumi prestr Gudmundarson, Stephán prestr Hallkèlsson í Laugardælum frændi Stephàns biskups, Jón prestr Jónsson, Asgeir prestr at Lundi son Hákonar Biörgólfssonar, Þórdr prestr Gíslason, Oddr prestr ì Gaulverjabæ Halldórsson frá Túngufelli, Magnús prestr í Selárdal Ejólfsson Mókolls, Einar prestr Olafsson í Görduni á Alptanesi, Snorri prestr Hiálmsson at Hollti undir Eyafiöllum, Gísli prestr Nicólásson, Gísla prests Jónssonar Gíslasonar er opt er gètid ádr, oc Olafr prestr Jónsson; enn VI afsökudu sig med elli sinni oc veikleika frá nyum sidum, oc bádu kónúng ei þraungva þeim þartil, voru þat Sigurdr áboti í Þykkvabæ, Bergr prestr Jónsson at Reinivöllum, Þorleifr prestr Eyríksson at Breidabòlstad í Fliótshlíd, Jón prestr Hèdinsson í Runa, Olafr prestr Kolbeinsson í Saurbæ, oc Jón prestr Eyríksson í Vatnsfyrdi. Stephán prestr Hallkéllsson í Laugardælum sá er hèr var gètid, var fadir Hallkèlls prests á Feriubacka, hans son var Stephán prestr er átti Ulfhildi dóttr Jóns Oddssonar í Reykjavík, oc Þórdysar Henriksdóttr Gerkens, þeirra börn Hallkèll prestr á Hvalsnesi fadir Stephàns prests í Grindavík, oc Biörn prestr at Snæfokstödum módrfadir Einns biskups, oc Jónar tveir; þat er köllud Hallkèls ætt, oc voru þeir frændr allir sydra. Asgeir prestr Hákonarson at Lundi var athafnamadr mikill, þat er sagt hann kæmi þángad annarstadar frá, allfátækr, oc rydi í járnsödli fornum, enn hann græddi þar mikid fè; hann átti fyrri Ingibiörgu Gudmundardóttr frá Þíngnesi systr Þórdar er enn verdr gètid, enn sídann Gudrúnu Snorradóttr; þau voru börn hans, Astrídr er átti Gudmund son Halls, Olafssonar prests Kolbeinssonar Ragn-

hildr er átti Sigurd Einarsson, — þann er Einar ness ætt er frákominn, Tyrfingr, Biörgólfr er átti Sesseliu dóttr Halls Olafssonar, Sigurdr fadir Jóns í Alptartúngu, Snorri, Nicólás, Ingibiörg, Þóra, Þurídr er Helga átti Vígfússon Jónssonar í Kalmanstúngu Grímssonar í Sydumúla Jonssonar Gudmundarsonar, þeirra börn voru Vígfus prestr, er Sigurdur Vigfú son í Stóraskógi er frákominn, oc systkin hans Herdys er átti Laga Arnór í Liáskógum, son Lopts Gudlaugssonar Loptssonar Ormssonar Loptssonar hins ríka, þadann er Liáskóga ætt. Hákon oc Þórdr voru launsynir Asgeirs prests. Einar prestr Olafsson í Gördum var fadir Egils, födr Jóns prests er ritad hefir annálin, oc Oafs prests er hertekinn var í Vestmannaeyum, oc brædra þeirra. Olafr prestr Kolbeinsson í Saurbæ var mikilsháttar, enn gamall í þennan tíma sem hèr seigir; Kolbeinn Sigurdarson hét fadir hans; enn son hans var Hallr er átti Gudrún dóttr Þorsteins í Hiörtsey Torfasonar frá Klofa, vid hann er kènnd Hallsætt; hans börn voru þau Ögmundr, fadir Torfa á Leirá, Sigurdar, Halls, Odds oc Snorra; Gudmundr er átti Astrídi Asgeirsdóttr, frá hönum er kominn Gudmundr prestr í Fliótshlíd, oc Halldór í Olafsvík, födrfadir Pètrs prests Einarssonar í Miklahollti, oc Gudmundr snickari, Þòrdys er átti Tyrfing son Asgeirs prests Hákonarsonar hann bió í Hiörtsey, þeirra son einn var Þorsteinn prestr í Hvammi. Sesselia, hún àtti Biörgólf Asgeirsson; Bergliót atti Einar Eyríksson á Hvanneyri. Bergþór Hallsson var laungètinn; eru þetta allt ættir miklar.

CVI Cap. Frá ìmsu.

Eptir presta stefnu þessa ridu menn á alþíng; segir þá sumstadar at til kæmi deilurnar um Horn oc Biarnanes er fyrri er gètid, oc færi framm dómar med forsiá Pèturs Einarssonar. Þá kærdi Asdys systir Ögmundar biskups jardamissir sinn sem ádr er á vikid; var þat dæmt at hún skyldi eiga atgáng at fè Ögmundar biskups, hvar sem hittist, enn eigi nádi hún eda nockrir frændr Ögmundar biskups því fè. Um sumarid sannspurdist andlát Ögmundar biskups. Rafn hèt prestr er bió at Arnarbæli í Flóa, hann fór

med ödrum mönnum úr Þorlákshöfn á skipi, fluttu þeir miöl oc skreyd inná Oseyri, þeir voru X samann, bar þeim til á skipinu oc flugust á, oc steiptu skipinu, drukknudu þeir þar allir samann. Annar prestr drukknadi fyrir Osmunnanum í Skálhollti, þeir fleyttu triám eptir ósnum, lagdist hann til sunds med trè, oc batt um sig snæri, enn sem hann hafdi syndt um hríd, losnudu hosubönd hans, oc flettust nidr hosurnar, dróg hann vid þat nidr oc tyndist. I þann tíma bió at Stadarbacka Þorlákr prestr Hallgrímsson Barna-Sveinbjarnarsonar, hann hèldt þá vid Helgu dóttr Jons lögmanns Sigmundarsonar, hana hafdi ádr átta Krákr Hallvardsson á Audunarstödum, oc tyndist hann í Vídidalsflióti, oc Jón bródir hans, er þeir fóru til veidiskapar; þeirra börn voru Jón prestr Kráksson í Gördum, oc Biörg er átti Erlendr prestr son Páls Grímssonar Pálssonar, sumir nefna oc Olaf prest Kráksson. Jón Hallvardsson hafdi átta Gudrúnu dóttr Jóns lögmanns Sigmundarsonar, þeirra son var Jón fadir Arngríms prests hins lærda. Þorlákr prestr hafdi baldid fyrst Stad í Hrútafyrdi, hafdi hann þarmed Eyrarkyrkju í Bitru, oc var opt kominn fyrir dag í túngslysi á vetrum þángad til messugiördar. Þau Helga gátu son á þessum missirum, er nefndr var Gudbrandr, oc vard sídar hinn ágætasti; Þórdr bródir hans var tveimr vetrum yngri.

Cap. CVII Utanför oc bréf Gissurar biskups oc annad þar vid.

Gissr biskup baud prestum at qvængast, oc var þat miög lastad af mörgum sem fleiri sidaskipti; hann keypti um sumarid, enn sumir segia hann hafi einnin fastnad sèr til eginkonu Gudrúnu, dóttr Gottskálks biskups Nicolássonar, systr Odds hins spaka, oc Christínar er ádr átti Þorvard Erlendsson, enn sídann Jón Einarsson at Skardi; enn at því framkomnu, oc er til þótti skipad sem þurfti, fór Gissr biskup utann, oc med hönum Pètr prestr Andrèsson, til Kaupmannahafnar; einnin menn af hendi Jóns biskups Arasonar: Sigurdr prestr at Grenjadarstad sonr hans, oc Isleifr mágr hans, oc Olafr prestr Hialltason, med bréf hans; bad Jón biskup

konúnginn audmjúklega hlífa sér vid utanferd, er aldr færdist á hann, enn hèt trú oc hollustu; unnu þeir Sigurdr prestr oc Olafr prestr oc Isleifr eyd á kniám bædi sín oc hans vegna, at sína konúngi trúleik oc holllustu, bædi um sidaskiptinn oc kyrkiu tilskipunina; fèck Jón biskup einn-samann af öllum biskupum, þeim er páfa-trúnni fylgdu, í ríkium Dana konúngs, at sitja at völdum sínum oc vyrdíngum á medann hann lifdi, því at konúngi var grunlaust um alla tàlman síns vilja af hans hendi. I þeirri ferd fèck Gissr biskup mörg brèf af konúngi, ráda sumir af þeim, at Christófór Hvítfeldr hafi verid í landi hèr sumarid fyrir; eitt var qvittun fyrir afhendíngu *Clenodia* oc peninga Skálhollts kyrkiu til Hvitfeldts, DCC lóda silfrs, gull-kaleiks, LX Jóachims dala, oc XX engelotta. Þat var seint um haustid útgèfid; hafdi konúngr slegid hendi yfir klerkafèd allt. Annad var um þad, hvad prestar skyldu kénna alþídu til sáluhiálpar. Þridia var um uppeldi presta, med því *vigiliur*, oc ábati sá er af hiátrú reis aftókst, gaf hann hyrdstióranum oc biskupinum umbod at ransaka hve prestar þyrfti med til framfæris, oc leggia þeim til af kyrknatyundum, þarmed skyldu heytollar haldast, oc prestum ei áþián veitast af konúngsvaldinu. Hid fiórda var til Halldórs ábóta at Helgafelli, oc conventubrædra í Videy, at þeir hèldu skóla á bádum þeim klaustrum; því var sídan spillt af ágyrni konúngsmanna. Hid fimta var til Sigurdar ábóta í Veri, Brands priórs á Skridu oc Halldóru abbadysar, at þau héldu lestra-skóla á þeim klaustrum; voru þessi skólaköld skipud at forlagi oc rádum Gissurar biskups, oc gódvilia konúngs at öndverdu, enn þess vard ei audid, því at svo er sagt, at þegar hann var á heimleid oc kominn í Hamborg, hafi konángr sendt þángad eptir brèfunum, fyrir því at Jóhann Friis, Cancelleri hafi sagt at ríkid eda krúnann stædist ecki ef öll klaustr gengi undann. Vard á þann hátt, þat sem vera skyldi landinu hinn mesti frami oc hagnadr, at forlagi Gissurar biskups oc vitra manna, at útdrætti einum, oc leiglendínga skyldu undir konúnginn, oc litlum mun þarfara enn fyrri hafdi verid. XVII vikr var Gissr biskup í Kaupmannahöfn, oc hafdi bord hiá Herra Christjáni Þorkèllssyni, þadann fór hann til Raudstocks, oc kom þar þridja sunnudag í Adventu, þadann til Hamborgar, oc var þar til hins VIta dag Aprílis mánadar um vorid eptir, voru med hönum Snorri prestr Hiálmsson, Gísli prestr Jónsson, oc Eggèrt son Hannesar

hyrdstióra. Gísli prestr Jónsson er oc mælt at efnt hafi heit sitt um þessar mundir, at egta Christínu Ejólfsdóttr mókolls, fengid lausn fyrir hana af Christjáni konúungi, oc leifi til at fá hennar; hafi konúngr oc ríkisrád hans ógiörla vitad sakfelli þeirra systkina, þat hún væri krenkt oc þær bádar systr af bródr sínum, heldr at vandalaus mundi hafa verid karlmadrinn. Hyggium vèr at Gísli prestr hafi þá fyrst þessa leitad er prestum var leyft at qvongast, oc Gissr biskup siálfr hafdi keypt konu. Verdr sídann meira gètid Gísla prests oc Christínar. Á jóladaginn gaf Christján konúngr brèf út, er bannadi eptirliggiurum oc útlendum hèr kaupskap, oc laut þad til hinna þísku manna.

Cap. CVIII Frá Gudrúnu Gottskálksdòttr. Tekid Helgafells klaustr.

Eysteinn hinn sterki Brandsson var í þennan tíma kyrkiu-prestr í Skálhollti, oc skorti þá vetr á sextugann; hann komst yfir Gudrúnu Gottskálksdóttr festarkonu Gissurar biskups, medan hann var utann. Enn um vorid er von var á útkomu Gissurar biskups, 1543
fór hún úr Skálhollti upp at Túngu, oc er hann kom út, vildi hún ei fara til fundar vid hann. Jón prestr yngri Einarsson bródir hans, sagdi hönum hvad í hafdi giörst; leid svo hin fyrsta nótt frá því biskup var heimkominn, enn um morguninn bannadi hann Eysteini at messa, því þar var þá messad hvern dag. Gudrún sendi oc Eysteini ord at hafa sig sem skiótast af stadnum, enn hann vildi ecki, oc gèck til máltídar; oc sem hann var setstr at bordum, komu þar inn brædr biskups, Jón prestr med taparexi í hendi, oc Þorlákr med kordakníf, allir voru þeir frændr miklir menn oc knáir sem þeir áttu kyn til. Þorlákr var bædi mikill oc sterkr, svo at hann hafdi vel tveggia megn, oc þó vel gyldra, enn Eysteinn var óvidbúinn oc hlióp upp undir hábordid, oc vafdi kàpunni at höndum sèr oc bar svo af sér högginn, enn knífr Þorláks beit svo at gèck í gègnum allt, oc vard Eysteinn miög sár, þá sá hann at hönum mundi ei duga svobúid, oc hlióp upp yfir bordid, oc framm á gólfid oc beid þeirra, dró út sleddu

mikla er hann hafdi á sèr, oc bar fyrir högginn; Þorlákr sótti fast at, enn Eysteinn rann þá á hann, oc rak hann þegar undir sig, oc setti sledduna fyrir brióst hönum, oc hlióp á ofann af öllu afli, enn hún bognadi í keng, því at Þorlakr var í pansara; Jón prestr hió þá Eystein miög í útlimuna med taparnum, þartil er hann mæddi blódrás, kom þá at Arni briti Olafsson bródir Einars prests í Gördum, oc skildi þá; enn er Eysteinn var kominn framm í dyrnar, vildi hann inn aptr at þeim enn fèck því ei rádid; hann hafdi XIII sár, oc var sídann græddr í Hólum. Þótti mönnum þetta giört Gissuri biskupi oc hinum nya sid til svívirdíngar, oc voru hönum dæmdar af Eysteini tyutígi merkr í fullrètti sitt, eptir fornum kyrkjulögum. Um sumarid ól Gudrún þríbura í Túngu, hlutu skyrn allir oc öndudust sídann. Þá mælti Gissr biskup: þat var hlaup oc hofmannshlaup, oc skal eg þó taka Gudrúnu mína aptr í sátt; enn Oddr Gottskálksson bródir hennar rèdi biskupi frá því fyrir hneigslis sakir, enda vildi hún eigi siálf, seigia sumir valdid hafi stórlyndi hennar, enn adrir blygdan oc ángrsemi; er oc eigi gètid Eysteins þadann af. Þá tók Pètr Einarsson Helgafells klaustr, var þar þá Halldór ábóti, oc brædr, Olafr, Jón oc Gunnar, er mælt þeir hafi naudugir farid, oc óskad berhöfdadir oc berfættir íls þeim er vidtæki. Var ábótanum bodid at kiósa svo margar jardir, sem hann mætti vel fæda prest á, enn hann ann þess illa þeim er vidtæki eptir sig, oc nefndi IV kot. Eru Helgafells jardir, nefndar Stapaumbod, oc Skógarsandar jardir, oc voru þær lèntar Dada Gudmundarsyni til umráda oc afgialda, vóx þá enn vid þat uppgángr hans oc audr, oc segia sumir menn at hann hafi tekid diarflega til sumra hluta er at Helgafelli voru. Dadi hafdi þá syslu fyrir vestann, gèck hann ríkt eptir sektum, því hann hafdi prófastsdæmi, oc efldist miög; enn svo er sagt at Pètr Einarsson hafi haldid Helgafells umbod, þá hann bjó at Arnarstapa.

Cap. CIX Byriad prentverk; mord eystra.

Þá hèldt Jón prestr svenski Matthiasson Breidabólsstad í Vestrhópi, var hann borinn í Svíþiód, hann var skickanlegr madr oc

vel sidadr; hafdi hann fyrstr híngad á land prentsmidju, oc hóf at prenta á Breidabolstad, handbók presta, sunnudaga gudspiöll, oc annad fleira. Var þat nockud at forlagi Jóns biskups. Jón svenski þótti nær ypparstr presta nordanlands i þann tíma; hans son var Jón er prentverks ydn lærdi af hönum, oc prentadi sídann at Núpufelli sem enn mun sagt verda. Þat vor eptir krossmessu, lèt Ari Jónsson biskups XII manna dóm gánga at Einarstödum í Kraklínga hlíd, um ránga tyundargiörd; voru þeir dæmdir til at tvígialda tyund, oc þriggja marka sekt í fyrsta sinni, sem ei giördi tyund nè gyldi af X aurum til V hundrada. Enn Stígr Höskuldsson lèt XII manna dóm gánga vid Vallalaug í Skagafyrdi, um ákiæru Herdísar Helgadóttr til Iclis, þýsks manns, at hann hefdi naudgad henni, hann var förunautr Hans Benicks kaupmans, oc Hans Mejers skipara, oc lidsinnti Jón biskup hönum oc þeim útlendu mönnum, var Iclis dæmdr tylftareydr fyrir verknadinn enn ella frá fè oc fridi, enn líf hans þó til konúngs nádar, oc fyrir því at á hann sönnudust vidburdir, var dæmdr af hönum hinn minnsti fíngr, oc tveir ef hönum fèllist eydr, oc tvöfaldt fullrètti Herdysi; var Stígr þá konúngs umbodsmadr í Skagafyrdi. Þorleifr prestr Biarnarson Þorleifssonar hèt Ragnhildi Jónsdóttr, at halda vid hana medann þau lifdi, enn giöra hiónaband þegar þat giördu fleiri prestar, oc almúginn samþyckti edr yfirmenn bydi svo skyldi vera, enn ella arfleida börninn. Jón Olafsson í Hiardardal lèt XII manna dóm gánga um ómegd, í umbodi Olafs Gudmundarsonar födr síns, er þá hafdi enn syslu í Isafyrdi. Vígfús oc Oddr Helgasynir, af Haga ætt, gáfu qvittun Andrèsi Arasyni at Saurbæ á Raudasandi; þann hygg eg verid hafa launson Ara Andrèssonar. Ormr son Sturlu Þórdarsonar at Stadarfelli, er átti Þorbjörgu dóttr Þorleifs Grímssonar at Mödruvöllum, seldi Ara Jónssyni Hleidargard. Þá arfleiddi oc Biörn prestr son Jóns biskups börn sín, Jón, Magnús, oc Ragnheidi, oc fleiri urdu giörníngar. Þá skèdi mordvíg eystra, drap sù kona er Sesselia Loptsdóttir hèt bónda sinn Steingrím Bödvarsson, oc myrdi hann, oc sá madr med henni er vid hana hafdi haldid; var Erlendi lögmanni Þorvardssyni bodid at gánga eptir því, var fyrir þà sök Steingrímr grafinn upp, oc fannst stíngr á þunnvömbinni, oc var svarid manna verk, sídann var Sesseliu dæmdr tylftareydr eptir líkindum, enn enginn var med henni á bænum þá Steingrímr dó, nema

fylgimadr hennar, fyrir því vildi enginn med henni sverja; var hún þá dæmd rètttæk af valdsmanni, ef eydr fèlli innan ásetts tíma, nema ef hún kæmist á adrahveria dómkyrkiuna, oc hálfir hennar peníngar undir konúng fastir oc lausir, var þar med jördinn Egilsstadir; komst Sesselia á Hólakyrkju. Þá dæmdi Þorbergr Bessason at Spialdhaga í Eyafyrdi med XII mönnum, um mála tilgiöf oc löggiafir Þórunnar á Grund, dóttr Jóns biskups.

CX Cap. Qvonfaung Einarssona.

Þá er Jón biskup spurdi útkomu Gissurar, ritadi hann hönum þackarbrèf vinsamlegt, fyri sínda mann-æru sendimönnum sínum, enn æskti at midlun mætti á komast med þeim um Biarnanes, er hann hefdi keypt af Fridriki konúngi; lètst hann heyrt hafa Gissr biskup vildi fara *visitatiu* ferd til vestfiarda, oc kalladi vel verda at þeir fyndust siálfir, taldi þat ómaksminnst verda meiga í Hrutafyrdi, oc bad hann rita sèr þar um aptr med Olafi Ormssyni er brèfid bar. Gissr biskup var þá kominn á *visitatiu* ferd sína, oc ritadi aptr Jóni biskupi, qvadst hafa fengid brèf hans med Olafi, oc lèt sèr skyldt at halda vináttumál þeirra, enn skilríki fyri Biarnanesi þóttist hann ei hafa svo nær hendi at sinni, at þau mætti fá ádr hann kæmist heimann; qvadst hann mundi svo giört hafa, at hitta Jón biskup í Hrùtafyrdi, ef hann hefdi fyrri vitad, enn nú mætti þat bída hins nærsta alþíngis, ef Jóni biskupi síndist, þá var Jón biskup sextugr at aldri; á ferd þessari trúlofadi Gissr biskup sèr Katrínu, dóttr Hannesar hyrdstióra Eggertssonar oc Gudrúnar Biarnardóttr Gudnasonar, enn at Helgafelli um vetrinn, hinn XIXda Januarii mánadar, gaf hann
1544 Dada bónda Gudmundarsyni stadfestíngar brèf uppá þær qvittanir, sem Ögmundr biskup oc svo siálfr hann, höfdu gèfid Dada fyrri, fyri brot hans vid Gud, biskupana oc heilaga Skálholltskyrkiu, þat framast sem Gissr biskup mætti at lögum, hellst um hans qvennamál, oc barneignir med Ingvildi Arnadóttr eda hverri annari, er hann hefdi þar til mátt verda brotlegr med; enn Dadi hèt herra Gissuri oc dómkyrkiunni trúr oc hollr at vera, í öllu því er hann mætti; eptir þat fór Gissr biskup í Skálhollt, oc

hèldt brúdkaup til Katrínar, enn Gudrún módir hennar Biarnardóttir, oc Gudrún systir hennar, fylgdu henni austr þángad, oc voru þar um vetrinn; enn hinn fiórda sunnudag eptir Páskir, giördist hjónabands skilmáli, í stóru stofunni í Skálhollti, í millum Þorláks Einarssonar, bródr biskups, oc Gudrúnar Hannesdóttr systr Katrinar, med samþycki oc jáyrdi Gudrúnar módr hennar, oc brædra hennar Biarnar oc Biarna; voru hönum talinn L hundrud í frídum peníngum oc frídvyrdtum, enn Gudrúnu önnr L, oc í þeim tilskilinn jördinn Gèstseyri í Dalskyrkjusókn, XI hundrud í silfri oc IX hundrud í frídum oc frídvyrdtum peníngum; tilskildi Gudrùn, at Gissr biskup styrkti Þorlák, oc veitti hönum nockurt *beneficium*, edr annad slíkt; voru forsagnar vottar skilmálans: Brynjulfr prestr Halldórsson í Odda, Simon prestr Jónsson, Jón Biarnarson er syslu hafdi þar eystra, oc enn fleiri; enn þat hyggia menn at Eggert Hannesson hafi þá ei verid á landi hèr. Simon prestr sá er hèr var gétid, son Jóns raudkolls Hedinssonar, var fyrst kyrkjuprestr ì Skálhollti, sídann at Kálfhollti oc í Runa, hans son var Sveinn prófastr í Hollti, fadir meistara Brynjùlfs biskups. Þorlákr Einarsson bió sídann at Nupi í Dyrafyrdi, oc hafdi seinna Isafiardarsyslu; hans son var Gissr at Nùpi, er fyrr átti Ragnheidi Pálsdóttr frá Reikhólum enn Sveinn prestr Simonarson; sídann átti Þorlákr Vigdysi dóttr Þorólfs Ejólfssonar frá Engey, þeirra börn voru Jón, Ingvildr, Gudrún, Margrèt, Gunnhildr.

CXI Cap. Frá Gísla Finnbogasyni.

Gísli hèt prestr oc var Finnbogason; Finnbogi fadir hans ætla eg hellst at verid hafi son Gisla Finnbogasonar hins gamla Jónssonar lángs. Gísli prestr var mikill oc sterkr, hann vo þann mann er Þorarinn hèt, í Bolstadarhlíd, oc var Steindórsson Bergssonar, enn Bergr var frá Dálki Einarssyni, er búid hafdi í Bolstadarhlíd fyrir pláguna fyrri; son Þórarins var Einar, hans synir voru þeir Gudmundr, Jón á Gunnsteinstödum, oc Skúli fadir Þorláks biskups. Jón biskup Arason hèldt prestastefnu at Vídimyri föstudaginn nærsta fyrir Jónsmessu baptistæ, oc rádgadist

þar vid presta, hvad þeim syndist giörandi vid Gísla, sagdi hann hafa audmjúklega, med allri hlídni oc sönnu ydrunar yfirbragdi, gèngid undir þær skriptir sem hönum voru settar; fyrir því var þat bædi rád oc bón prestanna, at Jón biskup mætti af gódgyrni sinni oc biskuplegu valdi, dispensera oc ráda í þessu, svo at Gísli prestr kynni at fá aptr heidr sinn oc messusaung, Gudi til dyrdar, enn siálfum hönum oc hans fátæku fólki oc húsi til hiálpar oc atvinnu; vard biskup því samþyckr, oc veitti Gísla leifi til at fremia allt prestslegt embætti, jafnt oc ádr; gaf hann hönum þar uppá opinberliga hönd sína, oc biskuplega blessan; dóttir þess Gísla prests var Gudrún, vid henni gat Gudbrandr biskup Steinunni, enn hennar fèck Skúli son Einars, Þórarinssonar þess er Gísli prestr vo, Steindórsson, þeirra son var Þorlákr biskup.

CXII Cap. Biarnaness mál oc önnr.

Nú rída menn til alþíngis, oc kom Gíssr biskup ei á þíng, þó ritadi hann þángad, oc taldi forföll; þar dæmdi Erlendr lögmadr Þorvardsson um rèttaryrdi; hann dæmdi oc at Nesi í Selvogi um ordid Þiófsbarn; þá hafdi farid framm sá giörníngr um verid, at Magnús prestr Ejólfsson gaf upp arfs tilkall eptir Þorleif bródr sinn, ef hann arfleiddi syni sína Magnús oc Þorkel. Biskupar lögdu bádir undir giörd sex klerka þrætu þeirra um Biarnanes, voru af Jóns biskups hendi Pètr Pálsson ábóti at Múnkaþverá, Helgi ábóti at þíngeyrum oc Thomas prestr Eyríksson, hann var þá rádsmadr á Hólum; enn af hendi Gissurar biskups Marteinn prestr Einarsson at Stad, hann fylgdi þann tíd stöduglíga framm lardómi Lùthers, Brynjúlfr prestr Halldórsson í Odda, oc Jón prestr Biarnason; var sú ályktan þeirra, at öll bréf oc skilríki beggia biskupanna, skyldu á því ári flytiast framm fyrir konúnginn, oc hans ríkisrád, oc þeir bádir skyldugir at halda þat sem þar yrdi áqvedid; sú ályktan var giör á þíngvelli, oc svo dómsbrèfid, næsta dag eptir Pètursmessu oc Páls, enn Jón biskup beid ecki þess konúngs-úrskurdar, oc reid um haustid austr í Hornafiörd, á laun vid Gissr biskup, oc tók at sèr Biarnanes, oc eignir þær. Sigurdr blindi var á austfiördum; hann qvad þetta vid biskup:

Margt snyst miög fort,
minnst tön herra Jón!
Er því luckann ókyrr
um frón, herra Jón!
vildu kóngar vardhöld,
veik sión herra Jón!
skiljid svo mitt skírt mál,
skal bón, herra Jón!

Enn er Gissr biskup spurdi þetta, ritadi hann Jóni biskupi brèf alvarlegt, oc qvad sig undra miög, er hann hafi þannig giört, fyrri enn konúngs dómr oc ríkis rádsins væri til kominn, eptir því sem giördarmenn upp qvádu, oc þeir höfdu ásáttir ordid; lètst ei mundi sleppa þeim jördum dóm laust, oc tók nú heldr at grynnast á vináttu þeirra. Laugardaginn fyrstann í vetri, lèt Ari Jónsson dóm gánga at Spialdhaga í Eyafyrdi, um hysíngar fátækra manna, voru fremstir dómsmenn: Jón á Svalbardi Magnússon Þorkèllssonar, Einar Brynjúlfsson at Espihóli, Arni í Stéradal Pètrsson Loptssonar, Magnús Brynjúlfsson bródir Einars, þeir dæmdu at hysa skyldi innan-sveitar menn fiórum sinnum á ári, á hveriu bygdu bóli, enn utann-sveitarmenn tvisvar, enn sekir þeir er úthysa fiórum mörkum í dómrof, oc úthysíngar máli; var þá allt flutt eda geck siálft yfir þat er snaudt var. Sunnudaginn eptir seldi Sveinn Þorleifsson Olafi presti Hialltasyni siálfdæmi, fyrir svik er hann hefdi giört í sambúd vid Hallfrídi dóttr hans, enn þau bædi hètu hönum trú. Helga Gudnadóttir gaf Eyríki Torfasyni í Klofa qvittun um penínga skipti fyrir jólinn, voru þá meir enn XL vetra sídann Torfi bóndi hennar dó. I þann tíma krafdi Otti Stígsson höfudsmadr lögmenn báda, Erlend oc Þorleif Pálsson, til at dæma um fiskiskip útlendra kaupmanna, er þeir höfdu móti lögum, enn drógu landsmenn til at eiga hlut í, til hylmíngar, sèr, dæmdu lögmenn at hvad skipa sem útlendir ætti þannig, skyldu falla hálft undir konúng enn hálft undir hyrdstiórann, enn Islendíngar haldi því er þeir eiga; þetta kölludu kaupmenn ójöfnud, oc báru fyrir konúng, enn hann skaut því til landslaga. 1545
Lauk svo þeim málum, at hyrdstjórinn lèt dæma konungi fiskiskip þeirra öll, hálfann fimta tug, enn banna þeim vetrarlegu at mestu; sagt er at Danir hafi haldit skipum þeirra í tvö ár eda þriú.

Cap. CXIII Frá Gissuri biskupi oc ödru.

Jón biskup hafdi mikid jardakaupa brial á Hólakyrkiujördum, seldi hann LXXXIII jardir, voru þær XV hundrud hundrada LIX hundrud, enn tók aptr í móti LXVI jardir, er voru XIV hundrud hundrada LIII hundrud; ætla menn þó at hann muni hafa viljad láta Hólakyrkiu hafa fullt fyrir, ef hann hefdi til endst. Gissr biskup hafdi visíterad Austfiördu um sumarid, því hann ugdi at trúleik austfyrdínga, reid hann vid X eda XII sveina, hrausta menn oc vel vopnada, lèt fióra halda vörd yfir sèr, oc fara ei af hertygium fyrri enn allir hinir heldri prestar á Austfiördum höfdu heitid hönum hollustu oc hlídni; enn hafdi ádr sendt undan sér brèf til þeirra oc allra austfyrdínga, oc bodat visítatiu sína, oc bodid þeim öllum at hitta sig á leid er eigi faung á at taka í móti sér, tilsagt einnin öllum at hafa kyrkju reikninga til reidu. Gissr biskup var skörúngr mikill, enn átti þó miög mótdrægt oc erfidt, svo engin Skálhollts biskup hefir átt framar, nema Isleifr er fyrstr var, oc eingir meiru orkad. Fylgdi Gissr fast aftöku hinna fornu sida, oc fèck af því stóra óvild oc mótþróa, bædi af meiri oc minni háttar mönnum, er eigi vildu láta af fornum hindrvitnum, enn taka betri sid; vildu þeir sídst afleggia lángar latínu þulr er þeir skildu ecki, tídalestra, mariutídir, fóstr áqvednar, vökr oc hríngíngar, er þeir ætludu vera sèr til sáluhiálpar. Kölludu þeir umbreytíngu þessa hina mestu villu, oc þá alla bannsetta villumenn er med fóru, oc slíku framfylgdu, oc lögdu þá sumir hinir gömlu prestarnir af alla messugiörd; fylgdi almúgi allmargr þeirra fótsporum, svo hverugir vildu med nockru móti taka prests þiónustu af hinum lúthersku prestum, IV eda V ár eda lengr. Ei vildu þeir heldr láta læra sonu sína eda vígia til presta, var því hin mesta ekla á prestunum; því biskup fèck fáa er sig vildu þar gèfa til. Sumir höfdu leida á hinum nyu sidunum, enn sumir qvidu vid óvilja oc mótmælum alþídunnar oc árásum stórbocka er hèldu hinn forna sid; fengust nálega engir, nema þeir sem fáa eda enga adstodarmenn áttu; þá tók biskup hellst, oc hveria sem hann fèck oc sá hæfiliga til at síngia oc lesa Guds ord fyrir alþídu; neiddist hann til at vígia slíka, oc fá þeim bækr hagligar,

eda predikanir; urdu þeir margir í fyrstu at hafa þriár eda fleiri; hann vígdi oc til presta sidláta lögréttumenn oc gudhrædda, sem voru Þórdr prestr at Steinsholti í Hreppum, Þorlákr prestr í Hiddal, Gudmundr prestr í Arnarbæli, oc enn fleiri. Gissr biskup tók oc at útleggia ritnínguna á íslendska túngu, var þat sem menn vita med vissu Syraks bók oc ordsqvidir Salómons. Gissr biskup hafdi skriptir miög líkar því er hinir fyrri biskupar höfdu; hann setti Þorláki Arngrímssyni skript, er tvisvar barnadi brædrúugu sína, at gánga ecki í kyrkiu, rída ecki nema í naudsyn, vera í kárínu hvern föstudag oc hafa vatn oc braud, oc hardan mat hvern laugardag; vatnfasta fyri Mariumessu hveria oc lesa saltara, bera ei skófót eda vopn, samlagast ei konu, oc sitia kyrr heima, gánga ecki á samfundi eda dryckiur, taka ecki drottins líkama fyrri enn leift væri, oc slíkt annad. Enn fyrir því at Gissr biskup lagdi af barnafermíngar, chrisma oc vígslr er hinir fyrri biskupar höfdu framid, þá vildu margir ecki greida hönum biskups tyundir edr adrar skyldr; fyrir því nefndi hann *XII* menn í dóm at Reykium á Skeydum, midvikudaginn nærstan eptir þrettánda, um þessar tyundir, ógoldnar um noekr ár af sumum mönnum, sökum þörfnunar þess biskupslegs embættis, sem venjulegt hefir verid at fremia af hinum fyrrum. Dæmdu þeir þat oc úrskurdudu, at Gissr biskup væri löglegr oc fullkominn eignarmadr þessara biskups tyunda, oc at hann ætti fullkomna sök vid þá er þeim hafa rángliga án hans vilia haldid, eptir því sem hann fær sannad. Voru þeir dómsmenn, Brynjúlfr prestr Halldórsson er þá var rádsmadr í Skálhollti, Jón prestr Einarsson kyrkiu prestr þar, bródir biskups, Gudmundr prestr Jónsson, Jón prestr Biarnason, Símon prestr Jónsson, Þorkèll prestr Gudmundarson, Þórdr prestr Olafsson, Höskuldr prestr Kolgrímsson, Jón prestr Pètursson, oc þessir leikmenn, Páll Vígfússon at Hlídarenda, oc Magnúsar tveir Jónssyuir, svarnir lögrèttumenn. Þat var í þann tíma miög diùpt innrætt hiá mönnum, at prestum oc klerkum öllum væri hardlega bannad at qvongast, undir töpun embættis oc andligs frelsis, enn þó þeir hèlldi fridlur, oc stundum hveria eptir adra berlega, oc öfludu barna med, var ei miög umtalad. Lögdu biskupar ad eins á þá nockrar fèsektir oc skriptir vid hvert brot,

oc at lidnum fyrirmæltum útistödu tíma, leifdu þeir þeim at fremja alla prestslega þiónustu; höfdu biskupar opt mikinn fiárplóg med þessum hætti af hinum audugu prestunum; enn Gissr biskup útvegadi í móti slíkum sid bréf Christjáns konúngs, útgèfid á Koldíngshúsi, friádaginn nærstan fyrir *Dominicam oculi*, þar í leifdi konúngr öllum prestum oc klerkum á Islandi at qvongast, oc skyldu þau börn er þeir ætti med eginkonum sínum, vera þeirra löglegir erfingiar. Um vorid, midvikudaginn nærstann eptir krossmessu, lèt Ari Jónsson dóm gánga at Einarstödum í Kraklíngahlíd, um þiófnadar rygti Stígs Jonssonar oc Páls Brandssonar. Ei veit eg víst hvert at er hinn sami dómr sem hann lèt þar XII mann dæma, um XV menn er stórlega voru rygtadir um þiófnad á qviku oc daudu, þó hygg eg þat, oc voru þeir Einar oc Magnús Brynjúlfssynir fyrstir dómsmenn; var þeim dæmdr sjöttar eydr fyri nærstu fardaga, oc er mælt þeir hafi fallid á eydnum allir, oc fengid sumir líftión enn sumir lima, edr adrar refsíngar. Þá var Eggèrt Hannesson syslumadr í Þorskafiardar þíngi; þar fóthinggu brædr tveir, Olafr oc Sigmundr Gunnarssynir, Brynjúlf Jónsson. Sumir mæla at gengi nautadaudi undarlegr á Hömrum, — kunnum vèr eigi þar um lióst eda satt at seigia.

CXIV Cap. Utkoma Otta.

Otti Stígsson hyrdstióri kom út um sumarid med nockr brèf Christjáns konúngs til Jóns biskups, oc afhendi Byrni presti syni hans, þar var i medal annars konúngs úrskurdr um Biarnanes, útgèfinn á Koldíngshúss sloti mánadaginn eptir *dominicam oculi*, qvadst konúngr hafa sèd oc yfirlesid brèf oc dóma, er biskupar höfdu fyrir fiám Teits Þorleifssonar, oc med því at Jón biskup hafi goldid med gódri reidu Fridriki konúngi födr sínum CCC rínsk gyllini fyri þær jardir, þá skuli hann oc hans erfíngiar þeim halda, enn kaupbrèf Ögmundar biskups sè ógyldt um þat fè. Enn fyri því at konúngr fèck sídar at vita, at Jón biskup hefdi fengid fullt af fiám Teits fyrir gyllinin, oc þarmed opt farid í Biarnanes oc tekid þar upp ærid fè, þá veitti hann at níu Biarnanes Brynjúlfi Jónssyni, oc var kallad sem fallid væri undir kon-

ínginn med jördum Ögmundar biskups, enn Brynjúlfr kærdi þá fiárupptektir þær fyrir konúngi, er Jón biskup hefdi giört, svo at biskupi var gèfid þat at sök sídann. Þess gètr Olafr Thòmasson í vìsum þeim er hann orkti um þá fedga:

Pillta-Brynki, oc prestr einn
píndir öfundar strìdi,
þá var Pètr hinn þridji Sveinn,
þessir sigldu um vídi, med ríkann rógin mest.

Þridjudaginn eptir Pétursmessu gaf Gissr biskup ùt á alþíngi, fyrir sig oc sína eptirkomendr, fullkomid qvittunarbréf Dada bónda Gudmundarsyni, fyri fimta barngétnad hans med Ingvildi Arnadóttr, í einföldum hórdómi, oc frændsemis spellum at ödrum oc þridja lid, qvadst hafa leist Dada, oc tekid fulla fésekt fyrir þau bædi, enn bodid prestí sínum Byrni Össurarsyni at leisa Ingvildi, oc setia henni mögulegar skriptir, oc stadfesta med þeim hætti allar hinar fyrri qvittanir Dada. Þá var oc umrædt at prestastefnu þar, um naudsyn þá, at Oddr Gottskálksson, er þá bió at Kleifum í Ölvesi, færi um sumarid til Danmarkar, til at láta prenta þær bækr oc postillr, sem hann hafdi lagt ùt á íslendsku, af ödrum tùngum, til uppfrædíngar alþídu; oc lidsinnis úngum prestum oc líttlærdum; oc þat vard at hann fór utann.

CXV Cap. Tilburdir.

At álidnu sumri um engiaslátt féll skrida mikil í Vatnsdal eina nótt, á þeim bæ er Skídastadir heita, þar urdu XIV menn undir, oc bóndinn, sá hét Sæmundr, oc var vel fiáreigandi; fannst ecki í Skridunni þó leitad væri, annad enn hönd Sæmundar bónda sù hin hægri, oc kèndist af því at silfrbaugur var á. Svo var metid sem sù hönd skyldi fá kyrkjuleg, fyrir ölmusugiafir er hùn var tilhöfd. Völlr hliòp lángt yfirframm á eyrar, oc er nù kallat at Hnausum, þar er nù bygd, oc heiskapr gódr; hafdi vatnshlaup komid ùr hrauninu oc hrundid framm tùni, enn þar vard stöduvatn á sléttlendinu er vatnid nam stadar. Þat er sagt at um vorid fyrir hafi þytr heirst ùr hveriu fialli í annad, frá Reykianesi til Kialarness, oc ætludu menn verid mundi hafa forbodi

sóttar þeirrar er mælt er gengid hafi um haustid, oc framm á vetrinn; oc at í þeirri sótt hafi dáid margt sydra, svo at L. líka kæmi til Gardakyrkiu á Alptanasi.

CXVI Cap. Frá ímsu.

1546. Þessunærst andadist Jón priór Finnbogason lögmanns, er Officialis hafdi verid fyrrum; hans son var Torfi prestr í Saurbæ, er mikil ætt er frákominn. Þá dó einnin Pétr Pálsson ábóti at Þverá er opt er gétid, enn Thómas prestr Eyríksson tók þar vid. Thómas prestr héllt einusinni Mælifell, oc er sagt at á hans dögum hafi þar ordid bardagi nærri gardi. Um sumarid kom ùt Oddr Gottskálsson, med bækr sínar prentadar, oc ritadi Gissr biskup þat til officialis síns á Vestfiördum, at Gud hefdi géfid eyrindi Odds góda framqvæmd; oc hann hefdi ùtkomid med postillr sínar prentadar; þat hyggia menn *Corvini postillu*; sagdi biskup at flestir Prestar mætti ecki vera án þeirra, sem ej hefdi ádr skiallega Sermona edr Predikanir framm at bera, oc med því at Gud géfi slíka hiálp oc styrk til at predika sitt heilaga ord, mætti med engu móti lídast lengr papista þúlr oc æfintyri, er annadhvert væri mótstædileg gudsordi eda eigi à því bygd. Þà var samþyckt giör à alþíngi um ómaga ósvarna; enn Gissr biskup fór um vestfiördu um sumarid, oc lagdi svo til vid Magnús prest Ejólfsson mókolls, at hann fèck stadinn Selàrdal er hann hafdi haldid, Gisla presti Jónssyni, þeim er opt er gètid, oc àtti Christínu systr hans, enn fór siàlfr á jörd sína Haga à Bardaströnd; var þar brèf giört um í Haga nærsta dag fyrir Mariumessu sídari; þà skar Jón biskup úr àgreiníngi, föstudaginn eptir Michialsmessu à milli Olafs prests Hialltasonar, oc Magnúsar bónda Brynjulfssonar, um Laufàskyrkiu ítak í hval à Làtra rekum, oc úrskurdadi þat undir kyrkiuna. Isleifr Sigurdarson tók þà Vadlasyslu, hann gaf Eyvind Magnússon qvittann um sektir til konúngsins fyrir blök eda réttaryrdi vid Svein Jónsson, oc qvad hann svarid hafa fyrir sér at hann hefdi ecki vegid Svein; þat var ritad at Hofi à Höfdaströnd sunnudagin eptir Marteinsmessu.

CXVII Cap. Frá Otta.

Eptir Jón Finnbogason setti Jón biskup yfir Mödruvallaklaustr 1547
Biörn son Gísla Hakonarsonar at Hafgrimstödum, kauplaust, oc var þar þá einginn Prior, stod svo medann Jón biskup lifdi. Fyrir midiann vetr leigdi Christián konúngr valdamönnum Kaupmannahafnar alla tolla oc tekjur af Islandi, gèck þá vid þat hyrdstjórninn frá Otta Stigssyni til Laurusar Múla, er var formadr einn í Kaupmannahöfn. Þó kom Otti Stigsson út um sumarit, því hann gaf handskrift sína Gisturi biskupi á Bessastödum, föstudaginn fyrir Jónsmessu baptistæ, at hann hefdi fèngid af hönum XXX Joachimsdali, fyrir kostnad uppá konúngsbrèf þat er leifdi prestum qvonfaung; hann hafdi II skip, oc CC manna vopnadra, oc kom öllum landsmönnum, úr þremr fiórdungum, þeim er undir Skálholts stipti heyrdu, til at vinna eyda konúngi; eptir þat fór hann alfarinn hèdann. Gissr biskup lèt VI presta dóm gánga þridjudaginn fyrir Pétursmessu oc Páls, um ákæru til Biarna Narfasonar fyrir kyrkiureikníng vestr á Myrum.

CXVIII Cap. Frá Jóni biskupi.

Jón biskup var þess nú vís ordinn, at konúngr hafdi lènt at nyu Brynjulfi Jónssyni Biarnanes; reid þá Jón biskup med fiölmenni frá Hólum nordr í visitatiu sína, oc þadan til austfiarda allt í Biarnanes, tók hann þar undir sig jardir þær er hann þóttist tilkall til eiga, oc þótti austfyrdíngum hann diarftækr um marga hluti, ef ei voru jafnskiótt látnir til, sem hann oc hans menn qvádu á; hvatti hann oc heldr menn til at hafna hinum nyu sidum, enn halda fast vid hina fornu; um þær mundir reid hann oc í Vatnsfiörd vestr, þar hafdi lengi verid deilt um, hvert *beneficium* væri edr bóndaeign, þar til Stephán biskup nádi hönum til fulls undir kyrkjuna, oc veitti Jóni presti Eyríkssyni; Jón biskup hafdi fiölmenni er hann fór þángad, oc vildi vita hvad Skálhollts biskupar hefdi fyrir stadnum, oc hve fastr mundi fyrir liggia ef á væri leitad; enn Jón prestr Eyríksson var ecki varbúinn vid

hönum, hverki at mannafla nè ölfaungum, oc tók vel vid biskupi; enn er hann hafdi umskygnst, oc síndist ei árædilegt, qvad hann þetta þà er þeir sátu at dryckiu:

Vyrdist mèr Vatnsfiördr
vera svo sem sagdr er,
heidarlega húsadr
horfinn um med grænt torf;
Christín hefir byggt best
oc búit þar vel frú,
hann kalla og heppinn
er hlotid fengi slíkt slot;

ecki bryddi hann þar á stórmensku sinni, oc skildu þeir Jón prestr vel. Jón biskup vód ecki uppá presta sína edr adra menn med forbod oc stórsakir edr bannfæríngar, sem giört höfdu forveriar hans Olafr oc Gottskálk, heldr linadi opt oc vægdi til, jafnvel í þúngum sökum, þar sem hann átti ecki siálfr sakir, eda menn voru litils máttar oc leitudu vægdar til hans; enn þeir giördust hönum aptr á móti hlídugir oc handgengnir; enn þeir sem beittu vid hann kappi eda stórmensku, reindu af hönum hina hördustu strídu, sem enn mun heyrast. Þann tíma var Snorri prestr Hiálmsson settr officialis Skálhollts kyrkiu af Gissuri biskupi; hann dæmdi í Lambey, um hiónaband.

CXIX Cap. Gissr biskup strìdir vid hiátrú.

Þá var hèr á landi, oc hafdi lengi verid, oc hellst í Skálhollts biskupsdæmi, hinn mesti átrunadr á helgi Þorláks biskups, bædi med audgum oc snaudum; ef menn kendu nockrs meins eda lidu tión nockud, var þegar heitid á Þorlák biskup, oc til stadar hans (Skálhollts) gaungum eda giöfum, messum eda tídasaungum; ef kyr eda hestr laskadist eda syktiz, var heitid kèrti eda þvílíku til út loga fyri Þorláks skríni, ef því batnadi aptr; þá kú vantadi úr haga, var heitid at gèfa Þorláki biskupi kálfinn ef hún fyndist aptr; þóttust siúkir menn fá fulla heilsu ef þeir máttu striúka lófum um Þorláks skrín, er í voru geimdir forkunnar vel príddir helgir dómar, eda bein hans, í Skálhollts kyrkiu; eda um siálfann líkamann, oc sídan um augu sèr, eda hvar hellst sem þeir

báru á sèr meinsemdir; var Þorláks-messa á sumri, er haldinn var í minníngu beina upptöku Þorláks biskups, oc í lög tekinn sídan, talinn medal hinna stærstu hátída; safnadist þá mikill mannfiöldi úr ímsum hèrudum í Skálhöllt, med stórum átrúnadi oc áheitum; var þá sem mest vid haft í því at bera Þorláks skrín út, oc í kríngum stadinn oc kyrkiugardinn, med mikilli *processione* og helgigaungu, hríngíngum, vaxliósum brennandi, oc kèrtum, oc fleirum slíkum atvikum; biskup oc allr kennilídr hafdi skrídst hinum bestu messuklædum, gèngu þeir á undann, enn allr mannfiöldi á eptir, med saungum oc talnalestrum, oc þótti þat hin mesta vyrdíng at fá at bera skrínid, oc var kallad ad stydia Þorláks hönd; töldu menn sèr þat fulla synda-qvittun at gánga undir skrínid; var þá hin mesta veitsla haldinn í Skálhollti, oc gáfust þángat stór fè; þótti ærinn naudsyn til at Skálhollts biskup væri þá heima, oc fremdi alla biskups þiónustu siálfr; var þat af því haldinn lögskylda, at biskup færi ei at heimann í visitatiu sína fyrri enn Þorláksmessa væri lidinn; þennan sid tók Gissr biskup af, oc setti Þorláks skrín afsídis í kyrkiu, bannadi mönnum slíkar samkomr, átrúnad oc tídahald, oc lèt ei ná til skrínisins, enn lærleggr var til framm á daga Jóns biskups Vídalíns, er sagt var at væri Þorláks biskups. Af þeim sid er nú var talinn, kom sá upp annar med alþídu, hellst á Austr-Sveitum, er kálladr var Smalabúsreid; var því svo háttad at sèrhver smalamadr, karl eda kona, ef svo vel geymdi málnytu á búi, at eckert af henni misti máls framm til Þorláksmessu á sumri, þóttist eiga med siálfskyldu fríun frá allri þiónustu húsbónda síns á Þorláksmessu, oc þar at auki málsnjólk undan bestu kú á búi; giördu þar af osta, grauta eda vellínga, oc ridu sídann, drengir oc stúlkr, um sveitina med smalabú sín, hittust þau hópum saman í ímsum stödum, oc hèldu sèr veitslu, med ímsum ósidum oc íllum látum; þóttist sá rækilegast halda Þorláksmessu, er mest lèck látid; hèldst sá ósidr alla stund á daga Odds biskups Einarsonar. Eigi verdr þat med fám ordum greint, hve mikinn átrúnad menn höfdu í þann tíma á krossinum at Kaldadarnesi í Flóa, sókti þángad múgr oc margmenni, úr öllum sveitum fyrir sunnan land, á krossmessum bádum haust oc vor; var opt fyri því haft mikid ómak, enn stundum vard af manntión, sem þá er Bödvar prestr oc þeir XL samann tyndust af

ofhlödnu skipi, á dögum Stephâns biskups; gáfust þângat stórfé, oc voru giörvar heitgaungr; enn þeir sumir sem voru fyri sunnan Hellisheidi, oc eigi máttu fyrir vanmætti eda forföllum komast lengra enn austr á kamba edr heidarbrún, þá þóttust þeir fá huggun oc heilsubót, ef þeir sáu til Kaldadarness þar er krossinn var. Þetta þótti Gissuri biskupi eigi lìdandi, fyri því reid hann ofann at Kaldadarnesi oc tók ofann krossinn, oc setti afsìdis, enn fyrirbaud alvarlega slík áheit, oc alla dyrdkun; enn þann kross er þar stód sídann, gaf Halldór prestr Jónsson at Stad í Grunnavík, þá hann var rádsmadr í Skálhóllti, at áfysíngu meistara Bryniulfs biskups; enn krossinn er Gissr biskup tók, stód í kórnum til þess er Gisli biskup Jónsson lèt kliúfa hann, oc brenna sídann til ösku, sóktu þó þá hinir gömlu menn eptir spônunum eda öskunni, bundu í knytilskauta, oc báru á sèr.

CXX Cap. Andlát Gissurar biskups.

1548 Gissr biskup tók sótt í þann tíd er hann fór úr Kaldadarnesi, eignudu menn þat því at Gud hefdi hefnt þess á hönum er hann tók ofann krossinn, oc lètu ei af átrùnadi sínum; hann lá lengi um vetrinn, oc andadist á lángaföstu í biskups badstofunni, þar Stephán biskup hafdi andast, fèck hann gott andlát, oc hafdi vit oc mál til hins sídasta; hann klæddist oc sat á biskupsstólnum á medann hann var þiónustadr; oc var jardadr í Skálhollti fyrir framann *studium* edr stúkuna; Gissr var VIII ár biskup í Skálhollti, oc var fertugr at aldri eda lítid meir edr minna er hann deidi; hann var hàr madr vexti oc sterkr, á þann hátt sem födrfrændr hans voru, gladr oc gestrisinn, litilátr oc sídprúdr, hèldt sig vel at mat oc klædum, oc menn sína at vopnum oc tygium; hafdi hann þá opt allmarga med sèr fyrir vareygdarsakir, vard hönum af því kostnadarsamt, oc af utanförum sínum; brædr sína oc frændr hóf hann upp, ef hann sá þá hæfa til; hann var hagr madr oc ydinn, svo þá hann reit ecki, eda las eda ùtlagdi, eda gegndi málum manna, eda gladdi gesti sína eda vini, smídadi hann nockud; hefir Jón prestr Halldórsson, prófastr í Hytardal, er einna mest hefir samandregit um biskupa, sagt svo, at hann

hafi sèd eptir hann trèflöskr tvær, líkar sleggiuflöskum er af glasi eru giörfar, med hálsi oc tinskrùfum, tók tvær merkr hver, oo med stètt at nedann á hveria hlid, mátti þar gánga hánki í gegnum lítill, svo bædi mátti reida þær oc hengia oc setia á bord. Var þat undr hve mikid Gissr biskup hafdi afrekad, oc var mikill mannskadi at hönum frændum hans oc vinum, oc svo öllum landslíd, því at ei vard af yfirgángi Jóns biskups medann Gissr sat uppi, var hann bædi röggsamligr oc hafdi konúngstraust mikid. Þau Katrín Hannesdóttir áttu tvö börn, dóu þau bædi skiótt, oc sögdu menn þau hefdi verid vansköpud; erfdu brædr hans hann, enn Katrín giptist aptr Jóni presti nockrum austr, áttu þó ei börn samann, gaf hùn proventu sína Eggert lögmanni bródr sínum, oc lifdi nær *XXX* vetr eptir Gissr biskup; brædr Gissurar biskups voru Þorlàkr á Nupi er fyrri var gètid; Halldór prestr í Selárdal, hann átti fyrst Margrètu Hannesdóttr systr Katrinar oc Gudrùnar, þeirra son var Biarni prestr í Selárdal, fadir Halldórs prests er gaf upp stadinn vid Pál prófast Biarnarson, oc systkina hans; sídann àtti Halldór prestr Ingu dóttr Jóns prests i Gufudal Þorleifssonar Gudmundarsonar undir Felli Andrèssonar, þeirra börn Teitr prestr í Gufudal, Ingibiörg er átti Asmundr prestr Þormodsson, Margrét oc Halldóra, oc er ætt frá þeim öllum. Jón prestr Einarsson í Reykhollti var hinn þridji bródir Gissurar biskups, hann átti Gudrídi Sigurdardóttr, var þeirra son Bödvar prestr í Reykhollti, þadann er kominn Reykhollts ætt, Arni Einarsson hinn fiórdi, òlst upp med Halldóru abbadys á Kyrkiubæ, oc jók þar ætt sína eystra. Jón prestr Einarsson hinn eldri var laungetinn, hann sat at Stafafelli í Lóni, hans son var Gissr prestr, oc er þadann kyn komid. Oddny Einarsdóttir var systir á Kyrkiubæ. Svo segir Biörn at Skardsá, at Isleifr á Grund hafi dáid VI vetrum fyrri enn Gissr biskup, enn Jón prófastr Halldorsson þrem vetrum, enn rök eru tilleidd at hann hafdi lifat nockru meir enn einum missìrum ádr hèr var komid, hefir því þótt líklegt at hann muni á þessum vetri dáit hafa, oc þeir sem Jón prófastr Halldorsson hefir eptir ritad hafi talid fimm fyrir átta, sem miög fær skéd audveldlega; segir Jón prófastr svo at hann hafi tekid sótt á Skírdág, enn dáid annan dag páska; fèck Þórunn Grund eptir hann tyutygi hundrud, enn

Hof á Höfdaströnd tyutygi hundrud hafdi hùn féngid eptir Rafn; er mælt Isleifr hafi géfid henni hálfa Grund, enn selt hálfa, kærdi til þess helmíngs Ingibjörg systir Isleifs, kona Biarna Torfasonar frá Klofa, formódir Stockseyrar-Biarna oc hennar erfingiar, enn nádu ecki at heldr.

CXXI Cap. Frá Jóni biskupi, oc kosníngu Marteins.

Eptir lát Gissurar biskup stód miög tæpt í landi hér hinn nyi sidrinn; var Jóni biskupi skadi at hans fráfalli eigi sídr enn ödrum, því hann dyrfdist vid þat sèr til óheilla; hvattist hann til at hefia sig upp af áföllum þeim er Lùtherslærdómr hafdi fèngid hid fyrra vorid, eda þeir hann efldu, því at Karl keisari hinn ríki, er hinn fimti var med því nafni, oc eg nefni svo fyrir því at hann hefir ríkastr oc vídlendastr komid á Þískaland, hafdi sigrad í orustu höfdíngiana á Saxlandi oc Hessalandi, er þann lærdóm vördu, oc fángad þá, enn lagt undir lönd þeirra; enn á adra sídu af afla sínum oc ríki oc frændastyrk vildi Jón biskup nyta tækifærid til at eyda villu Lùthers, er hann kalladi, oc halda landinu undir Páfann; bió hann sig þá þegar til at rída sudr med fiölmenni, á bak páskum, oc kom til Kalmanstúngu, oc lysti því þar yfir, at hann ætladi at skipa öllu í Skálhollts umdæmi, oc fór um Borgarfiörd enn prestar þeir hinir Lùthersku í Skálhollts biskupsdæmi, oc nockrir leikmenn er þeim fylgdu, urdu varir hans fyrirætlana, oc vildu víst ecki verda seinni til at bragdi; hèldu þeir þá samkomu í Skálhollti, undir alþíng siálft, margir lærdir oc leikir, oc vildu kiósa biskup yfir sig, enn urdu ei á eitt sáttir, því þeir sem hnigu heldr til hins forna sidar, kusu Sigurd ábóta í Þyckvabæ; þá mælti Gísli prestr Jónsson í Selárdal, at engann vildi hann þann at biskupi hafa, er eigi legdi af mytr oc bagal, þótti mönnum þat spakmæli þeim er þar voru, oc at hætt mundi flestum vid því at snúast aptr á hinn forna sidinn, ef nockr sá væri kosinn er færi at þeim vana er ádr var; kom þeim þat samann at kiósa Martein prest Einarsson at Stad; hann var frómlundadr madr, framadr vel oc audugr, oc settu hann á biskupsstólinn, var hann all-naudugr, enn lèt þó leidast til; var þá giör XII presta dómr í Skálhollti, nærsta dag eptir

Pètursmessu oc Páls, á milli Marteins biskupsefnis, oc þriggia skilgetinna brædra Gissurar biskups, Jóns, Halldórs oc Þorláks, um hrörnan dómkyrkiunnar oc nidrfall, sem ordid hefdi um þau VIII ár er Gissr biskup hèldt stadinn, oc svo þat fé kyrkiunnar, gull oc silfr, sem fargast hafdi um hans tíd; skodudu þeir kyrkiuna vandlega, oc leitst miög hafa hrörnad, af ágángi vatns oc fúa, oc söknudu margra hluta, í gulli, silfri oc ödru er þeir vissu at til var þá hann tók vid; giördu þeir þann sáttmála, at dómkyrkiann skyldi halda öllum ávöxtum þeim er ordid hefdi á qvikum peníngi, nema þat sem þeir brædr höfdu at sèr tekid oc á brott haft, hvert sem væri í föstu eda lausu; enn af þeim peníngum öllum sem þar voru heima á Stadnum, oc Gissr biskup hafdi átt, gulli, silfri, klædum oc vadmálum, smiörum, leiptum, vopnum, tygium, oc ödrum hlutum, skyldi dómkyrkiann eignast tvo hluti, enn þeir brædr þridiúng, oc vera þarmed qvittir, oc ákærulausir, um reikníng dómkyrkiunnar, oc spiöll hennar à dögum Gissurar biskups; hètu þeir at vera kyrkiunni til styrks oc góda, oc biskupsefni þeim, setti electus Skálhollts kyrkiu herra Marteinn innsigli sitt fyrir brèfid, oc svo Giördarmenn; voru þat prestar þessir: Gudmundr Jónsson, Snorri Hiálmsson, Brynjúlfr Halldórsson, Einar Arnason, Magnús Ejólfsson, Gísli Jónsson, Arni Arnórsson í Hytardal, er Marteinn biskups efni skipadi officialem heilagrar Skálhollts kyrkiu medann hann færi utann, Jón Biarnason er hann skipadi rádsmann, Finnr Þorláksson, Kodran Steingrímsson, Snorri Jónsson, oc Höskuldr Steingrímsson. Marteinn biskups-efni skipadi þeim Arna presti til adstodar, medann hann væri á brottu, Pètr Einarsson bródr sinn, oc Dada Gudmundarson mág sinn, fór hann svo utann, oc med hönum Þórdr prestr Marteinsson, vellærdr madr oc veltalandi, oc Þorvardr prestr sem var at Setbergi; vard hann vel reidfara, hitti konúnginn, oc sór hönum trú oc hollustu, oc at hindra oc aftaka páfalegann átrúnad, enn framfylgia tilskipun konúngs. Sigurdr ábóti fór oc utann, oc vildi fá biskups vígslu, þar tók hann hinn nya sid, oc lifdi tvo vetr sídann.

CXXII Cap. Upphaf Þórdar Gudmundarsonar.

Gudmundr hèt madr, hann bió í Þíngnesi, enn ádr at Deildartúngu í Borgarfyrdi; hann seigia sumir verid hafa í ætt vid

Stephán biskup, oc Erlendsson, enn adrir Gíslason, oc at fadir hans væri son Arnbjarnar Salomonssonar, bródir Gísla prests, fódr Jóns prests, fódr Gísla prests í Selárdal; Þórdr hèt son Gudmundar, hann var efnilegr madr, hann ólst upp med födr sínum til þess er hann komst í þiónustu ábótans at Helgafelli, eptir þat mannadist hann vel, oc vard rádsmadr þar, oc nú er hèr var komit, bió hann í Þíngnesi, oc var lögrettumadr; hann fèck Jórunnar dóttr Þórdar prests í Hytardal Einarssonar frá Hofstödum Þórólfssonar, oc Þurídar stóru Einarsdóttr, þeirra börn voru Gísli, Gudmundr, Einar oc Ragnhildr, oc verdr sídann gètid vid. Þau missiri er Marteinn biskups-efni fór utann, hafdi Eggert Hannesson syslu í Þorskafiardar þíngi, hann dæmdi at Mosvöllum í Önundarfyrdi um fóthögg Brynjúlfs Sigurdarsonar, oc vard Olafr Gunnarsson útlægr oc fridlaus, enn Sigmundr bródir hans til konúngs náda. Þeir Einarssynir hétu Katrinu eckin Gissurar biskups fiórdúngs giöf, oc vidbæti í tilgiöf Gissurar biskups; þá giördist Þorbergr son Bessa Hrolfssonar Nicolássonar syslumadr í Vadlaþíngi; hann átti Helgu dóttr Sigurdar Finnbogasonar, systr Isleifs á Grund, þeirra börn voru Sigurdr, Isleifr oc Þorbjörg. Egill á Skardi son Jóns Einarssonar hyggia menn þá hefdi Hunavatns syslu, hann var hèradsríkr oc áseilinn.

CXXIII Cap. Frá Jóni biskupi oc Skálholltsför hans.

Þá var öndud Halldóra dóttir Þorleifs Grímssonar à Mödruvöllum, kona Ara er lögmadr hafdi verid, Jónssonar biskups, hún taldi hann jafnann af stórrædum, svo hann sneyddi hiá fylgi vid födr sinn um hríd; enn Jón biskup þóttist nú mest þurfa fylgi sona sinna oc annara vandamanna, er hann tók fast at eldast; sagdi Ari biskup ætti eigi med hversu framm færi í Skálholllts umdæmi, enn biskup qvadst þó þar um sysla vilia til hollustu vid páfann, oc af hans valdi, lètst hönum hollr vera skyldi til dauda; slík ord oc önnr fóru milli þeirra fedga vid dryckiu at Hólum eitt qveld, oc skyldu þeir í styttíngi; enn um morgunin eptir kom Helga módir Ara til hans þar hann svaf, oc hèldt à qvenn-skauti; hann spurdi hvad þat skyldi? hún qvadst mundi skauta hönum sem dóttr sinni, þar sem hann taldist undann at

fylgia födr sìnum til ròttra màla, med fleirum fríu-ordum. Ari létst fara meiga med hönum fyrir ord hennar, þótt hann vissi þat kostadi líf allra þeirra at lyktum; reid hann sídann nordr at Mödrufelli, þar hann bjó, oc var þùngt í skapi. Jón biskup reid til þíngs um sumarid med fiölmenni miklu, oc kom því til vegar med ríki sìnu at hinir gömlu prestar sunnanlands, er annadhvert höfdu af yfirvarpi einu nidrlagt hinn forna sidinn, edr oc ecki, samþycktu þat med sumum veraldlegum oc alþídunni, at Jón biskup skyldi vera umsiónarmadr oc administrator Skálhollts biskupsdæmis, var hönum þat oc falid á hönd af Sigurdi ábóta, ádr hann fór utann; í þeirri ferd hördu biskupsmenn á nockrum mönnum Dada í Snóksdal, oc rændu fé hans; oc eptir því valdi er Jón biskup þóttist hafa, skipadi hann Officiales oc embættismenn hvervetna, oc giördi ímislega rádstöfun sem fullkominn umbodsmadr, stundadi hann at hindra utanför Marteins biskupsefnis, enn féck ei þar at giört, oc reid vid þat nordr aptr; þat hafdi verid kært fyrir konúngi, bædi af konúngs lénsmanni oc Islendíngum sumum, hid fyrra àrid, at Jón biskup hefdi yfirgàng í frammi haft bædi í Biarnaness reid, oc ödrum stórrædum; var þat borid framm at hann hefdi framit óspektir oc fiárupptektir í Biàrnanesi, oc svo vid Indrida Kètilsson þeir Ari oc Sigurdr prestr synir Jóns biskup, oc fylgdarmenn þeirra, Olafr prestr Hialltason, Högni prestr, Illhugi prestr Gudmundarson, oc Kètill prestr Hallsson, Þorkéll Olafsson, oc Olafr Thomasson, hann var þá úngr sveinn; þótti Petri biskupi Palladio þat hinn mesti skadi er Olafr prestr Hialtason hefdi svo snúist í síd med Jóni biskupi, enn hann giördist þó allr annar sídann er hann vard siàlfràdr; fyrir þessar sakir sendi Christián konúngr þetta sumar brèf sitt, ùtgèfid à Koldíngs-hùss sloti, til Jóns biskups, oc tilsagdi hönum at koma á sinn fund á hinu sama sumri, oc mæla vid sig siálfr, oc afsaka sig frá þeim áburdi er hann var fyrir ordinn; oc svo at hann fordist eigi slíkt, edr óttist um ferd sina, gaf konúngr hönum traust leidibréf at koma til sín friálslega, oc svo hid sama heim at fara; jafnframmi sendi konúngr annad nádarbréf öllum undirsátum sínum á Islandi, andlegum oc veraldlegum, qvadst hann þarí þat heyrt hafa, at Jón biskup fremdi fermíngar, oc adrar óchristilegar athafnir, à móti hreinu Guds ordi oc Evangelio, oc sinni tilskipun, þarmed yfirfalli þiónustumenn sína þar

á landinu, oc giöri þeim ófrid, á móti sínum vilia, segist konúngr nú hafa ritad hönum at koma á sinn fund à því sumri, oc afsaka sig, oc géfid hönum leidisbrèf áleidis oc til baka, enn ef hann væri því óhlídugr, oc kæmi ecki á sinn fund, fyrirbaud konùngr hardlega öllum at veita hönum fylgi oc hiástod à nockurn hátt, enn hver sem reindr yrdi at því, skyldi taka hegníngu, oc fara útlægr af landi; eigi hlíddi Jón biskup þessu bodi konúngs, oc fór hvergi, oc ecki er þess gètid at hann hafi sendt nockra afsökun af sinni hendi, enn giördi heldr þverlega í móti bodi hans; hefir mörgum þótt þat undarlegt, svo vel sem konùngr hafdi farid vid hann einan saman af biskupum, oc svo mikid ofrefli sem vid var at eiga, ef kappi skyldi etja vid svo ríkann konúng, er miklu var meir enn ófært fyrir alla Islendínga, þó eins hugar hefdi verid; ætladi nú Jón biskup at halda almennilega prestastefnu í Skálhollti, oc taka at sèr bædi biskupsdæmid oc stadinn; reid hann fyrir því um sumarid er áleid nordan frá Hólum, oc sudr Kialveg ofann í Biskupstùngr med C menn tygiada eda fleiri; þótti Túngnamönnum ferd þeirra ecki fridsamleg, tóku biskupsmenn hesta nockra fyrir bóndanum í Uthlíd, þordi hann hvergi nærri at koma, oc hèldt sig heima í kyrkjunni, enn sendi konu sína á biskupsfund til at nà aptr hestunum; tókst þà svo illa til at strákar nockrir illgiarnir af fylgdarmönnum biskups tóku hana afsídis, oc naudgudu henni hver at ödrum, svo henni lá vid vitfyrríngu, oc nádi hún ei biskupsfundi; frá því sagdi Andrès Magnússon óskreytinn madr, er heimamadr var þá í Skálhollti, oc sendr hafdi verid at niósna um ferd Jóns biskups, hann var seinna lögrèttumadr, oc bió í Ölvesi; Jón prestr Biarnason rádsmadr í Skálhollti hafdi féngid vitneskiu af ferdum Jóns biskups, oc at hann ætladi at rída á stadinn; hèldt hann niósnum fyrir í öllum áttum, oc frètti af hans ferd er hann kom í bygdina; hann var þá staddr nidri á Hömrum í Grímsnesi, oc giördi þegar ord stadar landsetum, at koma sem skiótast samann í Skálhollti med vopnum oc tygium enn slíkt áttu þá margir bændr í þann tíma; komu þar skiótt samann CCC menn eda fleiri lærdir oc leikir, voru þar oc fyrir Pètr Einarsson oc Dadi Gudmundarson med sveinum sínum adkomandi; Pètr hafdi verid í Danmörku oc Þískalandi þá hann var úngr, hann rédi til þess at giöra skansa oc varnir, eptir því formi sem hann

hafdi sèd erlendis, oc hlada vyrki í kyrkiugardinum fyrir nordan búdina, oc bera þángad byssurnar, oc var svo giört; sudr vid smidiu var einnin til varnar bùist med boga oc byssr oc annann búnad, oc svo lidinu skipt í þriá flocka, matadist C manna í senn, oc tók hvíld eda svefn, eda var bùid til varnar þar sem fyrir var mælt, stód svo i V daga. Jón biskup oc hans menn ridu fyrst heim at nordr-túni, oc tiöldudu á forna stödli, þar komu til móts vid hann, Freysteinn prestr í Stafhollti, oc Eyríkr prestr at Gilsbacka, brædr Grímssynir, þeir voru miklir vinir Jóns biskups, oc svo fleiri sunnan-prestar; enn er biskup sá mann-söfnudinn, oc vörn þá er fyrir var í Skálhollti, sendi hann Eyrík prest med bréf oc bod heim til stadarins, þau, at sunnlendíngar væri allir í banni nema þeir gæfi upp stadinn, oc hèldi allt þat er hann vildi á þá leggia; vid þad espudust sunnlendíngar, oc qvádust ei at eins búnir at veita hönum oc hans mönnum mótstödu, heldr högg, sár oc bana ef þeir vildu at sækja; fór prestr med þeim bodum til biskups aptr; hann sendi þá Freystein prest til þeirra, med hinu sama eyrinde, ef sunnan menn vildu heldr skipast vid hans umrædu, því hann var talinn med hinum fremstu prestum fyrir sunnan land. Jón rádsmadr Biarnason svaradi máli hans; qvadst þess búinn at láta leida hann ofann at hrískèsti oc stríkia af húd alla, fyrir ótrúleik vid hans rèttann yfirmann Skálhollts biskup, þar sem hann fèll frá hönum í sid med óvin hans Jóni biskupi; þótti Freisteini presti fótr sinn fegurstr at hann slapp ómeiddr oc óhrakinn, oc sagdi biskupi at engin væri annar enn at sunnlendíngar ætludu at veria stadinn, oc berjaz ef at þeim væri sókt, qvad þá hafa valid lid oc allskonar vopn oc varnir; þá þagnadi biskup oc setti dreyrraudan, oc engin mælti þá ord; enn er lítil stund leid, mælti hann at allir menn sínir skyldu tygiast, oc gánga heim sem hvatlegast; þeir giördu svo; enn er þeir komu yfir túngardinn, skutu sunnan menn úr vyrkinu oc kyrkiugardinum sem ákafast, svo biskupsmenn hörfudu aptr til tjalda sinna; enn er þeir höfdu verid þar þriá daga, reid Jón biskup med allt sitt lid á braut frá Skálhollti vid svo bùid, oc framdi biskups embætti þár sem hann fór, oc lèt dóma gánga sem hönum sýndist.

CXXIV Cap. Vidbúnadr Jóns biskups.

Þetta sumar hafdi Jón biskup skipti mikil vid Hollendska oc Enska; var hann vanr at rita Páfanum til Hollands, oc þat hyggia menn at hann hafi þá ritad Karli keisara hinum ríka, oc viljad koma landi undir hann ef hann veitti sèr traust, þó sumir beri þat af hönum; enn brèfinn til páfans fóru med Úlfi Hanssyni, oc var þat á þeim, at med því at erkibiskup var þá engin í Nidarósi til at taka vid Róma-skatti, beiddist Jón biskup at meiga vita hversu hann skyldi med fara, oc annad fleira; hin urdu tekinn á Þískalandi vetri sídar, at því er Biörn at Skardsá segir; enn af því at Jón biskup vildi hverki mykia sig fyrir konúnginum nè láta af stórmensku, sá hann at eigi mundi svo búid duga, oc hugdi því at treysta sèr vináttu ríkra höfdíngia í ödrum löndum, enn búa á medann sem best um sig siálfann, med yfirgángi innanlands, enn vörnum heima; tók hann þat rád at efla oc giöra vyrki upp frá kyrkiunni á Hólum, oc kalladi slot, þar lèt hann giöra diúpa gröf í kríngum, oc veita í vatni, færa sídann þángad stycki, byssr oc adrar varnir, oc skyldi vera kastali hans, voru þadann giör leyniganng á lopti, í múrinn oc kyrkiunna, oc önnr út af slotinu, svo komast mátti med leynd af stadnum.

CXXV Cap. Ovingan Jóns biskups oc sona hans vid menn.

Stadarhóll í Saurbæ fór í þann tíma litum, var optast haldinn bónda eign, enn stundum beneficium; er svo sagt at Thómas bóndi Oddsson, bródir Sigurdar í Budardal, enn födrfadir Biarna Oddssonar at Skardi, hafi selt hann Ögmundi biskupi fyrir XXXIV hundrud er hann átti at lúka í kyrkjureikníng, oc þarmed Gilsfiardarmúla med VI kugildum fyrir XXX hundrud, hafi sídann Ögmundr biskup giört Stadarhól beneficium, oc þat haldid sídast Þórdr prestr Olafsson módurfadir Pèturs Ormsonar í Tialdanesi; at hönum fór Biörn prestr son Jóns biskups med fiölmenni; hann hèldt Melstad, oc hafdi prófastsdæmi, enn fylgikona hans var Steinun dóttir Jóns Magnússonar á Svalbardi oc Ragnheidar, Pètrsdóttr Loptssonar, þess er átt hafdi Stadarhól; rak hann Þórd

prest frá Stadarhóli oc setti þar bú sitt, stód þat þar um II ár eda III; hann hafdi þat fyrir sér at Pétr Loptsson hefdi gèfid Steinunni, dóttr sinni tilkall til Stadarhóls; vitum vèr ei giörla hvert þetta var ádr enn hèr var tíma komid, edr þat sumar sem Jón biskup fór í Skàlhollti; enn af þessum tiltektum oc þvílíkum, urdu þeir Jón biskup oc synir hans óþockadir af mörgum, oc komu þadann frá ímsar ákærur fyrir konúnginn. Þorleifr Pálsson lögmadr bió þá at Skardi á Skardströnd, á hönum höfdu þeir Jón biskup oc synir hans hina mestu óvild; ætla menn þat til hafa borid, at hann hafdi verid kosinn til lögmanns í stad Ara, enn sumir segia þat oc hafa tilfallid, at Jón biskup hefdi átt laundóttr er Þurídr hèt, er verid hefdi nunna at stad i Reininesi, enn vildi vera siálfrád, enda hafi Solveig abbadys Rafnsdóttir ei viljad halda hana, hafi hún farid vestr til Þorleifs lögmanns, enn ei kann eg sann á því; eigi nennti Þorleifr at standa í ófridi vid þá fedga, var hann oc vid aldr, oc lèt af lögsögninni; tók þá aptr vid henni Ormr son Sturlu Þórdarsonar, hann lèt gánga XII manna dóm um jarda-kæru mál Biarna Narfasonar til Ögmundar biskups, oc dæmdu þeir þat til alþingis; þann tíma sendi Jón biskup Þorlák prest Hallgrímsson á Stadarbacka med XII menn vestr at Skardi, þó voru þeir XVI alls, oc bad þá handtaka Þorleif oc færa nordr til Hóla; prestr fór meir af yfirvarpi enn til stórræda, oc reid aptr svo búinn, enn Þorleifr hafdi þó ecki karla fyrir; Jóni biskupi þótti ill ferdinn, oc qvad þetta um:

Sendir voru sextàn menn,
sagann er þessi uppi enn;
  ridu þeir heim á ríkann gard,
  rausnar-lítid eyrindid vard,
    höldar segia höfudból þetta heiti Skard.
Einn fór heiman elli-raumr,
augnastyrdr, af gialdi naumr,
  aldrei var í orustu frægr,
  ítum þótti ráda-slægr,
    sagt hefir jafnan sína vild í svörunum hægr.

* * *

Bissr voru á bænum þriár,
brögnum þótti kátligt fár,
karlmadr engin kom þar út sem kvædid gár.

* * *

Oddvitinn var ecki frekr,
engin þeirra giördist sekr,
hægt er þeim sem heilum vagni heim ad ekr.

Þorleifr qvad oc þetta um varnar lid sitt, oc nefndi þar fyrst til konu sína Steinunni Eyríksdóttir; voru þau þó allskialdan saman því þeim samdi lítt:

Steinun heitir stoltar qvendi,
stòra tel eg ecki Þóru,
Biörgin þórs oc bádar Siggr,
bendir vísann tveimr Dísum,
Gunnur fimm eg greini at sönnu,
gèfid er mèr at telia Olöfu,
Þurídi man eg enn Þorlaugu varla,
þagna bad mig píkann Ragna.

Nefnd er þar Þurìdr þó önnr meigi vera enn dóttir Jóns biskups; enn þá hyggium vèr verid hafa hina sönnustu sök vid Þorleif at hann hafdi kosid til lögmanns eptir sig, hid fyrra árid, Dada Gudmundarson frænda sinn; er til efna kom, vildi Dadi ecki undirgánga, enn Jón biskup mikill fiandmadr Dada fyrir ímsar sakir, oc fann sèr til hórdóma hans, er sèr hæfdi at refsa, enn hellst sídann hann var einn lidsmanna foríngi í móti hönum í Skálhollti. Ari giördist óvinr Dada fyrir þá sök, at Ormr lögmadr Sturluson, er átti Þorbiörgu dóttr Þorleifs Grímssonar, systir Halldóru er Ari hafdi átta, hafdi vedsett þeim bádum Saudafell í í Middölum, — Ara oc Dada, því Ormr sagdi engum ney, oc var laus í öllum rádum, fyrir því sóktu þeir fedgar meira á Saudafell enn önnr bú Dada Hafdi oc fleira í milli farid, sem þat er Jón biskup oc menn hans höfdu ádr látid slá menn Dada, oc taka vopn oc fè af, oc VI hesta Dada oc þat er á var, er hann ætladi til þíngskostar sèr, oc var VI vodir vadmáls úr kyrkjunni á Þíngvelli, eptir því sem Dadi lysti siálfr seinna.

CXXVI Cap. Atfarir Jòns biskups vid Dada.

Jón biskup var heima eptir Skálhollts för um hríd, enn um haustid, nær Mikíalsmessu, reid hann oc synir hans bàdir Ari oc Biörn vestr til Dala med fiölmenni, oc heim á þriá garda Dada, Snóksdal, Hvamm oc Saudafell; höfdu þeir þadan slíkt er þeir nádu, brutu upp hús oc spilltu því er þeir máttu eigi med sèr hafa; eigi fundu þeir Dada, enn budu hönum þó at svara til þeirra saka er þeir báru á hann, hræddu konu hans oc heima menn. Stefndi Jón biskup hönum fyrir sig í Hvamms sveit, mánadagenn eptir Michialsmessu, fyrir VII stórmæli, oc útnefndi XII presta dóm úr bádum biskupsdæmunum, enn ei kom Dadi þar. Sú var hin fyrsta sök at Dadi hefdi sett sig í Officialis vald oc prófasts embætti, veitt beneficia oc siálfr haldid, látid gánga dóm um hiónaskilnad oc önnr andleg mál, sem Jóni biskupi, umbodsmanni Skálhóllts biskupsdæmis, heyrdi at giöra oc veita, eptir því valdi sem hann hefdi af páfanum oc kyrkjunnar lögum, einnin samþycki oc útvalníngu hinna eldstu oc ædstu klerka Skálhollts biskupsdæmis, med styrk oc vilia almúgans á alþíngi; þar fyrir var Dadi fallinn í páfans bann, oc allir þeir sem hann hafa hèr til styrkt, oc allir hans dómar oc giörníngar ònytir, nema þeir sem hann hefdi giört med rádi Ögmundar biskups. I annan máta hefdi Dadi vísvitandi giört sitt hiónaband med Gudrùnu Einarsdóttr í opinberum mægdaspellum í þridia oc fiórda lid, oc haft sambùd vid hana í barneignum meir enn um XII ár, fyrir því voru þau bædi dæmd fallin í bann, skyldug at taka lausn oc skriptir, oc sek X mörkum hvert um sig, hálft konùngi enn hálft biskupi til hánda, enn hvert þeirra sem med tylftareydi fær synjad at vitad hafi meininn þá hiùskapinn bundu, þá falli þar nidr fèsektinn. Þat var í þridiu grein at Dadi væri opinber at mörgum barneignum med Ingvildi Arnadóttr hálfsystrúngu sinni í hórdómi, oc hefdi bædi verid ámyntr oc lofad at skilia vid þá konu oc sömu synd, enn sè þremsinnum oc þó optar ordinn heitrofi oc skriptrofi; fyri þat var hann dæmdr útlægr, skyldr at skilia vid þá konu, oc taka lausn af biskupi siálfum. I fiórda lagi þar sem Dadi var hermanna flocks foríngi í kyrkjugardinum í Skálhollti, oc hindradi þarmed biskupinn oc hans kènnimenn, frá at giöra á almennilegri prestastefnu Guds

embætti í kyrkiunni, vígia hana, börn at ferma, bannsmenn at leysa, christinn líd at leidrétta, oc adra biskups þiónustu at fremja, svo at Skálhollts kyrkia væri fyrir þá sök enn saurug; þarfyrir var Dadi dæmdr fallinn í páfans bann, skyldugr at taka lausn oc skript á þeim tíma oc stad sem Jón biskup tilsetr; allt hans fè fallid undir konúng oc kyrkiunnar vald, oc konúngr oc biskup meiga þat at sèr taka, enn Dadi siálfr sè rètt-tækr undir kyrkiunnar skriptir, ef þat verdr giört mannslagalaust, utann hann verdi fyrri gripinn af konúngsvaldinu, undir dóm oc refsíngu leikmanna. Í fimta lagi hefdi Dadi þrifid brèf med hendi oc innsigli Jóns biskups, úr höndum Ólafs prests Semíngssonar í kyrkiugardinum í Hvammi, oc rifid í marga hluti svo þat mátti ei lesast, enn þad brèf tilheirdi páfans valdi, oc ætladi biskup at innsenda þat til Rómakyrkiu; hèr fyrir var hann dæmdr í útlegdarmál fallinn, oc allt hans fè hálft undir konúng enn hálft undir kyrkiuna, oc hann engra brèfa niótandi verda meiga nema þeirra sem konúngr oc hans ríkisráđ finna falslaus vera. Í siötta máta kiærdi Jón biskup þat til Dada, at hann hefdi ránglega II hundrud hundrada, eda meira, sem tilheyrdi Skálhollts kyrkiu, var dæmt at þat skyldi skodast á almennilegri presta stefnu Skálhollts biskupsdæmis hinni næstu, fyrir dómi Jóns biskups, enn um jördina Hvamm í Hvamms-sveit, oc þær jardir sem Jón biskup kærdi at Dadi hefdi undir sig dregid, kom framm prestadómr Skálhollts biskupsdæmis, at Jón biskup skyldi halda Hvammi til laga; var nú sá dómr dæmdr myndugr í öllum greinum; enn adrar jardir sem biskup kærdi at Dadi hefdi undir sig dregid, þá var dæmt at þær skyldi sækiast af Jóni biskupi eda löglegum umbodsmanni Skálhollts kyrkiu, í þeim þíngsóknum er þær jardir liggia. Hid siöunda kærdi biskup til Dada, at hann hefdi haldid jördu sinni Skarfstödum med IX málnytu kúgildum um IX ár eda lengr, í óleifi sínu, var þat dæmt at Dadi skyldi sína lagakaup fyrir þeirri jördu, eda vinna siöttar eyd at því at hann hugdi sèr hana heimila verid hafa; ella gialda biskupi jörd oc kúgildi aptr med landskuld oc laga ávöxtum oc LX merkr í fullrètti hans. Þat frambar Dadi sídar, at þeir fedgar Jón biskup oc Ari hefdi í ferd þessari brotid upp þriú hùs í Hvammi, tekid mat oc annad úr, enn spillt sumu, oc er á þat vikid ádr. Ur hrískèstinum, þar menn hans vildu hyrda ímsa hluti, hafi þeir

tekid til XII hundrada, oc margt annad; sídann hafi Jón biskup bodid at leggia eld í hann oc brenna, oc mundi þat framm hafa farid, ef gódir menn hefdi eigi lagt til ord sín.

CXXII Cap. Dómar Orms lögmanns.

Þessi tìdindi, oc svo dóminn, ritadi Dadi til Christjáns skrifara, umbodsmanns hyrdstiórans Laurusar Múla, því at hann var þá eigi í landi, oc bad hann koma sèr til verndar siálfann, eda fá þat af Erlendi lögmanni Þorvardssyni, oc hinum vitrustu lögrèttumönnum oc höfdíngium, at ónyta slìka dóma, enn at þridia kosti senda sèr þó verndarbrèf; Christján svaradi því, at eigi var þörf á hans ferd, enn Ormr lögmadr Sturluson ætti þat at annast at skipa lög í lögdæmi sínu medal manna; þá beiddist Dadi þíngs oc laga af Ormi lögmanni sèr til varnar, oc var útnefndr dómr í Hvammi föstudaginn eptir Marteinsmessu um haustid; þar framlagdi Dadi fyrst brèf Christjáns konúngs þridia, útgèfid af hönnm á jóladaginn, fyrir VI árum sídann, med því tók konúngrinn Dada, konu hans, börn oc sveina, góds oc garda, undir nàd oc vernd sína, oc bannadi öllum lærdum oc leikum at ónáda hann, edr sína ójölnud í nockru. Þvínærst brèf Ögmundar biskups, giört med rádi oc samþycki Gissurar biskups, med beggia þeirra innsiglum; stód þar í at þeir veittu hönum Hvamm á medann hann lifdi med öllum hans eignum, föstum oc lausum, er fylgt hafa at fornu oc nyu, oc fylgia eigu med rèttu; þar eptir qvittuna brèf biskupa beggia, Ögmundar oc Gissurar, kyrkjunnar vegna, uppí brot hans; eptir þeim brèfum dæmdi Ormr lögmadr Dada meiga rèttiliga halda alla sína peninga, med fridi oc frelsi fyri hverium manni, hann oc hans menn fridhelga er slíka hluti veria, enn hina ógylda er eptirsækia, oc þar med seka at lögum; enn fyrir sín fyrstu brot tvö med Ingvildi, hafdi Dadi ádr tekid lausn af Olafi prófasti Gudmundarsyni í Hiardarholti, umbodsmanni biskups, oc Einari presti Snorrasyni á Stad Officiali; hina þridju qvittun sem hèr segir, af Ögmundi biskupi; oc hina fiórdu oc fimtu af Gissuri biskupi. Voru í þessum dómi med Ormi lögmanni, Sigurdr Oddsson í Búdardal bródir Thómasar, Biarni Sum-

arlidason á Fellsenda oc fiórir adrir. Þann dóm stadfesti Ormr
1549 lögmadr sídar at nyu, fimtudaginn fyrir Geisladag nærst eptir, heima í Snóksdal, med brèfi, oc bannadi öllum at veita Dada nockra áreitíngu til nærsta alþíngis, enn skyldadi alla konúngs eydsvara til at styrkia hann. Slíka dóma bar Dadi á móti Hvammsdómi Jóns biskups, oc stód fast á því at Jón biskup hefdi eckert vald yfir sèr, eda mætti leggia á sig fèsektir.. Galdt hann því hverki, nè fór á hans fund at taka lausn eda skriptir.

CXXVIII Cap. Jòn biskup sendir til Skálhollts.

Jón biskup hafdi þat spurt at Jón prestr Biarnason, rádsmadr í Skálhollti, hefdi orkt hádvísr um veru hans á forna stödli um sumarid, oc kalladi hann af því stödla-skáld; sendi hann eptir Jól tvo menn at nordann, med brèf sín austr til klaustranna, oc til Ejólfs í Dal mágs síns, oc svo fleiri þeirra hinna eldri presta oc vina sinna, tóku sendimenn at hans forlagi, Eyrík prest Grímsson at Gilsbacka, sèr at foríngia; þeir fóru leimiliga sudr Tvídægru, oc svo austr yfir fiöll, oc komu hvergi til bæa, svo at nockr niósn færi fyrir þeim, fyrr enn í Hrossahaga fyrir ofan Skálhollt, þar ádu þeir hestum sínum, oc giördu rád fyrir at gista um nóttina í Brædratúngu, at Kàtrínar húsfreiu Torfadóttr frá Klofa; enn er þeir voru ridnir, fór bóndinn frá Hrosshaga ofann í Skálhollt, oc sagdi frá ferdum þeirra; Jón prestr Biarnarson rádsmadr. var þá nidri í fialli er hann fèck bodinn, oc kom heim þegar um nóttina, oc sendi, er dagadi, VII menn karska í veg fyrir biskupsmenn, þeir bidu sendimannanna upp hiá Selium, var fundr þeirra þar á ísunum, oc vildu hinir nordlendsku ei verjast, enn Eyríkr prestr hafdi gódann hest vel vakrann; elltu þeir hann lengi, oc vard miög mikid fyrir at ná hönum, svo menn hugdu þá eigi mundi feingid hafa fàug á hönum, ef hann hefdi ridid beint sem horfdi; um sídir nádu þeir hönum, oc höfdu hann oc fylgdarmenn hans heim í Skálhollt, lèt Jón prestr fletta hann klædum, oc fundust brèfinn í barmi hans, hèldu þau öll eitt at Jón biskup bad láta ná stödlaskáldinu, oc senda sèr nordr. Jón prestr spurdi Eyrík prest

hvert hann hefdi eigi svarist undir Skálhollts biskup enn ecki Hóla, oc qvad maklegt hann væri híddr; fóru sendimenn þessir vid þat tilbaka, oc þótti þeirra för all-ill.

CXXIX Cap. Bannfærdr Dadi.

Jón biskup forbodadi Dada þennan vetr, oc bannfærdi hann sídann, oc sendi presta sína út oc marga menn adra, bædi vestr í Dali, oc vídar um Skálhollts biskupsdæmi, til at lesa yfir hönum ef þeir mætti oc hans mönnum þau forbod oc bannsbrèf, oc giöra sem flestum kunnug; Arni prestr Arnorsson í Hytardal Officialis, var brædrúngr vid Dada, oc var med þeim gód frændsemi oc samheldi í móti fyrirtektum Jóns biskups í Skálhollts biskupsdæmi; hann var farinn á kynnisför um vetrinn í Snóksdal, oc er hann oc Dadi sátu samann, oc mæltust vid, kom at Dada higsti hardr, svo hann undradi, oc ætladi mundi slíta önd af sèr; hann mælti: nú em eg þar at ordi sem eg er þó ei at bordi; Arni prestr var haldinn margvís; hann mælti: satt vil eg ydr segia; þèr erud nú á ordi nordr á Hólum, oc er Jón biskup nú at bannsíngia ydr; Dadi mælti; þèr skulud eiga hiá mèr V hundrud, ef þèr siáid svo vid at bannsaungr sá hríni ecki á mèr; þat vinn ec ei fyrir nockra penínga at setja mig svo í ved, segir prestr, enn fyrir frændsemis sakir, oc vináttu þeirra, oc innilegrar bænar Dada, qvadst hann vilia giöra þat hann mætti, enn þó gruni sig at bagi nockr muni á eptir koma; sídann gèngu þeir bádir til kyrkiu; læsti Arni prestr Dada þar inni, enn var siálfr úti lengi þar til er hann lauk upp aptr kyrkiunni, kalladi á Dada oc mælti: þar megid þèr siá Dadi bóndi! hvad ydr var ætlad; Dadi sá þar trippi vetrgamallt er hann átti, þat hlióp upp eda nidr med á eda læk er þar var, sem ært væri, enn stack sèr at lyktum ofann í pitt oc drapst. Dadi þackadi Arna presti, oc launadi; enn Jóni biskupi gramdist vid Arna prest er hann spurdi þetta, oc hugdi at launa þó seinna yrdi; hafdi Arni slíkt at sök, oc þat er hann fylgdi hinum nya síd, til þess at hann þoldi þær hrakníngar er sídar segir, af Joni biskupi oc sonum hans; þessi er sögn Jóns prests Egilssonar, er hann hefir þó af ödrum numid,

oc þeirra er hönum fylgia; mótmælum vér ecki því at Dadi oc Arni prestr, hafi haft geig af banni Jóns biskups, mest fyrir þá sök at Dadi vissi brot á höndum sèr med sèr siálfum, þótt hann væri qvittr at lögum, enn öld sú festi trúnad á mörg hindrvitni, oc Dadi siálfr ei laus vid Páfatrúna; enn bædi vitu menn at bannid var ómerkilegt í siálfu sèr, oc jafnóvitrlegt at fiölkyngi fèngi afstyrt því, oc vitrir menn jafnvel í þá daga hræddust þat aldrei annars vegna enn fiärupptekta, oc annara veraldlegra ókosta er því fylgdu, enda kom þat aldrei nockrum sagnamanni í hug at segia frá því at nockru sinni hafi bannid ært eda deidt skyndilega nockurn þann er bannfærdr var; er oc þá því einfaldlegra at ætla þat hafi komid nidr á trippinu, oc þó rætst á Dada siálfum eptir fráfall Arna prests, sem Jón prestr Egilsson ætlar; vitu menn engin dæmi til slíks, oc eigi skrásett af Páfamönnum siálfum, þó réttr biskup hafi banni líst, enda er þat eigi skynsamlegt at ætla; enn þá er engu líkara at bann þetta hafi þvílíku orkat þar fyrir at Jón biskup var eigi formadr Dada, oc átti vid hann engar sakir, enn Dadi miklu meiri vid þá fedga, oc er undarlegt ef Jón prestr Egilsson hefir trúad slíku.

CXXX Cap. Jón biskup reid sudr.

Um vorid eptir Páskir spurdi Dadi, at Jón biskup ætlar af rída med fiölmenni vestr í Dali, oc sækia hann heim, oc flytia nordr til Hóla, undir tilhlídilegar skriptir eptir Hamms dómi; safnadi Dadi þá mönnum, oc hèldt heima í Snoksdal, voru þar jafnan frá Páskum, oc framm yfir fardaga LX menn, enn stundum LXXX eda fleiri, röskvir oc tygiadir, á hans kostnad. Jón biskup reid vestr sem hann hafdi ætlad, enn er hann var á leid kominn, spurdi hann at Dadi hafdi vidrbúnad, oc vildi ei hætta á heimsókn vid hann; sneri þá sudr til Borgarfiardar, oc reid heim á Signyarstadi, jörd Dada í Reykhollts-Reykjadal; þar markadi hann sèr IX málnytu kúgildi, enn lysti sinni eign á öllum þeim peníngum er þar stódu samann, hvert sem Dadi átti edr adrir menn, þadan reid Jón biskup, oc hans menn nordr aptr; hyggia sumir menn hann þareptir ridid hafa í Biarnanes ì þridja sinni, oc giört þar fiár upptektir, enn adrir ætla hann ei nema tveim sinnum þangad farid hafa.

CXXXI Cap. Vígdr Marteinn biskup; konúngsbréf.

Nù er at segia frá Marteini Einarssyni, at medan þessu fór framm, var hann vígdr til biskups í Kaupmannahöfn, af Doctor Petri Palladio, oc sem hann hafdi unnid eyd konúnginum, taldi hann fyrir hönum í hverium vanda prestar oc adrir menn á Islandi voru staddir, þeir er hans vilia vildu giöra; gaf þá konúngr þeim öllum ágætt verndarbrèf, oc varnadi þeirra, þar med voru þá send út híngad fleiri brèf Christiáns konúngs, var eitt útgèfid á Koldíngshuss sloti mánadaginn eptir Scolasticæ virginis, þar í giördi konúngr Jón biskup fridlausann oc rèttækann fyrir yfirgáng, oc óhlídni vid sig, enn annad var til Dada Gudmundarsonar, útgèfid á Vebiargasloti, at hann skyldi handtaka Jón biskup oc sonu hans med styrk vina sinna, svo konúngr þyrfti ei at senda her til landsins; vid þat dyrfdist Dadi til at veita þeim fedgum mótstödu, enn Jón biskup treistist þá ei til at rída til þíngs um sumarid. Þann tíma skèdi dómr Þórbergs Bessasonar syslumanns í Eyafyrdi, um málagiöf Þórunnar á Grund, eptir Isleif, á Hallvardsmessu; oc annar um tyundar giöf, á Spialdhaga. Konúngr gaf þá Þórláki Einarssyni, oc Katrínu Hannesdóttr eckju Gissurar biskups, verndarbrèf; oc Biörn prestr biskups son giördi fèskipti milli barna sinna hinna arfleiddu, Jóns, Magnúsar oc Ragnheidar, enn gaf löggiafir Teiti oc Biarna er ei voru arfleiddir, oc fleiri urdu giörníngar.

CXXXII Cap. Frá Marteini biskupi.

Marteinn biskup kom út um sumarid undir Alþíng, spurdi hann þá giörla allar athafnir Jóns biskups í Skálhollts biskupsdæmi, oc árásir hans vid vini sína oc vandamenn; hugdi oc Jón biskup at útvega Byrni syni sínum þat biskupsdæmi; þá stefndi Marteinn biskup prestastefnu fiölmenna á Þíngvelli, oc auglysti þar embættis brèf sitt, hafdi hann oc vitnisburdi ágæta, frá Pètri biskupi Palladio; nefndi hann XXIV presta í dóm, er voru þessir: Jón prestr Biarnason rádsmadr, Arni prestr Arnorsson í Hytardal Officialis, Einar prestr Arnason í Vallanesi, Bryniùlfr prestr Hall-

dórsson í Odda, Oddr prestr Halldórsson í Gaulveriabæ, Snorri prestr Hiálmsson í Hollti, Gudmundr prestr Jónsson, Gisli prestr Jónsson í Selárdal, Olafr prestr Sveinsson, Snorri prestr Jónsson, Loptr prestr Narfason er sídar var í Gördum oc Hytárdal, Jón prestr Halldórsson, Simon prestr Jónsson í Kálfhollti, Jón prestr Einarsson bródir Gissurar biskups, Finnr prestr Þórláksson, Biörn prestr Olafsson í Runa, Jón prestr Þórleifsson í Hiardarhollti, Olafr prestr Kolbeinsson í Saurbæ, Einar prestr Olafsson í Gördum, Þórdr prestr Pàlsson, Stephán prestr Hallkellsson í Laugardælum, Þórdr prestr annar Pálsson, Greipr prestr Jónsson; voru þeir beiddir úr at skèra hve gylda skyldu dómar oc giörníngar Jóns Hólabiskups í Skálhollts stipti, í umreidum hans oc adtektum á kyrkiunnar peníngum, valdsmanna skipun, bannfæríngum, forbodum oc ödru slíku; dæmdu prestar þessir med fullu dóms atqvædi, alla dóma, brèf oc giörnínga Jóns biskups í Skàlhollts umdæmi, ónyta oc at engu haldandi, fyrr oc sídar, fyrir utann þat sem hann hefdi mátt vera löglega til bodinn (qvaddr) af rèttum Skálhollts kyrkiu umbodsmanni; enn til þessa dyrfdu Martein biskup konúngsbréf þau er ádr er gétid, oc svo huggunarbrèf er biskupinn Petr Palladius skrifadi prestum þeim er Guds ordi vildu frammfylgia, oc gódum sidum, oc vera konúnginum trúir.

CXXXIII Cap. Jòn biskup fær Páfabrèf.

Nù sá Jón biskup at eigi mundi duga svo bùid; hann fèck þùnga óvild til Marteins biskups, bædi fyrir sakir hins nya sidar, oc hellst fyrir þat er hann hafdi utann farid eptir biskups vígslu, enn aptrad þar med kosníngu Biarnar prests, oc þar at auki látid ónyta dóma oc giördir Jóns biskups í Skàlhollts biskupsdæmi; oc þessar sakir er hönum var eigi hægt hiá at sneyda, færdu biskupssynir hönum til, enn þat aldreigi er sumir hafa sagt, at hann hafi hlífst vid at straffa Dada, því þar til hafdi hann hverki vald, fyri þeim qvittunum er Dadi hafdi ádr tèkid, ei hèldr tómstund, sem enn mun greint verda, oc ei gáfu þeir frændr Marteini biskupi þat at sök; Marteinn biskup fór af Þíngvelli í Skálhollt, oc skipadi imsum hlutum sem þurfti, þar oc í syslu

sinni sídann, hvar sem hann fór því næst yfir; þá fór hann til Stadar á Ölduhrygg, oc settist þar at búi sínu, var hann alls ugglaus, oc treysti konúngsbréfum þeim er hann hafdi, oc hylli gódra manna; Jón biskup dyrfdist í annan stad vid brèf eitt, er hann fèck frá Páli páfa hinum þridia med því nafni, útgèfit IXda Martii mánadar um vorid; var þat svar uppá hitt er hann hafdi rítid hid fyrra sumarid, oc hafdi komid út med Ulfi oc Lodvik Hamborgar kaupmönnum; sagdi Páfin svo at hann þackadi hönum allann trúnad, oc hèt hönum sínu trausti oc vináttu, bad hann skipta Pèturs penîngi med fátækum mönnum; enn hin brèfinn er sagt er hann hafi ritad Karli keisara, oc â hafi stadid at hann vildi af ást til fóstrlands síns oc eptîrkomenda, koma landinu undan yfirgángi oc ágyrni Dana, oc undir keisarann, kalla menn at tekinn hafi verid á þískalandi; enn þó vinir Jóns biskups hafi borid þetta af hönum, þá hefir hann at vìsu ætlad sèr til nockrs öflugs trausts, svo mikid sem hann tókst á hendr; þó þat væri ecki vænlega rádid, því at Karl keisari hafdi heldr margt at annast til þess at hann fèngi ordid jafnskiótr at géfa sig vid Islendíngum sem Christián konúngr. Þar er Jón biskup fèck páfabrèfid, stefndi hann prestum sínum saman í Hólakyrkiu, oc bióst hinum besta biskups skrúda, setti upp mytr oc tók bagal í hönd, géck fyrir hí-alltari, oc hóf hendr oc augu til himins, lèt sídann lesa brèfid fyrir klerkunum öllum, er þar stódu umhverfis hann, sem best skryddir, oc er þeim lestri var lokid, oc klerkarnir höfdu gladt sig med hönum, yfir þeirri vyrdíngu er hönum var veitt, giördi hann þackir Gudi oc Pàfanum, oc hèt at láta fyrri lífid enn trúnad sinn vid Páfann; lèt sídan skrifa út brèfid, oc votta bera um at rètt væri ritad eptir, oc senda hvervetna til vina sinna, enn snúa á íslendska túngu fyrir almúgann, byrta sídann hvar sem samfundir voru; hann lèt lítid á bera um sumarid, hvad hann hafdi í hyggiu, enn er haustadi, fór hann til Húnavatns syslu at visitera, oc var þat sídst grunad, enn þadann er skèmst sudr í landit; oc med því at vída skiptist folkid í sveitir, svo at nockrir heldu med hinum nya sidnum um sumt, giördi hann sèr þat at eyrindi til prestafundar, er hann stefndi at Þíngeyra klaustri, þó ei miög margmennan, svo sídr skyldi grunad verda; lèt hann dæma um villumenn, er af leggia olean, vígslr oc bannfæríngar, oc vanrækia slíka hluti, enn útbreida villr oc nyungar, hvad vid

þá skuli giöra; enn svo lèt hann hagi orda tiltækium, at ei mátti skilia hveria hann meinti hèllst; þótti hönum þat varlegra at hafa dóm fyrir sèr, um þat stórrædi er hann hafdi í hyggiu; var á þvedid sem hann vildi, at slíkir allir væri rètt ækir, oc hafdir í höptum, þartil er tèkid hefdi fulla ydran; enn hann sambyckti siálfr, oc Biörn prestr sonr hans, er prófastr var þar í syslunni, oc officialis.

CXXXIV Cap. Tekinn Marteinn biskup oc Arni prestr.

I þessari ferd fèck Jón biskup þann qvitt af niósnar-mönnum sinum, at Marteinn biskup var farinn at visitera í Þórness þingi, sendi hann þá sonu sína Biörn prest oc Ara med hundrad menn tygiada, at handtaka Martein biskup, Dada í Snóksdal, Arna prest Arnórsson, oc fleiri menn fyrir sunnan land er þeir fedgar höfdu óvild á, oc færa nordr til Hóla; um þá sendiför qvad hann þetta:

Bóndi nockr bar sig ad, biskups veldi styra
því dyra;
enn hönum fór illa þad,
öllu var hönum betra á Stad, heima at hyra
Bóndi einn Skálhollts bar sig at biskupsstolnum styra
þeim dyra;
villu marga oc vantrú baud,
vox hönum af því sárleg naud, sem skáldinn skyra.
Skyrnar oleum skipar hann af, oa skaparans módr at bidja,
þat þridja,
vatnit bannar vígt at sè
verdr því at spotti oc spè hans aumlig ydia.
Stendr á móti stafkarl einn, styrdr í öllum hætti
oc mætti;
sendi hann sína sonu tvo
at sækia hann, oc fánga svo, nema bóndinn bætti.

Þeir brædr ridu nordan fiöll hit beinasta oc hradasta, oc vissi enginn um ferd þeirra, fyrri enn þeir komu í Hytardal; lètu eigi

fridsamlega, leitudu at Arna presti, enn hann var ei heima; fengu þeir þá niósn af ferdum hans, enn hann enga af þeim, oc komu þeir at hönum á Stackhamarsfiörum, hafdi hann ridid frá Stad, oc var nískiliun vid Martein biskup; þar tóku þeir hann í tialdi sínu, nakinn eda fáklæddann, oc lèku hann hardt; er mælt þeir hafi reidt hann um þvert bak, sem torfu ár flagi, med mörgu spotti, því hann var þeim baldinn, oc óvæginn í ordum, blétadi þeim oc hardmælti. Þadan ridu þéir til Stadar med flockinn, oc var Marteinn biskup óbúinn at öllu vid slíku ofrefli. Sveinar hans oc heimamenn tóku miöltunnr, kistr, oc hvad sem fá mátti, oc báru fyrir bæar hurdu til at veria þeim inngaungu, enn þat vann ecki, móti afla þeirra brædra; giördu þeir þar Martein biskup handtekinn, oc höfdu í vardhaldi sterku; tók Ari af hönum silfrbúna knífa; biskup sagdi hann skyldi nióta þeirra manna best, qvadst enginn óþocki heita vilja fyrir þá; þeir biuggu þar búi biskups, oc hèldu sig ríkmannliga, oc tóku þeim ósparlega er á þeirra fund komu. Þeir höfdu niósn af Dada, at hann mundi vestr í Rifi, oc ei fiölmennr, hugdu þá at grípa hann sem saud í qví, oc fóru þángat sem skiótast; vard Dadi nauduglega staddr, enn fèck þó nockrn pata af för þeirra, hann reid brúnum hesti er Markùsar-brúnn var kalladr, allra hesta bestum, þat var lífhestr hans, oc höfdu þeir hans ei; var þá sagt: þar var Dadi enn á brún sínum. Biskups synir snèru aptr at Stad, oc slóu upp veitslu; oc er þeir sátu at dryckiu oc giördust ölvadir, ræddu Nordlendíngar margt um fyrirætlan sína, oc spurdu at hvad frèttist til Dada, oc hvad hann mundi þá hafast at. Jón rebbi var þá sveinn Dada, son Sigurdar bónda Oddssonar í Búdardal, hann var haldinn kiænn, árædinn oc hardfengr, var hann giör til niósnar um fyrirætlan biskupssona, oc reid Markusar-brún; kom hann til dryckiu at Stad, oc torkèndi sig at búníngi, enn gaf sig lítt framm í almenníng; hann batt hestinn í sundi nockru at húsabaki, gèck til dryckiustofunnar, oc settist ytst vid dyrnar, sem væri sveitarmadr þar; hlíddi hann á tal oc rádagiördir þeirra brædra um hríd, þartil er qvölda tók, enn þá læddist hann út oc til hests síns. Sá var nockr af höfdíngium er saknadi hans skiótt, oc spurdi hver sá mundi vera er setid hafdi vid dyr nm daginn; menn qvádust hann ei þeckt hafa; voru þá nockrir sendir út eptir hönum; þeir komu skiótt aptr oc sögdu hann ei finn-

ast, enn madr rídr vakrt ofann eptir holltinu; biskupsynir qvádu vera mundi niósnar mann Dada, oc sendu þegar fióra menn at rída eptir hönum. Stórstraums flód var í Stadará, reid Jón hana á sund, þar sem hann kom at henni í flóanum, var djúpt sudr vid backann, sló hann þá keyrinu um eyru hestinum, enn hann stöck med hann upp á; hinir voru þá komnir at ánni, enn Jón qvaddi þá med kalsi, oc reid veg sinn upp at Hofstödum, sídann inn Kèrlíngarskard oc Skógarströnd oc heim í Snóksdal, fann Dada, oc sagdi hönum þad er hann vissi, enn þeir sneru aptr undir Hafursfelli er hann elltu. Jón bió sídar í Búdardal eptir födr sinn, hans son var Olafr, fadir Haldórs lögmanns. Dadi safnadi þá at sèr hinum hraustustu mönnum, úr öllum Breidafiardardölum, oc ödrum sveitum er hann nádi til, urdu tvennir áttatygi, voru þeir vel búnir at vopnum, oc höfdu sverd oc handska, lagvopn oc axir lángskèptar, byssr oc boga; átti Dadi vopn oc tygi á XXX menn siálfr. Biskups synir ridu Raudamelsheidi, oc höfdu med sèr Martein biskup oc Arna prest ílla leikinn, oc vildu hitta Dada; hann var heima, oc stòdu menn hans vid veggi oc skansa kríngum bæinn í Snókadal er þeir komu at; þótti þeim ecki árennilegt, enda rédi Dadi ei heldr á Nordan-menn; þeir tjöldudu skamt frá Snóksdalstúni, oc sendu Dada heim fríunar brèf, bádu hann sækja Martein biskup oc Arna prest vini sína oc tengdamenn í hendr þeim, qvádu þeim nù meira á liggia, enn þegar hann hefdi verid fyrir hermanna flocki í Skálholti, oc varid þar dómkyrkiuna fyrir födr sínum hid fyrra sumarid. Gudrún Einarsdóttir kona Dada gèck at tjaldi þeirra brædra biskupssona, oc fèck at mæla vid þá, hùn bad þá med mörgum fögrum ordum, oc fyrir Jèsú Christi V píslarsár at gèfa Martein biskup bródr sinn lausann, oc á hennar vald, enn þeir tóku því med glensi oc qvádu hana hafa barnaskap. Þadann fóru þeir nordr med Martein biskup oc Arna prest, enn Dadamenn viku eigi fyrri úr stödu sinni, enn þeir voru á brott; þeir komu til Hóla, oc voru Marteinn biskup oc Arni geimdir í sterku vardhaldi, þó Arni prestr miklu hardlegar, því hann var þverbrotinn, oc ei ordvar; þrengdu þeir hönum nidr undir smiörpall, oc beigdu í kufúng, oc fóru vid hann miög óvyrduglega, svo sem segir í vísu Jóns biskups:

Hann vard sídann haldin midr, heldr tók at kárna
fyrir Arna,
þrengdr undir þverpall nidr,
þá nam bædi briòst oc qvidr, med sídum sárna.

oc enn þetta:

þeir festu uppá hann fúlann kopp, sem fyrr var hafdr à
bordum, hiá skordum

Var þar med enn fleira spott oc hrakníngar er hann leid; var hann í því haldi fióra mánadi eda lengr, lá Jón Gíslason til fóta hönum, kalladr hinn Maríulausi; til þess er kona hans kom nordr til Hóla, oc fèck hönum lausn med fylgi gódra manna, oc lagdi þó ádr ærid út fyrir hann í silfri oc gripum; hlaut hann oc ádr at vinna þeim fedgum eyd sterkan, at vera aldrei á môti þeim sídann, oc þat endti hann. Má þat eigi vera, sem sumir hafa sagt, at hönum hafi mest þraungvad verid fyrir þá sök, at hann hafi eigi viljad vera med er Jón biskup krafdiz hans þiónustu til at bannfæra Dada, því at þat var skèd nær tveimr missirum ádr enn Arni prestr var tekinn, oc hann eigi í Nordrlandi.

CXXXV Cap. Hald Marteins biskup.

Marteinn biskup var í haldi á Hólum framm eptir Vetrinum, oc var fenginn til gætslu þeim manni er Steinn hèt, lèt Jón biskup hann mála innan sal einn er hann lèt byggia; hann komst eittsinn leinilega af stadnum yfir Hialltadalsá, stefndi sídann uppá Vindárdál, oc vildi komast framm í Skagafiörd; enn er vard vart vid brottför hans, var ridid eptir hönum, nádist hann á dalnum, því hann var illa útbúin at klædum oc skófötum; var fluttr heim aptr sídann, oc hafdr í fastara haldi enn ádr; þar um qvad Jón biskup þetta:

Biskup Marteinn brá sitt tal,
burt hlióp hann frá Steini,
vasadi framm á Vindárdal,
vard hönum þat at meini.

Nockru sídar var Marteinn biskup látinn fara nordr at Mödrufelli til Ara; hann fór vel vid hann, oc hafdi opt med sèr vid öldryckiu, er hann veitti vinum sínum oc gèstum; einhverjusinni þá er Ari var ölgladr, oc Marteinn biskup sat vid bordid, drack Ari hönum til, oc qvad stöku þessa hina fornu:

Svo er mér gott oc gledisamt, því veldr þú;
mig lángar út í lundinn med þá jungfrú.

Biskup tók vid bikarnum, oc qvad aptr hina sömu, enn sneri nockrum ordum:

Svo er mèr íllt oc ángrsamt, því veldr þú,
mig lángar ecki ì lundinn med þá jungfrú.

Ari þycktist vid þat, oc mælti: burt, burt í seckinn, þetta giördu Eyfyrdíngar ádr; géck Marteinn biskup þá undann bordum, oc var Ari færri til hans sídann; sat hann i vardhaldi þeirra fedga framm á sumar.

CXXXVI Cap. Hrakníng oc utanför Olafs prests.

Olafr prestr Hialtason hafdi jafnann verid í hinni kærustu vináttu vid Jón biskup, hèldt hann þá enn Laufás; hann tók til at banna imsa pápiska hiátrú, áköllun helgra manna, krossagaungr, liósa qveikíngar fyrir líkneskium, oc slíka hluti, kom þetta fyrir Jón biskup, oc vard hann vid þat afarreidr Olafi presti, oc stefndi hönum fyrir sig til prestastefnu. Olafr prestr hafdi fengid nockra skilvísa menn til afsökunar sèr, báru þeir hann undan sökum, oc sögdu hvern mann meiga halda trù fedra sinna, oc fornum sidum fyrir hönum, trúdi Jón biskup þeim mönnum, oc tók ofann höfudklædi sitt, oc þackadi Gudi þat slíkr madr var ei fallinn frá sid forfedra þeirra, skildu þeir þá enn gódir vinir; enn litlu sídar spurdi Jón biskup at Olafr prestr væri sannr at sök, svo at hann fyrirbiódi at ákalla Mariu, Pètr, Pál oc adra helga menn, kalladi þat villu oc hiátrú, oc fleira annat kendi hann slíkt; gramdist nú biskupi vid hann miklu meira enn ádr, oc stefndi

hönum aptr til prestastefnu at Hrafnagili, géck þar málid á Olaf prest, oc var dæmdr af hönum Laufás stadr, oc prests þiónusta, enn hönum siálfum hrundid út úr kyrkiu svo hardt, at fótr hans festist í gátt, oc laskadist illa, bar hann þat mein til grafar; sídan flúdi hann vid annan mann á fiöll sudr, þar beid hann Þorleifs bónda Grímssonar á Mödruvöllum, er hann reid sudr, oc fór í skióli hans med hönum; hafdi skip stadid uppi um vetrinn í Straumi á Vatnsleysuströnd, oc var þá búid til brottfarar, med því tók Olafr prestr sèr far, oc fór til Danmarkar, fyrstr Islendskra manna á því sumri, kærdi hann fyrir konùnginum hrakínga sína, fyrir sakir Guds ords oc boda konúngs; hann sagdi oc at Marteinn biskup sæti fánginn, oc engum væri vært á landinu þeim er mótfèlli Jóni biskupi.

CXXXVII Cap. Giörníngar.

Mánadaginn eptir krossmessu um vorid, hèldt Jón biskup prestastefnu á Eyrarlandi; þar giördi hann med samþycki presta, umbreytingu þá um Núpufell oc Glaumbæ; Núpufell hafdi Gottskálk biskup skipad fyrir beneficium, því hann hèldt þat fallid undir kyrkiuna fyrir forn kyrkiufè, enn Jón biskup tók Nùpufell frá kyrkiunni, oc seldi Ara syni sínum fyrir adrar jardir, enn skipadi Glaumbæ fyrir beneficium, oc lagdi til jardir er hann tók fyrir Núpufell, eda verd þeirra, er var Sydriey LX hundrud, oc Ytriey XXX hundrud, bádar í Höskuldstadasókn, Vatnskard XX hundrud, oc XX málnytu kúgildi; hefir Glaumbær verid beneficium sídann, enn Núpufell fèll undir konúnginn, eptir Ara Jónsson. A þeim Missirum var Þormódr son Ara Gudnasonar, bródrson Biarnar í Ögri, syslumadr í Húnavatns þíngi, enn Gudmundr Nicolásson umbodsmadr Þorbergs Bessasonar í Eyafyrdi; hann lèt gánga VI manna dóm at Launguhlíd, um umbod hins óda manns Gríms Jónssonar tvídauda, hann var son Jóns Sturlusonar í Dunhaga, oc Gudnyar Grímsdóttr Pálssonar, enn Magnús son Jóns Magnússonar á Svalbardi átti Elínu systr hans, var því Grímr dæmdr undir umsiá þeirra fedga Jóns oc Magnùsar, skyldi Magnús annast hann, oc hafa VII hundrud, enn Grímr fyrir ættarsakir

oc fár V hundrud til årsmötu, tvö hundrud til gángklæda, oc eitt hundrad til sængrklæda, þat eru XV hundrud á ári; tvo menn skyldi Magnus láta gæta hans, oc hafa stock á höndum hans umnætr enn handariárn um daga. Helgi ábóti lèt þá af Þíngeyra klaustri sakir elli oc kránkleika, enn Biörn prestr biskups son annadist þat; hönum hèt þá Ormr lögmadr vináttu sinni, oc at styrkia hann til at koma lögum yfir Dada, enn þat loford vard eigi miög stödugt.

CXXXVIII Cap. Yfirgángr Jóns biskups oc sona hans.

I þann tíma fiölgudu miög ákærur í móti Jóni biskupi þær er komu fyrir Christián konúng þridia; baud hann þá höfudsmanninum Laurusi Mula at taka Jón biskup; hann ritadi einnin Dada Gudmundarsyni, oc Petri Einarssyni, oc bad þá styrkia hyrdstiórann til slíkra hluta, svo konúngr þyrfti ei at senda her í landid, er ei fengi skèd án þyngsla oc þraungvunar fyrir landsmenn; var brèf þetta útgèfid á Nyuborgar sloti mánadaginn nærstann eptir Pálsmessu. Doctor Pétr Palladius á Siálandi ritadi þá einnin ágætt brèf til Jóns biskups Arasonar, voru þarí mörg merkileg heilrædi oc vidvaranir, vændist hann í því þess, at Jón biskup mætti enn þá nockra líkn fá af konúnginum, ef hann skipti um háttu sína, taldi hönum dæmi Páls postula, er hann ofsókti christna menn af rángri vandlætíngu fyrir Mósislög, oc hafdi þó meiri grundvöll fyrir sèr, enn Páfadomrinn var, sem mest var fólginn í messum oc reglum, enn eigi í kærleika, trú eda sannarlegri myskun; sagdi hönum at Sigurdr ábóti væri horfinn til hinna nyu sidanna, enn Páfinn væri daudr, oc bad Jón biskup eigi hönum treysta; qvad hann siálfann mundi verda undir lok lidinn, ádr þrætu væri lokid um Páfakosnínguna; var þat brèf ritad dominica lætare; ecki hyrdti Jón biskup þessum rádum at fylgia; fèck hann þat at vita at Laurusi Múla, Petri Einarssyni oc Dada, væri bodid af konúngi at taka sig, hugdi hann þà heldr med fullkominni stórmensku at stöckva öllum sínum óvinum, oc þraungva þeirra kosti; reid nú til alþíngis med II hundrud manna eda fleiri, oc synir hans Ari oc Biörn prestr vid hundrad manna hver, höfdu þeir med sèr Martein biskup ì þraungu vardhaldi; enn er þeir

komu á þíng, gèck Ari til lögrèttu, hún stód þá í Öxárhólma, oc taldi hyrdstióranum syslu giald nockurt, at mælt er, í peníngum eda dolum; kastadi þeim at sídustu í nasir hönum, oc bad hann eta; enn þótt hyrdstiórinn væri ecki óbúinn vid, oc hefdi med sèr nockra menn, búna knífum, þá vard hann ei vidlátinn at gegna slíku ofrefli, því Ari hafdi þar á eyrinni fyrir ofann lögrèttuna IV hundrud menn vopnada, edr á fiórda hundradi, sem Olafr Thomasson segir í qvædi sínu, var hann þar med frændum sínum, oc færir þeim þat til ágætis:

Til alþíngis enn þá reid
eydir blárra skialda,
í lögrèttu lagdi leid,
lètst þar mundi gialda, dalina danskri drótt;
kastadi silfri kappin dyr, kom þat í nasir fliótt
hyrdstiórans, sá hríngatyr hvergi fór þá ódt.

Et þú þat nú örfa þundr!
Ari nam hátt at greina,
hinn rèd skèlfast hríngalundr
þó hefdi marga sveina, oc hèldi hnífum á;
engin þordi ordit eitt aptr gialda þá,
annars hefdi lífid leidt látid búkum frá.

Hundrud þriù og þarmed hálft
höldar stódu í kransi,
á eyrinni fyrir ofan siálft;
öllum var búinn vansi Ara óvinum þá;
búnir allir biörtum geir ef bryddi illu á,
skyldu allir skatnar þeir skeynu í hausinn fá.

Var þá svo mikill yfirgángr Jóns biskups at hann settist í veraldlegt vald; afsetti Orm lögmann, enn skipadi Ara syni sínum lögsögn aptr; treystist þá enginn at mæla móti bodi hans eda banni, sakir mannafla þess er hann hafdi; qvad hann þetta um ferd sína:

Þessi karl á þíngid reid
þá med marga þegna, svo gegna,
öllum þótti hann ellidiarfr
Islandi nærsta þarfr, og mikid megna,

þadann reid Jón biskup í Skálhollt med allann flockinn, oc hafdi med sèr Martein biskup, lèt hann tialda á forna stödli sem fyrrum; Jón prestr Biarnason rádsmadr, oc þeir er med hönum voru, biuggust til varnar, oc vildu ei uppgèfast; sendi þà Jón biskup þeim brèf sín, oc lèt þat fylgia at hann mundi heim at rída, oc láta Martein biskup vera fremstann í flocki til at mæta skotum, ef heimamenn vildu veriast, þeir sinntu því ecki, þartil er Marteinn biskup ritadi þeim heim, bad þà láta lausann stadinn fyrir sína skuld, því hann vissi ei hvad þeir fedgar mundu giöra vid sig, oc med þeim hætti fengu þeir stadinn; svo segir Jón prestr Egilsson, at þískr madr nockr hafi verid í Skálholtti, sá hafi bodid sig til at skióta Jón biskup er hann ridi heim, ef þeir sindu hönum hvar hann var í flockinum, enn þeir qvádu hann þat ei meiga; hann lètst mundi sína þeim, oc skaut Maríuerluna er sat à kyrkiunni, oc lodnuna á bifukollunni nordr á vidarmannahùsi; enn fyrirmennirnir leifdu hönum þat ei at heldr, þó Jón biskup væri óvinr þeirra; enn er Jón biskup oc synir hans voru komnir heim, oc setstir undir bord, fleigdi Jón prestr Biarnason kyrkiu oc stadar lyklum á bordid, oc qvad Martein biskup nú meiga vidtaka oc siá fyrir öllu siálfann, enn þó rèdist þat af um sídir at Jón prestr var samt rádsmadr; Jón biskup var viku í Skálhollti eda meir, oc framdi þar vígslr oc saunga, barnaferminngar oc lestra, hann vígdi upp aptr Skálhollts kyrkiu alla, taldi hana saurgada oc óhreina af hinum nya sid, oc lèt grafa upp Gissr biskup, oc jarda fyrir utann kyrkiugard, kalladi hann hverki kyrkiuhæfann nè græfann; sídann kalladi hann presta til prestastefnu, oc gèngu hinir eldri prestar margir þegar í sid med hönum, oc töldu hann rèttann umbodsmann Skálhollts biskupsdæmis; dæmdu XII prestar hönum þar Biarnaness eignir, fyrir því at ecki hefdi Teitr mátt afsala sèr þær til annara, þarmed hefdi konúngr ùrskurdad Jóni biskupi þær, oc Marteinn biskup afhendt Ara; voru sumir þessir dómsmenn hræddir þar til, því at þeir vissu giörla, at þeir sem í móti skyldu mæla voru óstefndir; voru þar þessir prestar: Bryniólfr Halldórsson, Snorri Hiálmsson, Arni Arnórsson, Freysteinn Grimsson, er allir höfdu verid Officiales, Jón Biarnason rádsmadr, Eióifr Grímsson dómkyrkiu prestr, Oddr Halldorsson, Gudmundr Jónsson, Eyríkr Grímsson, Þórdr Pálsson, Stephán Hallkélsson oc Olafr Seminngsson; hafdi Jón biskup laga-

form á þessu, er hann lèt Skálhollts umdæmis presta hina göfugustu dæma um slíkt, enn ei Nordlendska. Þorleifr prestr Eyríksson á Melum var Officialis hàns þar sydra, enn eigi Marteinn biskup, sem sumir hafa ætlad; enn þar lèt hann Martein biskup eptir í vardhaldi, oc ráda engu. Jón biskup vígdi þar fióra presta á stadnum, alla lítt lærda oc lét þar eptir, var einn Jón Gislason hinn Mariulausi er fyrri gètr, harn var fatabùrs pilltr á Hólum ádr; enn er Jón biskup hafdi slíkt syslad sem hann vildi, sagdi hann svo: at hann hefdi þá allt Island í valdi sèr, fyrir utan hálfann annan Kotúngsson; hyggia menn hann hafi nefnt heilann Kotúngsson Þorleif Pálsson á Skardi, eda Pál Vígfússon á Hlídarenda, eda þò helldst Petr Einarsson, enn hálfann Kotúngsson kalladi hann Dada, því hönum þótti hann smàættadr; ridu þeir fedgar frá Skálhollti med yfirlæti miklu, sudr til Videyar klaustrs, er Danir höfdu þá undir sig tekid fyrir nockrum árum; þadan rak biskup hyrdstiórann Laurus Mula, oc alla hina dönsku menn á skip út, enn skipadi öllu sem fyrr hafdi verid á dögum ábótanna, oc setti Alexius ábóta yfir klaustrid af nyu, enn vígdi kyrkiuna oc klaustrid; þar um qvad hann þetta:

Víkr hann sèr í Videyarklaustr,
  vída trui' eg hann svamli, hinn gamli,
vid danska var hann diarfr oc hraustr
dreifdi hann þeim á flædar flaustr med brauki oc bramli.

Þadann reid hann um Kialarnes oc Borgarfiörd, oc framdi vígslr, fermíngar oc biskupanir; hann kom í Þíngnes til Þordar Gudmundarsonar, hann átti Jórunni dóttr Þordar prests í Hytardal Einarssonar frá Hofstödum Þorólfssonar oc Þurídar stóru Einarsdóttr, oc biskupadi börn hans Gisla, oc Ragnheidi er sídar átti Vigfús Jónsson á Kalastödum; þadan reid hann vestr yfir Hvítá oc út sveitir; þá bió at Snorrastödum í Kolbeinstadahrepp Brandr Einarsson, bródir Marteins biskups, hann var hóglátr, oc skipti sèr lítt um deilr biskupanna, átti hann börn mörg, oc hísti vel jörd sína; var hann at húsastarfi er þeir ridu vestr, oc lèt flytia hnaus úr flagi; ferd biskups oc hans manna bar skiótara at enn Brand vardi, sá hann sèr þá ei færi undann at komast, enn vænti lítils góds af biskups mönnum, sakir frændsemis oc mægda vid

Marteinn biskup oc Dada; veggia smidrinn rèdi hönum at hafa verka skipti oc klæda vid þann sem flutti ùr flaginu, oc svo giördi hann; í því komu biskupsmenn, voru þeir gèmsmiklir, oc spurdu miög at Brandi, sögdu hann maklegann til hraknínga nockurra edr kúgunar; var þeim sagt hann væri ecki heima, enn þeir tortrygdu, oc vildu giöra þar óspektir. Kona Brands fèck nád fundi biskups, oc bad hann fagrlega grátandi at vægia manni sínum, oc barnahóp; biskup spurdi hana at Brandi, enn hún qvad hann ei heima, oc lètst ei vita hvar hann var; í annan stad kalladi veggia smidrinn hastúdlega at þeim er torfid flutti, svo biskup oc menn hans heyrdu á, bad hann hrada sér, oc láta ei skorta hledslu hnausinn, Brandr fór ei sídr seint oc letilega at verkinu, þar til er hinn hlióp at hönum reiduglega, oc sagdi at sá letíngi svikist hellst um verkid er húsbondi hans væri fiærri staddr, sem hann væri vanr, oc laust hann med moldarvöttunum saurugum gyldann snoppúng á bádar kinnar, med fleirum atvikum samaháttar; Brandr þagdi, oc þoldi þà umvöndun, enn biskups menn hlóu at, oc grunadi ecki; biskup bad þá rída, oc mælti: látid hann vera hann Moldar-Brand; — var hann svo kalladr sídann. Biskup reid til Helgafells, oc giördi þar vígslr, oc setti þar inn ábóta gamlann, Narfa, er verid hafdi fyrir Halldór Tyrfingsson, oc baud hvervetna at halda hinn forna sid; hann bodadi þángad til sín Orm lögmann Sturluson, oc kom hönum til at setia sèr dag, til at dæma um þrætr þeirra Dada um Saudafell, oc stadfesta Hvammsdóm, er Ormr hafdi siálfr rengdann âdr; konúngr hafdi veitt Ormi Múnkaþverár klaustr, enn hann naut þess ecki fyrir ríki Jóns biskups, því hann hèldt þar vid Thomasi ábóta Eyríkssyni; hafdi oc biskup haft allþúngann hug á Ormi, sakir þess er hann var lögmadr; höfdu menn fyrrum, âdr Ari tæki lögsögn, viliad kiósa Þorleif Pálsson, enn Jón biskup unnid þat á er Ari vard lögmadr; enn sídann er Christófor Hvitfeldr hafdi tekid Ögmund biskup, oc Ari treystist ei lögsögn at halda, kusu menn Þorleif; því nærst er vógs yfirgángr Jóns biskups, lèt Þorleifr af, oc vildi kiósa Dada í sinn stad; hönum var liúft í fyrstu, enn sá sig þó um hönd, oc tók Ormr lögsögnina, oc dæmdi í móti Hvammsdómi Jóns biskups; um þær þrætr lètst biskup vilia semia vid Orm, enn Ari kærdi þat til hans, at hann hefdi selt Dada Saudafell þat er hann vedsetti sèr; þeir settu Orm af

lögsögn á þíngi, enn Ara í hana aptr, enn þó nefndi Ari sig eigi lögmann; vildi nú Jón biskup at Ormr, er þá hafdi syslu í Þornessþíngi, rengdi lögmannsdóm sinn siálfs, því hann hefdi eigi verid til lögmanns fallinn, enn stadfesti Hvammsdóm, oc allar sektir Dada, oc neytti þartil hiól-lyndis Orms; sidann reid hann frá Helgafelli oc nordr um; er ei gétid þess hvad til hafi borid, er hann rédist ei á Saudafell, þar sem þat var í vegi hans; kom hann svo til Hóla; þar um qvad hann þetta:

Nù er hann kominn til Hóla heim
hægr í sínu sinni, eg inni;
órdinn er hann af elli mæddr;
aldrei trui' eg hann verdi hræddr; þó liódinn lini.

Ari mælti þat opt, at þat vissi hann, at fadir hans giördi eigi rètt, enn qvadst þó ei vilia vid hann skilia í elli hans.

CXXXIV Cap. Frá biskupssonum oc Gisla presti.

Eptir þetta lèt Jón biskup sonu sína Ara oc Biörn prest rita Joanni Friis Cancellera konùngsins; þat rit var giört at Hólum á Laurentii messudag; töldu þeir þar cancelleranum at þeir væri rægdir oc affluttir, qvádust rèttilega hafa fángat Martein biskup eptir dómi, fyrir þat hann hafi logid um biskups kosníngu sína, þar sem hann hafi þó ecki verid kosinn nema af VI eda VIII prestum, þar med hafi hann ónytt dóma oc giörnínga Jóns biskups; Laurus Múla qvádu þeir fara framm órádvandlega, oc hafa notid konúngsins eins at í því, at Islendíngar hefdi ecki drepid hann. Petr Einarsson, Bryniúlf Jónsson í Biarnanesi, Gunnlaug Arnason Mùnk, oc Olaf Hialltason, kölludu þeir hlaupid hafa af landinu, fyrir vond ord, þiófnad oc gudlöstun; Gunnlaugr hafdi verid at Helgafelli, oc óskad af konúngi, at þar yrdi skóli settr í stad klaustursins; ritadi konúngr þar um Laurusi Múla oc Marteini biskupi, enn þat vard þó ei framgèngt; lètust þeir vilia halda öll bod konúngs, oc fylgia hans tilskipan, enn beiddust at sá væri til biskups tekinn í Skálhollti, er allr almúgi samþycktist á al-

þíngi; enn brèf þar uppá skyldi verda leyst med svo miklum peníngum af þeirra hendi, sem Cancelleranum vel hugnadi; var þetta fyrir þá sök þannin lagad, at Jón biskup treysti sèr til med ríki sínu, ef hann fengi unnid Cancellerann, at koma Byrni syni sínum til biskupsdóms í Skálhollti; enn í ödru lagi voru þeir þess vísir ordnir, at Christiàn konùngr hafdi med öllu afsett Jón biskup, oc bodid at kiósa Gisla prest Jónsson ì Selárdal, eda nockurn annan er hans bodum vildi framfylgia, oc senda til Kaupmannahafnar, til at vinna konúngi eyd, oc taka biskupsvígslu, fyrir þá sök hafdi Jón biskup þúngann hug á Gisla presti, oc svo þat er hann hafdi kosid Martein til biskups, enn ecki Biörn biskupsson, eda nockurn af hinum forna sid, oc þarmed lagst í móti giörníngum Jóns biskups fyrir sunnan; lèt hann nú Jón prest Matthiasson hinn svenska, á Breidabolstad, dikta oc samsetia eptir sinni fyrirsögn, bannfæríngar-brèf yfir Gisla presti, fyrir hiónaband hans med Christínu Eiólfsdóttr, oc fylgi vid hinn nya síd, oc sendi Gisla presti; hann rèdist þá um vid konu sína, oc spurdi hvert hún vildi heldr vita sig hèr á landi, undir ánaud oc yfirgángi Jóns biskups oc sona hans, edr utanlands í frelsi med gódum vinum; hún bad hann fara utann í Drottins nafni, hversu sem um sig yrdi, oc þat giördi hann; enn litlu sídar sendi Jón biskup Biörn prest son sinn vestr á sveitir, med menn marga; hann kom til Selárdals viku eptir utsiglíngu Gisla prests, oc stefndi prestum samann, oc lét dæma af Gisla prestskap, stad, oc alla aleigu hans. Sídann rak hann Christinu á brott frá Selárdal, snauda, med börnum þeirra; fóru þau til Magnúsar prests bródr hennar í Haga, oc voru þar medann Gisli prestr var utann.

CXL Cap. Saudafells för.

Nù hugdi Jón biskup at eiga Dada Gudmundarson ei lengr yfir höfdi sèr, þar sem konúngr hefdi umbodid hönum at taka sig, enn hann hefdi þó ærnar sakir; vildi hann verda fyrri til at bragdi at taka hann, oc láta lög yfir hann gánga; fyrir því reid hann at nordann nær Michialsmessu, oc synir hans Ari oc Biörn med hönum, þeir höfdu XC manna; hugdist hann meiga auka lid sitt á sudrlandi, oc sendi ord Borgfyrdíngum. Helga fylgikona

hans afrèdi hönum þeirri för, qvad hann enga hamíngiu sækia mundi vestr þángat at því sinni, enn hann lèt sem hann heyrdi eigi slíkt, oc treysti afla sínum; hann qvad um þá ferd, oc sneyddi til Dada oc fylgikonu hans:

Geitar hvanna grunn rót
galar hátt í Snóksdal
heyrdust hennar heimsk-ord
hörd allt í Eyafiörd;
þoldu ecki þegnar vel
þetta hrópid Dala-glép,
foru af stad med fiölda her
oc fengu med sèr margann dreng.

Var þat nú fyriræhlan þeirra fedga, at giöra upptæka alla peníngа Dada, qvika oc dauda, fasta oc lausa, til handa konúngi oc kyrkiu, enn Ari þóttist eiga Saudafell; ridu þeir nú vestr at Saudafelli; þar komu til lids vid þá Borgfyrdíngar, vinir Jóns biskups, Freysteinn prestr Grímsson í Stafhollti oc Jón Jónsson í Bæ syslumadr, med XXX eda XL manna, þó var för þeirra giör, meir til fylgdar enn stórræda; segir Biörn at Skardsá, at Dadi hafi komid til fundar vid þá þángad med LXXX manna, oc bódid sættir, sagt svo at þeir skyldu eiga qvittar allar fiárupptektir fyrir sèr, oc þarmed eitt hundrad hundrada, ef þeir færi á braut oc lètu eigi aukast vandrædi; hafi Ari þá mælt: nú er vel bodid fadir minn! enn biskup svarad: ertu nú hræddr? frændi! Nei, herra! sagdi hann, enn um fleira er at hugsa enn ákèfd eina; þá hafi Dadi svo sagt: ef þèr viljid ei þessum bodum taka, skulud þèr siá mig oc pillta mína hér á Saudafelli innann skams, oc ridid sídann; þá hafi Ari mælt at sèr þætti lid þeirra eigi margt af þeirra siálfra mönnum, oc lítt duganlegt, oc kallat rád at snúa frá at svostöddu, eda senda sem skiótast nordr eptir fleirum mönnum, enn biskup eigi viliad hlída því, oc kallad at Borgfyrdíngar sínir mundu duga lengi vel; svo at af hverugu vard.

CXLI Cap. Frásögn Magnúsar Biarnarsonar oc Orms.

Svo segir Magnus Biarnarson í æfi Jóns biskups födrfödr síns, at Ormr Sturluson hafi sett þíng í Snóksdal milli þeirra Jóns

biskups oc Dada, enn gætr þess ei hvert til dóma hafi komid; eigi gat Dadi þess þíngs edr adrir í frammburdi sínum seinna; þó hefir Ormr siálfr svoleidis ritat, at Jón biskup oc synir hans Biörn prestr oc Ari, hafi kært fyrir sèr, þat Dadi Gudmundarson hafi med ofríki sett sig inn í kyrkiunnar vald, oc þeir eigi komit lögum yfir hann, hafi svo kyrkiann oc konúngrinn mist rèttar síns; því þeir hafi fyrir sèr lyst, at konúngr ætti hálfa penínga hans, enn kyrkiann hálfa, eptir Hvammsdómi sem Dadi vildi eigi halda; sagdi hann þá fedga hafa krafid sig at Helgafelli, konúngdómsins vegna, at láta lög þar um gânga, oc setia þíng at Saudafelli, oc heitid siálfir, med hendi oc munni, at svara þar þeim sem vid þá vildu lög eiga; qvadst hann fyrir því hafa látid bod upp skèra, oc þíng stefna at Saudafelli, oc skyldu þar hverutveggi koma med öll próf sín oc skiöl, enn er þeir voru at Saudafelli, oc hann vildi þar lögum fara framm, hafi sèr þat eigi gagnast, því Dadi Gudmundarson hafi í allann stad afsagt, at þar skyldi nockurt þíng framm fara á þeim degi; hafi þá Jón biskup gengid til sín oc sagt sig leggia lög oc dóm fyri sig oc sína menn, oc lyst sig undir konúngsins nád oc fridi, enn bedid Orm lögmann gèfa sèr oc sínum mönnum grid konùngsins vegna, þartil er lög gengi um mál þeirra; hann qvedst svo giört hafa sem hann hefdi framast mátt at lögum, oc bannadi öllum mönnum at vekja þar víg eda vandrædi, enn Dadi eigi viliad hlída því, heldr skipad sèr frá kyrkiudyrum, gengid at kyrkiunni med hermönnum, þar Jón biskup oc synir hans voru, sèr til fridar oc grida, oc bodid at slá oc skióta á þá, oc sídann hafi þeir oc hann svo giört, á móti kyrkiu fridi oc landsins lögum; med því fleiru er hann hefir þar um talid. Enn af slíkri frásögn er audsèd, at þíng hefir átt at halda, at forlagi biskups, eptir því sem þeir Ormr höfdu samid med sèr, oc þó at Saudafelli, enn ecki í Snóksdal, því biskup ætladi at láta Orm lögmann taka upp hálft fè Dada konùngsins vegna, — enn taka siálfr vegna kyrkjunnar; sá Dadi at því mundi Ormr þá fylgia, oc þótti því einsætt at veria aleigu sína, oc þarmed frelsi sitt oc sinna, er þá átti at svipta hann.

CXLII Cap. Bardagi at Saudafelli.

Þat er at seigia frá Dada, at hann safnadi at sér hinum röskvustu mönnum er hann mátti fá, oc hann ætladi sèr tryggvasta

til fylgdar, voru þeir LXXX samann, vel búnir at vopnum oc tygium, enn sumir seigia C, þar voru med skyttr nockrar; hann giördi þat samband vid þá, at hann hèt at annast börn þeirra oc ómegd sem bana fengi, enn græda þá á sinn kost er sárir yrdi, oc veita þeim öllum oc þeirra þá lidsemd er hann mætti, oc þeir þyrfti vid á medann þeir lifdi. Hann sendi einnin undan sèr til Saudafells, oc lèt þar lesa brèf þetta: "Gud gèfi ydr «góda oc christilega stadfestu, í öllum naudsynium, erlegir dánd«ismenn, lærdir oc leikir! sem nú erud samann komnir at Sauda«felli í Breidafiardardölum, oc heimilisfastir erud hèr í Skálhollts «stipti; ydr vil eg kunnugt sè, at eg berst fyrir at rída á mína «eign Saudafell í dag, at forfallalausu, med Guds tilsiá, því er «þat mín bón oc rád, at þèr sláid ydr ei til nockurs fylgis edr «lidsinnis, med biskupi Jóni Arasyni oc hans fylgiurum, því full«komliga skal eg þángad minna húsa oc heimiliskynna vitia, «med öllum þeim styrk oc manndómi sem minn skapari vill mèr «þartil veita; þurfid þèr hèr eigi í at efast; oc fyrir því at ydr «megi mín skrásett ord trúlig vyrdast, þrycki eg mitt innsigli á «þetta pappírsblad, skrifad í Snóksdal nú í morgun; hèr med ydr «Guds nád befalandi.„ Sídann reid Dadi frá Snóksdal med allann flock sinn, fimtudaginn nærstann eptir Michialsmessu, sem var annar Octobris mánadar, oc stefndi til Saudafells; þoka var á oc dimmvidri, oc lèt hann menn sína hafa sídhempr gráar oc illa litar, samlitar þokunnni, svo margar sem fengust, oc tvímenna sem flesta, svo þeir syndust færri, enn frá Saudafelli er at siá framann á fáng manni, er frá Snóksdal rídr; enn er þeir komu upp á teiginn fyrir nedann Hamraenda, tók Dadi at reina lid sitt af nyu, oc bad þà eina fylgia sér sem fullhuga væri, oc búnir vid öllu því er at kæmi, enn hina aptr hverfa; snèri þá einn aptr, landseti hanns Jón á Hördubóli, er kalladr var hinn sterki, oc var allra manna sterkastr, launsonr Olafs prófasts Gudmundarsonar í Hiardarhollti, enn hálfbródir Jóns á Svarfhóli systrsonar Dada; hann var fadir Steingríms prests at Raudamel, oc þreifst aldrei sídann vel, oc var óþockadr af mörgum, oc eigi voru nidjar hans hamíngiusamir, þó þeir væri drengilegir synum, svo sem voru synir Steingrims prests, Jón er atgiörvismadr var mikill, oc Petr manna sterkastr, enn þó vesælir miög. Dadi reid med flockinn upp at Tungu-á, vard lítt vart vid ferd hans fyrri enn

hann kom fyrir fellsendann, at bænum á Saudafelli, oc reid diarflega heim; biskups synir Ari oc Biörn prestr gengu med sína menn á móti hönum, enn sneru þó aptr, er þeir sáu eckert vard hikat, reid hann þá med sína menn heim á túnid, oc tók þar stödu á hóli einum litlum er Kötluhóll heitir, þar lèt hann þí suma stínga hnausa oc hlada gard undir bissr sínar; biskupsmenn voru oc útbúnir med bissr, sverd oc handska, oc stódu sumir vid stadinn hiá sydri bæardyrum; Ari oc nockrir menn med hönum fóru uppá húsinn, oc settu byssr á Dada oc hans menn; Biörn prestr kalladi þá til Dada oc mælti: þèr er best at fara heim aptr oc binda inn nautinn; Dadi mælti: yckr er best, Jón biskup oc Sira Biörn, at hafa yckr braut hèdann, því eg vil fullkomlega hafa minn stad, hùs oc heimili, hèr at Saudafelli, friálslega fyrir mig oc menn mína, ádr dagrinn sè úti; Biörn prestr svarar: svei þér, oc far þú heim aptr, eckert áttu í Saudafelli, oc aldrei skalt þú at því eigandi verda. Þá mælti Dadi til Orms Sturlusonar, er þar var vid staddr; at hann skyldi þà, ef hann væri dugandi madr, segia uppá sannindi sín hreinlega, hvert hann hefdi nockrum manni selt eda vedsett Saudafell ödrum enn sèr, oc ef hann hefdi selt þat þeim brædrum. Ormr neytadi því þverlega at þeim hefdi selt, enn medkèndist kaupgiörníng sinn vid Dada. Biörn prestr kalladi þá aptr til Dada, oc qvad hann aldrei skyldi Saudafells niótandi verda; sveiadi hönum þremsinnum, oc mælti sídann: veitstu ecki fiandans strákrinn! hversu þù ert gètinn? Þá mælti Ari: þèr er best Dadi! at fara heim aptr, því annars verda hèr æfintyri med os í dag; Dadi mælti: ydr er best Ari bóndi! at hafa ydr brott af stadnum, oc skulud þèr fara meiga friálsir oc óhindradir fyrir mér oc mínum mönnum, hvert þèr viljid, oc þeir dándismenn allir oc dugandi sveinar sem hèr eru med Jóni biskupi oc yckr brædrum. Taladi Dadi þá opinberlega til alla, at hann vildi enga óhlutvendni edr árás giöra nockrum þeim sem frá gengi, oc ei fyllti flock þann, at ræna sig fè sínu oc faungum; bad menn hugsa um hvad eptir kæmi, oc létst fullkomlega hafa vilia stadinn ádr dagr þryti; enn Jón biskup oc Biörn prestr skyldu ei fara þadann óhindradir, nema þeir gángi at þeim bodum hans, at fara viliuglega á brott, oc gèfa sèr oc sínum mönnum dag, oc svo hverir ödrum, til nærsta alþíngis at sumri, oc sættist þeir þá lög vid, um allt, er hverir meigu til annars kæra,

H ſir Dadi svo sagt, at hann hafi bodid þau bod þrisvar eda optar. þá kalladi Biörn prestr aptr oc mælti: svei þèr Dadi! óþóckastrákrinn! ecki ertu þess verdugr at þèr sè dagr gèfinn. Sumir seigia Dadi hafi kallad af hólnum til Ara, oc bodid þeim fedgum I hundrad hundrada fyrir allt fè sitt, ef þat mætti í fridi vera; hafi Ari borid þau bod födr sínum, enn hann ei viliad taka þeim; þá hafi Dadi bodid II hundrud hundrada, oc Ari þá sagt at því bodi skyldi hann taka, ef hann mætti ráda, enn Biörn prestr svarad, at eigi mætti minna koma fyrir fridkaupid, enn III hundrud hundrada, svo at sitt hundrad hundrada hafi hverr þeirra fedga; enn þat mun vera sannara sem Dadi hefir frágreint siálfr, os sannar hann eigi þessa sögn. þà veik Dadi oc þeir sem med hönum voru, bak vid þá sem hlódu gardinn undir bissr hans, oc bad þá verda búna sem skiótast; komu þar Borgfyrdíngar til tals vid hann, oc fleiri menn er fylltu flock Jóns biskups, enn eigi voru rádnir til at beriast. Sá þá Jón biskup oc synir hans, oc menn þeirra, at þeir höfdu eigi jafnlidad, er Sunnlendíngar *XXX* eda *XL* vildi eigi fylgia þeim til stórræda; geck biskup til kyrkiu oc synir hans oc fleiri menn þeirra, oc færdu byssr sínar oc varnir á kyrkiugardinn, oc tópt litla þar hiá, oc bioggust fyrir í gardinum, enn hann var vídr, oc illr til vígis. Stódu þeir þètt samann fyrir kyrkiudyrunum med lagvopn, axir lángskèftar, sverd brugdinn, oc hanska. Gísli prestr Finnbogason er fyrri er gètid at vegid hafdi Þórarinn Steindórsson, var þar med Jóni biskupi, hann setti byssr á Dada oc hans menn, oc fleiri med hönum, ádr þeir Dadi viku á bak vid gardinn, segia sumir menn hann hafi bodid Jóni biskupi at skióta Dada, lètst kènna hann, med rauda fiödr í hatti, oc hafi biskup ei viliad; enn þat er eigi miög samqvæmt því er Gísli mælti vid Dada; því þá er gardrinn var upphladinn, kom Dadi aptr heim á hólinn; setti Gísli prestr oc nordanmenn á þá byssurnar aptr; Dadi kalladi til hans, oc spurdi hvad hann hèti, hann qvadst Gísli heita oc vera Finnbogason, oc giöra slíkt at skipan Jóns biskups húsbónda síns, lèt ei Dada mundi víta sig fyrir þat; Dadi mælti: þat er vel fyrst þat er hans skipan. Hann lét þá eptir hiá byssunum nær *XXX* sinna er ótygiadir voru, enn gèck heim med hinum öruggustu, er best voru búnir; fór hann siálfr vid nockra menn fyrir sunnan kyrkiuna, enn hinir fyrir nordann kyrkiugardinn. Hlupu

þeir yfir hann med skyndíngu inn á biskupsmenn, svo þeir hrucku undann framm fyrir kyrkiuna; enn er Dadi kom framm fyrir vegginn sunnan stód Ari fyrir kyrkiudyrum med steytta byssu oc setti á Dada, þótti mestr veidr í hönum; þat sá einn af mönnum Dada, hliop framm oc laust undir byssuna med spióti lángskèptu, svo hun hlióp af fyrir ofann höfud Dada, enn Ari fèck skeynu á hökuna, svo sprack fyrir; hann mælti þá: þat hefir lengi verid mark mitt sylt. I því skaut þískr madr til Dada, oc flaug kúlann hjá kinn hönum; Dada vard skapbrádt, oc bad menn sína gánga at í fiandans nafni. Bárust þá miög sár oc áverkar á biskupsmenn, svo þeir hrucku undan, enn Ari stód einna lengst, oc bardist ákaflega. Biörn prestr stód í kyrkiudyrum med kordahníf nakinn, oc er hann sá Dada, bad hann fiandann eiga hann, oc sagdi þeir skyldu fundnir enn vr skyldir. Þá reiddi þraungina svo fast er biskups menn tródust inn í kyrkjuna, at Ara vard hrundid inn; enn um sídir læstu þeir kyrkiunni, oc báru kistr fyrir oc hvad sem þeir fundu; menn Dada skutu þá inn um þilid, oc var Biörn prestr skotinn í handlegginn, lagdist hann þà fyrir í kyrkjunni, oc var breyddr yfir hann þófi; enn biskups menn sem úti voru, fengu högg oc skeynr, fèll þó enginn. Olafr Thómasson hálf-systr son þeirra brædra, enn fóstri Jóns biskups, fèck mörg sár, var höggvinn í andlitid, flett ofaun mest allri vángafyllunni oc vard hann snemma óvígr; enn Gudmundr Gíslason sveinn Biarnar prests var lagdr í lærid; þeir voru bádir XVIII vetra; lèt Dadi bera þá inn oc græda, oc fleiri af Nordlendíngum sem sárir urdu, þartil er þeir voru siálffærir at komast heim. Olafr átti Hafgrímsstadi í Skagafyrdi, oc bió þar sídann. Er nú mælt, sem fyrr greinir at Ormr lögmadr bar, at Jón biskup hafi viljad bióda lögbod fyrir sig, er hann sá í hvert efni var komid, enn Dadi trúdi ei Ormi, oc vyrdti ei hans tillögr. Jón Jónsson í Bæ bad þá Dada leifis, at ná mætti syni sínum Sturlu úr kyrkiunni, því hann hafdi verid í kyrkjugardinum med biskups mönnum; þat leifdi Dadi; enn hversu sem Jón bad þá er inni voru at leyfa syni sínum útgaungu, gáfu þeir engan gaum at. Lét þá Dadi fyrir audmjúka bón hans, slá fialir eina eda tvær úr biórþili kyrkiunnar at framan, oc leifdi Sturlu þar út at fara, oc nockrum fleiri sunnanmönnum; sídann lèt Dadi rífa þilgaflinn á kórnum, var þar Jón biskup fyrir altarinu alskríddr, oc héldt á

braudi helgudu í annari hendi, enn Maríu bílæti í annari; lögdu Dada menn þar hendur á biskup oc sonu hans, oc þeirra fylgdarmenn, oc lètu þá leggia af öll vopn. Markús hèt madr, er var med Dada, kalladr Dala Markús, bædi mikill oc sterkr, hann dró biskup óþyrmsamlega út um biórinn á kórgaflinum, oc er hann streyttist í móti, laust Markús hann svo hardt, at úr fóru tvær tennurnar; þá kalladi Jón biskup til Dada, oc mælti: gefdu grid, Dadi! hann geck at, oc rètti hönum höndina, oc mælti: kysstu þá á handska minn; Dadi geck at Markúsi, oc sló hann, oc vítti miög fyri medferd á biskupi; sídan lèt hann flytia þá fedga, oc hina hellstu menn þeirra, lærda oc leika, ofan í Snóksdal, oc hafdi þar í haldi til þess á föstudags qvöldid; lèt hann þá alla menn þeirra fara hvert þeir vildu, enn heita sèr trygdum ádr; enn þá fedga þriá saman hafdi hann í vardhaldi þraungu í Snóksdal, alls um þriár vikur, oc tvo daga; medkendi þá Jón biskup, at nú hefdi Helga kona sín haft sannara, er hún taldi hann af þeirri ferd.

CXLIII Cap. Frá Sigurdi presti.

Sigurd prest son Jóns biskups grunadi þat, at fadir sinn mundi lids þurfa, enn hann var heldr fiærstaddr; þó reid hann eptir hönum, er hann spurdi um ferd hans, med XXX manna, allt í Hrútafiörd; þar mættu hönum fylgdarmenn þeirra fedga, er komu frá Saudafells fundi, oc sögdu hönum tídindin, fór hann þá ei áframm lengra, enn sendi Gottskálk prest í Glaumbæ, son Jóns Einarssonar á Geitaskardi, oc Christínar Gottskálksdóttur biskups, med XII menn vestr til Snóksdals, at bióda sættir, oc leita fridar þeim fedgum. Gottskálk prestr fèck at mæla vid þá Jón biskup, þó svo at Dadi var vidstaddr; enn ei fèck hann þeim lausn, hvad sem í bodi var; enn vopn oc tygi þeirra fedga, oc manna þeirra, sem tekin voru af þeim á Saudafelli, oc svo hesta, köstudu sumir Dada menn á eign sinni, oc kölludu herfáng sitt, sem Oddr handi qvad:

Reckar giördu at ræna
röskva drengi oc væna,

höfudbúning oc hnífa,
hver sem nádi at þrífa:
völdu um voldug klædi,
vopn oc tygin bædi,
þat eru þungleg gædi.

Hvarf Gottskálk prestr aptr, oc þeir Sigurdr prestr bådir.

* CXLIV Cap. Hald þeirra fedga oc sakargiftir.

Nú sendi Dadi þegar sudr at Bessastödum, til Christiáns skrifara, umbodsmanns Laurusar Múla hirdstióra, oc ritadi hönum hvar komid væri; lèt þat um mælt at Christián vissi vel bod konúngs til höfudsmannsins, at taka Jón biskup, enn nú byrji hönum hans eyrindum at gegna, þar hann sè eigi í landi, oc taka vid þessum mönnum, er nú sèu hiá sèr í vardhaldi, bad hann koma sem skiótast á sinn fund. Christián brá vid skiótt, oc voru giör ord Marteini biskupi, er þá var hid fyrsta fullkomlega friáls madr; ridu þeir til Snóksdals, oc fleiri adrir vitrir menn, til rádagiördar um þat vandrædi; vard þat af eptir ósk Dada, at Ormr lögmadr Sturluson setti þíng um þat hvad giöra skyldi af þeim fedgum, oc var dæmdr dómr, sá er Snóksdalsdómr er kalladr, fimtndaginn nærstann fyrir Simonsmessu, dæmdust þeir fedgar rèttiliga fángadir at konúngsbodi, enn Dadi oc hans fylgdarmenn saklausir, þar med Dadi vid þá skilinn, enn Christián skrifari skyldr þá at vardveita til nærsta Öxarár þíngs, med styrk lögmanna beggia, Erlendar Þorvardssonar oc Orms Sturlusonar, einnin Marteins biskups; enn skiöl þeirra oc skilríki skyldu koma til nærsta alþíngis at sumri, oc þeirra fyrirsvarsmenn; enn ef nockrir at nordan koma med hernadi fyrir þeirra sakir, þá skyldu þeir vera landrádamenn; voru dómsmenn Þorleifr á Hofstödum Einarsson Þórólfssonar, Oddr son Thómasar bónda Oddssonar, Gudmundr Gíslason, Jón Grímsson, lögrèttu menn; Brandr Einarsson á Snorrastödum bródir Marteins biskups, Steindór Finnsson Arnorssonar á Ökrum, Erlendr á Hvoli Jónsson Hallssonar, Jón Olafsson, Egill á Skardi Jónsson Einarssonar, Illhugi Sveinsson, Þorvaldr Einarsson, Þorsteinn Oddsson; enn Ormr lögmadr oc Christián skrifari samþycktu; þann dóm sagdi Ari sèr líka fyrir

sig oc sín börn; oc eptir hönum sagdi Dadi þá fedga úr sinni ábyrgd, enn Christián skrifari tók vid umsión þeirra, svo aldrei komu þeir undir vardveitslu Dada edr hans manna frá því þeir ridu úr hladi í Snóksdal; enn á medan þeir voru þar, mæltu þeir þat eitt sinn, at fögr væri veröldin ef þeir fengi þá einusinni at siá hana um stund; þá Dadi heyrdi þat, geck hann til þeirra, oc spurdi hvert þeir vildu vera dyggvir oc tryggir, ef hann leyfdi þeim samsæti med ödrum gódum mönnum í dag; bad og Marteinn biskup fyrir þá, oc hellst fyrir Ara, at hann mætti laus vera þann dag oc í sæti med þeim; þeir hètu trú oc dygd, oc var þeim leyft þat; enn í samsætinu nádi Ari kníſi eda daggardi, oc seildist er minst vardi yfir Marteinn biskup, oc ætladi at leggia Dada; vard tilrædid hindrad, enn þeir voru þegar leiddir í vardhaldid aptr, oc geymdir fastlegar enn ádr. Reid nú Christián skrifari med þá fedga áleidis í Skálhollt, oc med hönum Marteinn biskup, Dadi oc adrir, til at rádgast um vardhald á þeim um vetrinn; þeir höfdu gistíngu at Reykhollti, oc segir Magnús Biarnarson at Ari hafi þá sèd tækifæri nockurt at komast úr vardhaldinu, oc keypt af hestamanni Christiáns, at vísa sèr at hinum besta hesti þeirra, oc láta hann vera í vísum stad til reidu, oc at hann hafi svo giört; enn er Ari sá sèr færi, komst hann at hestinum, oc á bak, oc ætladi at rída á braut; var hestrinn þá svo stadr at hann geck hvergi, oc vard ei af brottför hans; hyggia menn þetta heldr sannara enn hitt, at Ari hafi ætlad at komast á hest sinn siálfs í Skálhollti seinast, oc hafi þá ei af stad komist fyrir því at á var heptíngrinn. Þá þeir komu í Skálhollt, afleysti Marteinn biskup Dada oc alla hans fylgdarmenn í Saudafellsför, af þeirri kyrkiu saurgun edr kyrkiugards at Saudafelli, sem verda hefdi mátt eptir fornri venju, þá er þeir fedgar voru teknir, oc gaf þeim qvittunar brèf, med rádi oc samþycki prælata oc presta, oc Skálhollts kyrkju rádsmanna, föstudagin fyrir allraheilagra messu; settu þeir innsigli sín fyrir þat, hann oc Jón prestr Biarnason rádsmadr, Arni prestr Arnórsson officialis, Snorri prestr Jónsson, Jón prestr Halldórsson, Loptr prestr Narfason, oc Pètr prestr Einarsson. Voru því nærst þángat kalladir margir hinir vitrari menn úr Arnessþíngi, oc nálægum sveitum til rádagiördar, oc til at heyra á konúngsbrèf oc sakargiftir, er á þá fedga voru

bornar; flutti Christián þær framm: fyrst þá at Jón biskup hefdi látid handtaka Martein biskup á siálfs hans heimili, beria menn hans, brióta hús, oc halda hönum fángnum um heilt ár, X dögum fátt í; þarnærst at þeir fedgar hefdi tekid öll giöld af öllum syslum í Nordrlandi, oc svo Flatey, þau er konúngr átti, oc sagt sig eckert vilja vid konúng eiga; þat þridja at þeir hefdi forsmád konúngsbod um klaustrin oc beneficia; þat hid fiórda at þeir hefdi tekid eignir klaustra, oc beneficia, Biarnanes, Odda, Hóla, oc hellst Fiardarhorn, er Þorsteinn Þórdarson systrson Ögmundar biskups var skyldugr um hálft til konúngs fyrir sakir hans, oc at þeir hefdi þraungvad undir sig hálfu Islandi; í fimta lagi hefdi leikir oc lærdir ordid at flya fyrir þeirra ofríki; í siöttu grein þat er þeir hefdi med öllu afli stadit í móti Guds ordi; í siöunda máta hrædist þá allir, þó þeir sèu fángnir ordnir, því þeir hafi heitast um, ef þeir losni, at vera tíu hlutum verri enn ádr vid innlenda oc útlenda, þarmed hafi þeir þat ritad sèr um sumarid, at hann oc allir Danir, skyldu fá refsíng at norrænum lögum, ef þeir kæmist í hendr Jóni biskupi; hid áttunda at biskup hafi heitid því Hamborgar kaupmönnum, at siá svo um, hvadsem á eptir kæmi, at enginn af Dönum skyldi verda eptir med lífi hèr vid land hid nærsta vor; þat hid níunda at þeir kalli konúngsbrèfin ósönn vera, þó innsigli hans sè undir, oc login út, enn strokumenn þá sem þau bera; þat tíunda at Jón biskup hafi hótad því opinberlega (auglioslega) at hann oc Laurus Múle, skyldu ecki vera hirdstiórar bádir jafnframt á hinu nærsta vori; þat ellefta, sem mörg vitni hafi sannad, at Jón biskup hafi sagt, at hann oc villumadrinn skyldu ecki annad vcr vera biskupar bádir, hvert konúngi líkadi betr eda verr; oc þat í tólfta máta, at hann hafi á nærstlidnum föstudegi heitast um, svo at almenníngr hafi áheyrt, at halda ecki þá naudúngar lofan er hann giöri nú, nær sem hann yrdi laus, heldr hefna sem fyrst hann mætti, þótt allr heimr bidji fyrir óvini hans.

CXLV Cap. Aftaka Jóns biskups oc sona hans.

Nú var þat rád giört af flestum, at Marteinn biskup oc Christián skrifari skyldi vardveita þá Jón biskup eptir Snóksdalsdómi; oc

sem þar var rædt um, oc mest af Christiáni, baudst Dadi til at geyma einhvern þeirra, enn enkum Ara, því hönum var til hans hugþeckast, oc þó hvern sem þeir vildu; var þá talat um at Jón biskup væri vardveittr í Skálhollti, enn Biörn prestr at Bessastödum; Marteinn biskup var fúsastr til at geyma Ara, því hann hafdi hönum miúkastr verid um vetrinn fyrir; Christián skrifari oc hinir dönsku töldust undan, oc treystust ecki til at geyma neinn þeirra feðgā á Bessastödum, sakir útródrarmanna nordlendskra á sudrnesjum, þar sem Bessastadir ern í leid þeirra; stód svo þessi tvídrægni nockra daga; enn einn morgun er fyrirmenn tóku ábit í biskups badstofunni, oc ræddu um geymslu þessa; mælti Jón prestr Biarnason rádsmadr: eg em fávísastr allra ydar, oc sè eg þó rád til at geyma þá; þeir hinir qvádust þat heyra vilia; hann svaradi at exin oc jördin geymdi þá best; enn þótt þar væri nockud umtalad, þá samþycktist Christián skrifari því fyrstr, enn þadan af var eigi lengi, ádr Marteinn biskup fèllst á hid sama. Dadi var lengi tregr oc Jón Biarnason syslumadr í Arness þíngi, qvádu þat eigi hæfa á móti konúngs úrskurdi oc lögmannsdómi, enn enginn dómr væri fyrir á adra sídu; þó kom svo at Dadi vildi eigi móti mæla, qvadst vera skilinn vid þat mál. Enn er þetta var borid fyrir fleiri menn, mæltu margir í móti því, enn Christián skrifari þaggadi þá nidr med stórum ordum oc illum, oc lá vid hann lèti beria á sumum. Sögdu þeir þat einardlega Magnús bóndi at Núpi, oc Arnór í Arnarbæli, er eg hygg vera Laga-Arnór son Lopts Gudlaugssonar Loptssonar Ormssonar Loptssonar hins ríka, enn hefir þó þá verid allúngr, at slíkt væri hverki tilheyrilegt nè mannlegt, heldr hefnda-vænlegt, at aflífa þá menn án dóms oc laga; enn þat tiádi ecki, oc lá nærri at Christián skrifari lèti grípa þá, oc hellst Arnór; þó segia sumir Christián hafi beiskastr ordid vid Jón Biarnason. Var nú þeim fedgum sagt hvad af var rádid, enn þángat til voru þeir lengi gódrar vonar, at þeir mundu lausir látnir, oc mælti Jón biskup þat opt: á jólum verdum vèr á Hólum: enn nú tók hann at kannast vid hve lángt hann hefdi framfarid í slíkum stórrædum, oc qvad þetta:

Vondsliga hefir oss veröldin bleckt,
vèlad og tælt oss nógu frekt,

of eg skal dæmdr af danskri slekt;
oc deya svo fyrir kóngsins mekt.

Biörn barst af aumlega, enn Ari vard hreystilega vid. Eigi geck dómr um slíkt stórvirki, oc reiddi því illa at flasad var at, sem enn mun sagt verda. Var nú sendt eptir Jóni Olafssyni Bessastada bödli, dreng littnytum. Þeir fedgar höfdu geymdir verid allir saman í biskups badstofunni í Skálhollti, þar til er þetta var ordid, enn nú voru þeir adskildir, var biskup í hinni sömu badstofu, enn Biörn prestr var látinn í Asmundar stofu, hún stód þar sem sídar var gengid inní herbergin, á vinstri hönd úr nordrgaungunum; enn Ari vár í presta badstofunni, þar stód sídan skólinn; var sèrhverium þeirra fenginn prestr, til at hafa fyrir þeim christilegar fortölur, biuggust þeir oc vel vid dauda sínum, þat á var at siá; þeir höfdu messu hvern dag, medan þeir voru í Skálhollti, oc gaf biskup sèr oc þeim Guds líkama at því er þeir kölludu, oc eins hinn sídasta daginn upp í kyrkju. Var hellz ord á giört hve karlmannlega Ari hefdi vid ordid; þá hina sídurstu nótt geck hann um gólf med saungum oc lestrum, enn fèll stundum á knè til bænar; þar var hiá hönum Jón Olafsson systrson Dada, oc er þat sannara enn verid hafi Jón Halldórsson stiúpsonr hans; þeir voru þó bádir í Skálhollti, oc var hverutveggi hinn hraustasti madr; Ari bad hann höggva sig, oc baud hönum til hinn besta klædnad sinn, oc þann kostgrip úr eigu sinni sem hann vildi, sagdi at mannleysi þat megnadi því ei er þat skyldi vinna; Jón vildi þat ecki, qvadst ei hafa mátt þá hann vildi, enn þat var á Saudafellsfundi. Vindustockr forn frá kyrkjunni var fluttr fyrst austr á klettana, oc ætladr fyrir höggstock, enn skard höggvid í fyrir hökunni; hann stód fyrir austan túnid siálft, fyrir ofan Þorlákssæti. Mælt er Ari hafi á föstudags morguninn, þann er var hinn VIIdi Decembris mánadar, oc nærstr eptir þá nótt er nú var getid, bedid Ingibiörgu konu Marteins biskups, at láta sig fá hreina skyrtu, enn hún hafi synjad, oc kallad at hann hefdi nú ei fyrir ödrum at skarta enn meldinni; þat þótti ódrengilega vid ordid, var oc lítid afsagt viti hennar oc mannkostum. Um sólar uppkomu þá er þeir fedgar höfdu tekid ádr Guds líkama sem fyrr segir, var Ari leiddr fyrst út af presta stofunni, hann mælti þá: hèdan mun margr göfugr

útgánga; þat þykir ordid hafa at spá; oc er hann geck lengra fram, mælti hann: naudugr geck eg til þessa leiks, enn þó skal eg nú viljugr útgánga, vildi eg at hálfs hiartad úr Sira Sigurdi bródur mínum væri komid í mig, enn mitt í hann aptr; enn sem hann kom á höggstockinn mælti hann: skal hèr nú stadar nema, minn herra! já, sagdi Christián skrifari. Ari mælti: svei þèr, þinn prackari, aldrei kalladi eg þig minn herra, heldr taladi eg til míns drottins. Svo er sagt hönum hafi þá verid bodid líf, ef hann hèti því at hefna aldrei þessa, enn því hafi hann ei viliad heita; hann geck til fyrirmannanna flestra, qvaddi þá oc mælti; gef mèr til, Marteinn; gef mèr til, Dadi! oc svo til fleiri; vid Jón Halldórsson mælti hann, (höfdu þeir verid vinir,) ecki þenkti eg þú mundir standa yfir höfudsvirdum mínum; Jón qvadst þess nú ei siálfrádr. Margir hörmudu hann, oc qvádu mikinn skada í aftöku slíks manns, oc vildu eigi vera þar vidstaddir. Eigi vildi hann láta binda fyrir augu sèr, oc er hann kraup á höggstockinn, mælti hann at bödullinn skyldi eiga hatt sinn, ef hann höggvi sig hreinlega, stód svo á kniánum, oc las bænir sínar, oc seinast: in manus túas domine commendo spíritum meum. Sídann setti hann hökuna í skardid á stocknum, oc teigdi hálsinn, svo sá til allra sina oc æda, tók höfudid af í einu höggi. Biörn prestr hafdi mest ámæli af mörgum manni af tillögum sínum oc tiltektum meden hamíngian lèt hönum, enn nú var hann fullr trega, oc bar sig hörmulega, skaut hellst vid um börn sín; hann bad um líf, oc hèt at hefna aldrei þess er þá var ordid, enn þat fèckst eigi, því hann var þeim óþockadr miög, enn sá þótti ágætari er látinn var. Höggstockrinn var þá fluttr upp med túninu, á adra kletta nockru ofar; var Biörn prestr leiddr þángad, oc var miög aumlegt at siá til hans oc heyra; hann mælti opt: æ! æ! börnin mín úng oc smá; enn er hann lagdist á höggstockinn kreppti hann hálsinn af harmi oc qvída, svo ei tók af höfudid fyrrenn í fiórda höggi Enn svo sögdu ættmenn Jóns biskups, at bödullinn hefdi höggvid í fyrstu mikid sár, oc Biörn þá enn bedid um líf sakir barna sinna úngra, oc giört formála fagrann, svo stans hafi ordid á um líflát hans, þar til Dadi hafi gengit at, oc skipad bödlinum at höggva sem skiótast; enn þeir sem kunnugast var um geta þess ecki. Nú var Jóni biskupi sagt líflát sona hans, oc hönum þá bodid líf, enn hann qvad þá sèr svo fylgt hafa, at hann

vildi nú fylgia þeim; oc er hann geck framm úr kórnum í kyrkjunni, oc hafdi krossmark í hendi, vildi hann kriúpa framm fyrir Maríu líkneski, er þar var nærri, enn prestr sá er hönum fylgdi, oc hafdi christilegar fortölur fyrir hönum, er Sveinn hè-, bad hann láta af slíkri hèrvillu, oc mælti þat medal annars: líf er eptir þetta líf, herra. Biskup snerist vid hönum snögglega oc mælti: veit eg þat, Sveinki! Höggstockrinn var þá fluttr upp undir klettana hiá almenníngs götu, oc er biskup var leiddr þángat stódu þeir skamt þadann á þúfu einni Marteinn biskup, Christián oc Dadi; biskup geck at Dada, oc baud hönum at leysa hann úr banninu; Dadi mælti: þú sèr nú ecki meira bann á mèr enn þèr; vid þat geck biskup hryggr at höggstocknum, oc fól sig Gudi; kraup framm oc mælti: in manus túas, domine! commendo spíritum meum. Var hann ordinn boginn miög á herdarnar, svo höfudid var nær framm úr bríngunni, komu axarhögginn miög á axlirnar, svo ecki tók af fyrri enn í fimta höggi eda siötta; lágu svo líkamir þeirra fedga þar framm eptir deginum, oc var lítt umhirdt, þartil er þeir fengu kyrkjuleg fyrir tillögur gódra manna, oc voru jardadir skamt fyrir aptan kórinn; skedi þessi tilburdr á föstudag hinn siöunda Novembris mánadar, þá Jón Arason hafdi biskup verid í sex vetr oc tuttugu, enn skorti IIII vetr á siötugann; sannadist spá hans, at med skyndíngu mundi biskups tign hans nidrfalla.

CXLVI Cap. Ætt frá Jóni biskupi.

Jón biskup hafdi sendt úr Skálhollti med trunadar manni sínum gull-innsigli sitt til Sigurdar prests sonar síns, oc Helgu fylgikonu sinnar, at þau skyldu láta skipta upp LX hundrudum, eptir sig oc sonu sína, med snaudum mönnum; var fyrir þá sök skipt á Hólum LX vættum smiörs, oc XII hundrudum fiska, XVIII staupum flots, XVI vodum vadmáls, X húdarskinnum, oc þartil gángandi fè; fór Sigurdr prestr heim til Hóla, oc hèldt stadinn med módur sinni um vetrinn; ádr hafdi Helga fylgt Olafi presti, var þeirra dóttir Þóra, fylgikona Thómasar prests Eyríkssonar, þeirra börn Biörn prestr, oc Olafr á Hafgrímstödum, oc Þóra er átti Jón á Ökrum Grímsson lögmanns, módir Gudnyar er Sigurdr

Jónsson at Reinistad átti. Helga var enn Thomasdóttir, vid henni er sagt at Arni son Gisla Hákonarsonar ætti Gudrúnu laundóttr sína, konu Jóns á Svarfhóli; sídann telst at Helga ætti Svein bónda í Malmey er kalladr var Drumba-Sveinn, fyrir þat hann fór í land á spítunum, er skip var ei til. Jón biskup átti öll börn sín med Helgu Sigurdardóttr, oc vard hann miög kynsæll; hann hafdi dreymt þad í Skálhollti skömmu fyrir andlát sitt, at hann legdi glófa sinn á altarid í Skálholltskyrkju oc skildi þar eptir, þat rèdi prestr nockur skynsamr þannin, at V biskupar mundu frá hönum koma eptir fingratölunni, oc eigi ólíkt allir í Skálhollti, eru oc frá hönum komnir þar, Gisli Oddsson, oc meistari Brynjólfr í fiórda lid, meistari Þórdr í siötta lid, oc meistari Jón Arnason í fimta lid, enn Doctor Hannes í áttunda lid, enn þrír biskupar á Hólum, Assessor Arni, oc margir lögmenn oc annad stórmenni. Ari Jónsson átti Halldóru dóttr Þorleifs Grímssonar, þeirra börn voru mörg, enn lifdu tvær dætr, Helga er ólst upp á Grund, oc Þóra er sídar átti Sigurd son Þorbergs Bessasonar oc Helgu Sigurdardóttr Finnbogasonar lögmanns, hún vard miög varhluta í skiptum vid Helgu. Páll son Jóns Magnússonar á Svalbardi var þá XVII vetra, oc er mælt hann hafi qvedid vísr þessar, oc sendt Helgu Aradóttr, oc mun haft eptir Brynjulfi biskupi dóttrsyni Páls:

Víst hefir vordid nærsta
vandinn hèr á landi,
fyrdum heldr hardann
hygg eg þeim er byggia;
öll ódæmi at kalla
unnu þeir fyrir sunnan,
mynnist þegnar þannin,
þetta trui eg gud rètti.

Oc enn: Gaman er sagt at fyrdar fremji
falslega med nógu kallsi,
ángr er þat liótast laungum,
leidist mèr slíkt, fyri þornareidi.

Karl mun vera gott at gylla
glotta margir at hönum skotta,

mist hefir sveinnin fingr flestar,
fær hann aldrei slíka æru.

Hæla jafnan mest (minst) í málum
manni þeim er heitir þannin.

Magnús prestr at Grenjadarstad, son Jóns biskups, hafdi haldid vid Christinu dóttr Vígfúsar lögmanns Erlendssonar, þeirra dóttir var Gudrún. Biörn prestr hèldt vid Steinunni dóttr Jóns Magnússonar á Svalbardi, hún var skörúngr mikill, þeirra börn voru Magnús oc Jón er ættleiddir voru, Teitr, Biarni, Arni, Ragnhildr Halldóra. Magnús átti Halldóru dóttr Eyríks bónda Sniólfssonar at Asi oc Þurídar Þorleifsdóttr Grímssonar. Jón Bjarnarson bjó lengi at Holltastödum, enn seinast at Grund í Eyafyrdi, hann átti Gudrúnu dóttr Arna Gislasonar, oc þótti ágætr madr, er frá hönum komid hid mesta mannval. Teitr Biarnarson átti Þurídi dóttr Erlendar prests at Breidabólstad Pálssonar Grímssonar, oc Bjargar Krâksdóttr, er oc frá þeim ætt. Ari átti Önnu Biarnar dóttr Hannessonar, oc Þórunnar Dadadóttr frá Snóksdal, þau biuggu at Saudafelli, oc jóku þar ætt sina. Biarni bió at Briámslæk, hann átti Sesseliu, dóttrdóttr Þorleifs prests, Biarnarsonar frá Reykhólum Þorleifssonar, þeirra dóttir var Þórunn í Sælingsdal. Ragnhildr giptist Sigurdi, syni Biarna Torfasonar frá Klófa, oc Ingibjargar Sigurdardóttr Finnbogasonar lögmanns, þeirra son var Biarni gamli á Stockseyri; sidar fèck hennar Markus Olafsson í Hèradsdal. Halldóra giptist Biarna syni Páls Grímssonar, þeirra börn voru Hallr hardi oc hans systkin. Sigurdr prestr son Jóns biskups var ágætr madr, hann hèldt Grenjadarstad í LX vetr, oc var mikill höfdíngi, enn sneyddi hiá stórrædum, fylgdi hann hinum nya sid, enn hèldt optast prest annan til at þióna sóknunum; hann var eginqvæntr, oc átti Sesseliu dóttr Pètrs Loptssonar hins göfugasta manns, oc Sigrídar Þorsteinsdóttr Helgasonar lögmanns, voru börn þeirra Pètr oc Halldóra, hún var trúlofud Jóni murta Eggertssyni, enn dó þá úr sótt; laundóttir Sigurdar prests var Þurídr, hennar fèck Magnús í Stóradal Arnason Peturssonar Loptssonar, oc er þadan mikill ætthríngr. Helga dóttir Jóns biskups átti Ejólf son Einars Ejólfssonar oc Holmfrídar Erlendsdóttr, þau biuggu í Dal undir Eyafiöllum; þeirra börn voru Eyríkr í Eyvindarmúla, Anna er átti Vígfús son Þorsteins Finnbogasonar,

Einar, Magnus oc Isleifr. Þórunn dóttir Jóns biskups bió at Grund í Eyafyrdi; hún átti fyrst Rafn lögmann, þá Isleif Sigurdarson, oc eigi börn; enn eptir þat er hèr var komid, giptiz hún Þorsteini, er hún hafdi fyrrum kynni af, syni Gudmundar Andrèssonar, áttu þau oc eigi börn; enn tvisvar var hûn fífld í milli manna; hún lifdi menn sína alla, oc sagdi svo um þá: Rafn minn var höfdíngsmadr mestr, Isleifr minn skartsmadr mestr enn Þorsteinn minn heimsmadr mestr; hún var hardlynd, oc æ föst vid hinn forna sid allann, enn gaf ölmusr stórar, oc skipti med fátækum jafnan á líflátsdegi þeirra fedga, oc á Laurentius messu dag, því hann var patronus þeirra á Grund, oc vard hún gömul miög.

CXLVII Cap. Hefndir Nordanmanna.

Christián umbodsmadr á Bessastödum, var kalladr skrifari fyrir þá sök, at sumir segia hann hafi verid rådstofu skrifari fyrrum; hann reid þegar eptir aftöku þeirra fedga sudr at Bessastödum, oc sendi jafnskiótt eptir Einari presti Olafssyni í Gördum, oc sagdi hönum tídindin. Einar prestr spurdi hví hann hefdi hrapad svo miög at slíku, oc qvad vissulega mundi illt á eptir koma. Christián samsinnti því, oc qvadst vita at bædi mundi hann oc adrir þess þúnglega gjalda, ádr sá vetr lidi, kalladi þó Martein biskup oc rádsmann hans Jón prest Biarnason valdid hafa; lidu nú af jólinn, oc komu vermenn eptir venju at nordann til útrodrar á sudrnesjum, nær þremr hundrudum, oc voru í þeirra flocki 1551
nockrir menn, er ætladir voru af frændum Jóns biskups til at leita á hefndir eptir þá fedga; þeir þóttust vída í sveitum þar sem þeir fóru yfir, heyra skapraunarord mörg oc fríanir, at aptr færi nú Nordlendíngum, þar sem þeir lèti enga hefnd koma framm, eptir slíka menn sem þeir fedgar hefdi verid; drógust þeir þá því fleiri samann sem lengra kom sudr, þartil er þeir voru *XXX*, at því er Biörn at Skardsá segir, enn Jón prestr Egilsson segir LX; nærri Pálsmessu fór Christian skrifari, sem hann var vanr, sudr á Nes til at skipa þar fyrir, oc hafdi fylgdarmenn fleiri enn ella, oc þá tygiada, því hann grunadi um Nordlendínga; hann reid

um í Görðum, oc fann Egil son Einars prests, oc spurdi hvad hann vissi til nordann-manna, oc hvert þeir væri farnir sudr um? hann lètst ei vita til þeirra, enn qvad þá þó umfarna, oc rádlegra hann færi hvergi lengra; Christián reid þó, þartil er hann kom at kyrkjubóli á Midnesi, oc tók þar gistingu; komu þángad nordann menn med hettum nidrflettum, oc hökustöllum fyrir andliti, svo þeir yrdi sídr kendir, oc tóku hús á hönum; gèck einn at bæardyrum oc spurdi hvert þar væri sá madr er Jón hèti oc væri Bárdarson, bad hann útgánga, svo hönum yrdi ei meint; hann giördi svo; þá geck annar at dyrum, úngr madr um tvítugt, þrekinn oc knálegr, oc spurdi hvert þar var sá madr inni er Sveinn hèt, vel hagr á skurd oc látún, hefdi ordid manni at skada fyrir nordann, oc af því flúid til Bessastada, bad hann skrída út, ef hann vildi lífi halda. Sveinn geck seinlega fram í dyrinn, enn hinn seildist til hans, kippti hönum út, oc fleigdi framm á hladid, oc bad hann liggia þar þat skarn, segir at hann nyti þess at hann væri skyldr hönum, ella skyldi hann drepinn; þeir bádu bóndann á Kyrkjubóli at leifa sèr at riúfa húsinn, hann hèt Jón Kenichs son, oc qvad svo vera mætti ef þeir bætti aptr; lèt Páll Hvítfeldr sumarid eptir höggva hann fyrir þat í Straumi, oc hiáleigumann hans, oc setia höfud þeirra á stengr enn búka á hiól, oc sá þess merki um XX ár; sídann veittu þeir Christiáni oc hans mönnum atgaungu harda, oc drápu VII eda VIII menn danska, oc úngann son Christiáns er Baldvin hèt; Christián komst út nockud sár eda lítt, því hann var í treyu er ei bitu járn á, kom þá madr at hönum XVIII vetra, sveinn Þórunnar á Grund, oc hafdi lensu í hendi, oc mælti: ec skal finna á hönum lagid; hann lagdi undir treyuna oc upp í smáþarmana, enn Christián æpti vid, oc lysti hann banamann sinn; madr þessi leit skamt frá sèr hest gráann, er Ari biskups son hafdi átt, oc hlióp á bak hönum, oc reid á þremr dögum, at því er mælt er, nordr í Eyafiörd. Þat segia sumir menn at þeir hafi hellt blyi heitu ofann í Jón Olafsson bödul, enn adrir herma at Christián hafi siálfr kallat hann óverdugann at bera hatt Ara, oc hrakmælt hönum fyrir þat hve illa hann hafi unnid at þeim fedgum, oc drepid hann siálfr, ádr hinir komu at nordann; í Mársbudum voru tveir fylgdarmenn Christiáns, þar drápu þeir annan; hinn er Pètr hèt, oc kalladr sídann Mársbuda Pètr, lèt hann fyrir byssu sína, oc

skaut med einn af nordann-mönnum, oc kómst sídann undann í Skálhollt. Nordann menn fóru um sudrnes öll, oc drápu alla eptirlega menn danska sem þeir fundu XIV at tölu, enn tóku altrþat er þeir áttu; einn þeirra átti bú oc börn at Búrstödum, þa tóku þeir upp, oc vildu drepa börninn, þó vard ei af því; þá sem þeir drápu á Kyrkiubóli dysiudu þeir fyrir nordann gard; þeim þótti þar reymt, foru því til aptr, grófu þá upp oc hiuggu af höfudinn, oc settu nefin milli þióanna; þat gramdist Dönskum mest er þeir frèttu, sumarid eptir, oc þótti nídst á líkunum.

CXLVIII Cap. Þeir fedgar jardsettir at Hólum.

A annan dag páska sendi Sigurdr prestr biskupsson XXX menn karska sudr í Skálhollt, voru þrír prestar fyrirlidar þeirra, Grettir pestr Þorvardsson af Siglunesi, Jón prestr frá Bardi í Fliótum, oc Magnús klerkr; sumir hafa nefnt í þeim flocki Hallfdán er seinna var prestr at Felli, oc óvitrir menn hafa samid margar fiölkyngis sögr um, oc sagt samtída Sæmundi fróda er meir var enn fiórum hundrudum ára fyrri. Þeir höfdu med sèr líkkistr oc allan útbúnad, oc flestir hettr med höku-stöllum fyrir andliti. Þá er þeir komu nærri Skálhollti, sendu þeir menn heim med því eyrindi, at þeir beiddu leifis at meiga grafa upp líkama þeirra fedga, lèt Marteinn biskup þat til reidu; töfdu þeir eigi lengr, enn á medann þeir grófu upp likinn, oc lögdu moldug í kisturnar, enn fyrir grafarstædinu vottar enn, því þat var óbyrgt; voru festar biöllr nedann í kistunum, ein í kistu Ara, tvær í kistu Biarnar prests, enn þriár í kistu Jóns biskups, oc hríngdust þær er kisturnar hrærdust; fóru þeir til Torfustada um qveldid, enn annan dag at Laugarvatni. Mársbúda-Pètr hafdi viljad skióta at þeim er þeir störfudu at gröfinni, enn Marteinn biskup bannadi; var Pètr seinna víntappari í Kaupmannahöfn hiá rádhúsinu, oc giördi Islendíngum meira gott enn illt; á Laugarvatni tjölddudu Nordlendíngar yfir líkunum, þvodu þau, oc biuggu um sem best máttu, oc fluttu nordr til Hóla sídann. Jökulsá, er kallast Hèradsvötn, var í leysíngu, komust þeir yfir um á ís-brú einni, enn þegar er þeir voru yfir komnir, rak af spöngina; hvar sem þeir komu nærri kyrkium í Hóla biskupsdæmi, var hríngt kluckum

öllum, oc er fyrst sá til líkfararinnar frá Hólum, hiá Laufskálahollti, var öllum kluckum hríngt þartil er líkinn voru í kyrkiu borinn, enn kennimenn oc allr lídr gengu út yfir tröd í móti líkunum med saungum oc harmi; voru þau jördud í Hólakyrkiu fyrir framann kór-dyr, þvert yfir frá kapellunni, vyrduglega, eptir fyrirsögn Sigurdar prests, oc þeir tregadir miög af mörgum nordan lands; enn siónlitlir menn, oc vanfærir med ímsum hætti kèpptust vid at snerta kistr þeirra, oc þóttust fá af heilsubót, kölludu þá heilaga menn oc guds píslarvotta, oc var þat á diúpum rótum sett miög lengi í nordrlandi sídann, oc svo hatr þat hid mikla er menn höfdu á öllum mótstödumönnum þeirra. Var þá Biörn prestr Gislason kiörinn til at vera officialis; hann kalladi saman alla lærda menn heim at Hólum, mánadaginn nærstann fyrir tveggia postula messu, oc nefndi í dóm Thómas ábóta at Þverá, Jón prest Matthiasson á Breidabolstad, Gottskálk prest Jónsson í Glaumbæ, oc alls XX presta, um penínga Jóns biskups, dæmdu þeir at hann mætti erfast, er hann hefdi hverki verid vígdr bródir nè ábóti, sögdu þeir Sigurd prest biskups son hafa stadid reikníng kyrkiu, oc at auk inventarii væri reiknad XII hundrud hundrada, oc þarmed talinn ornamenta kyrkiunnar er aukist höfdu á dögum Jóns biskups, af því mætti erfíngiar hans eignast fiórda hlut, enn annad standi fyrir skuldum, med fleirum greinum, er þó gengu aptr med Oddeyrar dómi; var Sigurdr prestr til biskups kosinn af XX oc fiórum prestum, oc kosníngar brèfid af þeim innsiglad, þó þat gengi ecki framm.

CXLIX Cap. Utkoma herskipa.

Christián konúngr hafdi nú sannspurt þann yfirgáng er Jón biskup oc synir hans veittu í Skálhollts umdæmi, oc at þeir hefdi þraungvad öllum mönnum, enn landflæmt suma; kærdu þeir Olafr prestr Hialltason oc Gisli prestr Jónsson vandrædi sín þar fyrir konúngi, oc svo hyrdstiórinn oc hans menn er flúid höfdu af landinu; hugdi konúngr at þeir fedgar mundu nú þegar hafa giört sèr landid allt frá horfid; fyrir því sendi hann um vorid þriú skip med hermönnum; kom eitt fyrir sunnan land, oc rèdi fyrir því Otti Stigsson er fyrri var hyrdstióri, oc hafdi CC manna,

hann kom út í Straumi, oc med hönum Gisli prestr Jónsson í Selárdal, oc fór vestr til bús síns; enn fyrir nordan komu tvö skip, oc á D menn, rèdu fyrir þeim herramenn tveir, Christófor Trondsen af Ebeltoft oc Axel Juul af Vildstrup; þeir skyldu taka Jón biskup oc sonu hans, oc flytia til Danmarkar, enn leysa Martein biskup úr vardhaldi, oc innsetia aptr í biskupsdæmid; enn ef hann væri látinn, at skipa annan skickanlegann mann er kèndi guds ord rèttilega; þeir skyldu oc taka hollustu eyda af landsmönnum, med spekt í fyrstu, enn med hördu ef eigi mætti á annann hátt, med ödrum eyrindum er þeim voru skipud. Þá ritadi konúngr einnin brèf Dada Gudmundarsyni, oc taldi þar sakir á Jón biskup, enn bad Dada fyrir trúleika þann er hann hefdi sèr sínt, at vera fylgisamr höfudsmanninum, oc hèt hönum vináttu sinni; var þat útgèfid í Flensborg fimtudaginn eptir qvasi modo geniti sunnudag; einnin ritadi konúngr hinum helstu mönnum á landi hèr, Erlendi lögmanni Þorvardssyni á Strönd, Páli Vígfússyni at Hlídarenda, Ejólfi Einarssyni í Dal mági Jóns biskups, Þorleifi Grímssyni á Mödruvöllum, Biarna Erlendssyni á Kètilstödum, Byrni Jónssyni at Eyvindará, Þorsteini Finnbogasyni í Hafrafellstúngu, Jóni Magnússyni at Svalbardi, Ormi Jónssyni á Draflastödum, Egli Jónssyni at Geitaskardi, þackadi þeim at þeir hefdi allt þartil verid hönum hollir oc trúir undirsátar, oc hlídugir hans tilsögn á móti Jóni biskupi, oc hèt at þat skyldi þeim med allri nád vidrkennt. Otti Stígsson sendi bod oc konúngs eyrindi Marteini biskupi, enn hann ritadi þegar öllum prestum í Skálhollts biskupsdæmi, einnin lögmennirnir syslumönnum, lögrèttumönnum oc allri alþídu, fyrir sunnan oc austann land, oc búdu þeim at koma til alþíngis; vann þar Marteinn biskup eyd, oc lögmenn bádir, lögrèttumenn oc öll alþída er þángad mátti komast, oc sóru Christiáni konúngi hollustu, oc Fridriki syni hans, midvikudaginn eptir Pètrs messu oc Páls; eptir þat fór Otti Stígsson utann aptr. Þau missiri á Galli dag confessoris, útgaf Christián konúngr brèf sitt um þat í Kaupmannahöfn, at allir prestar á Islandi mætti qvongast, oc börn þeirra væri arfgeng eptir hverutveggia foreldri sitt.

CL Cap. Syslanir herramanna fyrir nordan.

Christófor Trondsen oc Axel Juul komu skipum sínum inná Eyafiörd, oc spurdu þar aftöku Jóns biskups; eyrdi þar herfolkid miög illa vid, er þat mátti eigi giöra hernad í landinu; enn edalmennirnir stefndu hinum hellstu oc ríkustu mönnum samann fyrir nordan land, lærdum oc leikum til Oddeyrar, Ormi lögmanni oc mörgum ödrum, oc allri alþídu er komast mátti, til at taka af þeim hollustu eyda; var Olafr prestr Hialltason þar med þeim, oc átti at setiast í kall sitt. Sigurdr prestr biskupsson treystist ei at gêfa sig framm med biskups-kosníngu sína, er hann vissi um herskipinn, enn Danir höfdu óvild á Jóni biskupi oc hans ættmönnum; fyri því giördu edalmennirnar kosníngu hans ónyta, ugdu at hönum mundi kippa í kyn oc fallast á sid forfedra sinna, enn þess urdu menn þó aldrei varir, sídann hann vann konúngi eydinn fyrrum; skipudu þeir Olafi presti Hialltasyni biskupsdæmid, oc treystust Nordlendíngar ei ödru, enn samþyckiast því at svo væri; var hönum þá fenginn Hólastadr af herramönnum; segir Biörn at Skardsá þeir hafi fengid hönum ritníngu danska útlagda eptir ritníngu Luthers, skyldi sá henni framfylgia ef konúngi likadi, er biskup yrdi at Hólum. Helga fylgikona Jóns biskups flúdi frá Hólum er hún spurdi til herskipanna, oc konr flestar med henni, var hún oc Gudrún Magnúsdóttir sonardóttir hennar, med leynd í fialli nærri Ökrum er Glóafeykir heitir, oc höfdu tiáld mosalitad, medann herramennirnir dvöldu hèr vid land um sumarid, oc var fært þángad þad sem þær þurftu; höfdu þær tekid med sèr þat fémætt í silfri, er flytia mátti; enn þat er at segia frá herramönnum, a þeir tóku hollustu-eydana á Oddeyri, af leikum oc lærdum oc allri alþídu í Hóla biskupsdæmi; var Olafr Hialltason, útvalinn superintendens, fyrirlidi þeirra höfdíngia er alþída gaf sitt umbod til at vinna eydana sín vegna, Thómas Eyríksson ábóti at Þverá, Sigurdr prestr Jónsson at Greniadarstad officialis, Torfi prestr Jónsson í Saurbæ, son Jóns priórs Finnbogasonar lögmanns, hann var þó æ jafnan sídann fastr vid hinn forna sid, oc vildi ei vera vid preststkap, Jón prestr Matthíasson svenski, Loptr prestr Pètursson Loptssonar, Högni prestr Petursson, Gudmundr prestr Biarnarson oc Sturla prestr Einarsson. Ormr Sturluson lögmadr nord-

ann oc vestann, Þorsteinn Finnbogason, Þorleifr Grímsson, Þormódr Arason syslumenn; (Þorsteinn hafdi þá Þíngeyar þíng, oc var ellstr, enn Þorleifr Grímsson Vadlaþíng, oc hafdi látid dóm gánga um vorid, er dæmdi Orm lögmann rèttann umbodsmann Múnkaþverár klaustrs eptir konúngsbrèfi. Þormódr var bródrson Biarnar Gudnasonar, oc hafdi þá Húnavatns þíng); Jón á Svalbardi Magnússon Þorkèlssonar, Ormr á Draflastödum Jónsson Oddssonar, Einar Bryniúlfsson at Espihóli, Magnus Biarnarson at Reykium, Gísli Hákonarson á Hafgrímstödum, Gísli Jónsson, Þorbergr Bessason er syslumadr hafdi verid, Eyvindr Gunnarsson, Hallr Egilsson lögrettumenn; Nicolás son Þorsteins Finnbogasonar, Grímr son Þorleifs Grímssonar, Magnús son Jóns Magnússonar, Brynjúlfr Jónsson, Pètr Einarsson, Þórdr Pètursson, Þorgrímr Gudmundarson oc Tumi Þorgrímsson er seinna bió at Skídastödum, oc adrir hinir bestu menn fyrir nordann oc vestann land; er ecki frá því sagt þó sumum oc hellst klerkunum, hafi nockr naudúng í verid; var þat inntak eydsins, at med því gud hefdi nidrslöckt allri ókyrrd blódsúthellíngarlaust, enn Christián konúngr þyrmi landsmönnum vid hegníngu af herlidi sínu, oc land þetta jafnann legid undir Noregs krúnu lánga æfi, þá sóru þeir allir fyrir edalmönnunum sín oc allra landsmanna vegna, borinna oc óborinna, æfinlegan trúleik Christiáni konúngi oc Fridriki syni hans, svo sterkann sem verda mátti frekast at ordi qvedid; undir þat ritudu þeir nöfn sín oc settu innsigli á Oddeyri í Eyafyrdi, Mánadaginn nærstann eptir Barnabæ messu. Þá lètu einnin herramennirnir dóm gánga um þær sakir er þeir kærdu til Jóns biskups oc sona hans, enn beiddust varna oc forsvars í móti, ef nockr vildi eda fengi haldid uppi svörum barna Ara oc Biarnar prests, enn hellst af Þorleifi Grímssyni eda Jóni Magnússyni módrfedrum þeirra, svo at fè þeirra fèlli ei undan þeim oc undir konúnginn fyrir lögbrot fedra þeirra, enn hverki Þorleifr eda Jón eda nockr annara treystist at taka til varna, bádu heldr nádar oc vægdar fyrir barnanna hönd, at eigi væri þau svipt öllu, oc fengi fè til sæmilegs uppeldis, oc lögdu herramennirnir þat ríflega til; í því brèfi er þar var um giört, settu þeir Petr Einarsson fyrir umbodsmann sinn, oc svo giördi Otti Stígsson fyrir sunnan; var hverutveggia at Nordlendíngum hafdi miög

hiarta í stall drepid, enda verdr svo jafnan þá er menn ætla sèr ei hóf; var þó meiri hamíngia enn forsiá þeirra, er Jón biskup sat ei uppi oc synir hans, hefdi þá verr farid; syndist þar hugrecki þeirra manna, er höfdíngiar hafa verid þá í öld, oc svo sídann, at hid fyrra árid þordi enginn at mæla í móti einu ordi Jóns biskups, enn nú ecki lögvarnir fraum at færa fyrir frændr sína þó þeim væri þat bodid; oc fer svo jafnann óvidbúnum oc fyrirhyggiulitlum er fènu treysta, oc egingiarnir eru; var nú dómr saminn sá er Oddeyrardómr er nefndr, þridjudaginn næstann eptir Barnabæ messu; voru þeir fedgar dæmdir sannir landrádamenn, oc allt þeirra fè fast oc laust fallid undir konúnginn, at fráteknum lögmætum skuldum oc giöfum, oc þat er menn skyldu hafa fyrir skemdir af þeim; var fyrir dóminum Ormr Sturluson lögmadr, oc dómsmenn þorsteinn Finnbogason, Ormr Jónsson, Gísli Jónsson, Vígfús son þorsteins Finnbogasonar, Niolás bródir hans, Einar Brynjúlfsson, þormódr Arason, þorsteinn Simonsson, Biörn þorvaldsson á Æsustödum, Jón Grímsson á Ökrum, Asgrímr Jónsson, Brynjùlfr Jónsson, Hallr Egilsson, þorsteinn Jónsson, Tumi þorgrímsson, Jón Gíslason, Einar Sigurdarson, Ejólfr Arngrímsson, Eyvindr Gunnarsson, Jón Einarsson Brynjúlfssonar, Magnús Biarnason á Reykium, Oddr Asmundarson Sturlusonar frændi Orms lögmanns, oc þórdr þorgrímsson; er svo sagt at Biörn prestr Gíslason hafi stadid upp úr Oddeyrardómi, hann hafdi verid sveinn Jóns biskups; enn klerkar eru þó ei nefndir med dómsmönnum; sídann ridu herramennirnir vestr til Hóla, oc margir Danir med þeim, var þar miög fámennt fyrir, enn þeir ransökudu uppi oc nidri, oc tóku á brótt med sèr gullkaleikinn mikla, oc marga dyrgripi kyrkiunnar adra; fèll þá oc mikid í jördum undir konúnginn, eptir þá fedga, átti Biörn prestr þessar jardir á vestfiördum, oc fyrir nordann land, er svo hètu: Kaldadarnes oc Biarnanes, Backi, Reykiavík, Eyapartr, Kjós, Kèblavík, Kambr, Kèrsvogar, Finnbogastadir, Bær, Eyri, Ingólfsfiördr, Naust, Reykir halfir, þrákustadir, Torfustadir, Biarg, Biarghóll, Uppsalir, Túnga, Kollufoss, Svertíngstadir, Kálfstadir, Syrar, sydsti Hvammr, Gröf, Hlíd, Tannstadir, litla Hvalsá, Saurbær, As, Egilstadir, Skard í Skagafyrdi, Forsæludalr, Brecka, Litlihamar, stóra Borg, litla Borg, Vatnsendi, Höll, Myri, Krossanes, Refsteinstadir, Titlíngstadir, efri Múli, Skaravík; þat voru

VII jardir hins fimta tugar, oc á hundrad kugildi, enn landskuld XLVI hundrud oc XL álnir; hafdi Biörn prestr alla stund verid fengsamr oc hneigdr til jardakaupa, oc var því svo audugr ordinn; enn eptir Ara fèllu þessar jardir undir konúng: þverâ, Hrafnstadir, Hollt, Gardshorn, Steindyr, Backi, Skáldalækr, Andresstadir, Halldórstadir, Vidir, Laugar, Dadastadir, Breidamyri, Hallbiarnarstadir, Gautlönd, Mödrufell, Hús, Núpufell, Skutr, Moldhaugar, Kjarni, Hraungerdi, Gilsbacki, Ingvildarstadir, Dadastadir; eru þær jardir hálfr þridji túgr, enn kúgildi med þeim voru I hundrad oc XL, landskuld var XXX oc IIII hundrud oc LX álnir; þarad auki voru jardir allar eptir Jón biskup, Biarnaness eignir oc adrar fleiri.

CLI Cap. Utanför herramanna.

Enn er herramenn höfdu lokid störfum sínum, fóru þeir utan um sumarid, var Nordlendíngum kærri qvedia þeirra enn koma, oc hellst fyrir þá sök at þeir óttudust óspektir af hernum, enn Helga Sigurdardóttir fór þá heim til Hóla, oc var henni leift at taka þat er hún átti þar; hún fór sídann at Ökrum til Gunnars Gíslasonar, er átti Gudrúnu sonardóttr hennar, oc var þar medann hun lifdi, höfdu herramenn látid stefna henni, þann mann er þorsteinn Jónsson hèt, því þeir vildu ná til alls fiár hennar, oc Jóns oc Gottskálks fylgdarmanna hennar; þar um lèt Ormr lögmadr dóm gánga vid Vallalaug, föstudaginn fyrir þorláksmessu, oc var dæmt málid undir hina skynsömustu menn, midvikudaginn eptir Michialsmessu; voru dómsmenn Magnús Biarnason á Reykium, þorsteinn Gudmundarson Andressonar, Sæmundr Simonarson, Oddr Philippusson, þorgrímr Gudmundarson oc Magnús Jónsson; enn ógiörla vitum vèr hvad hinir seinni dómsmenn dæmt hafa eda hverir voru, enn líkast at fallid hafi sakargiftir oc þótt ómerkar, er herramenn voru á bróttu, enda konúngr eigi kallad eptir sídann jafnt sem þeir. Olafr biskupsefni Hialltason fór utann med edalmönnum; afhendu þeir konúngi mörg dyrindi, gull-kaleikin, oc ærid gull oc silfr, bagla silfrslegna af rostúngstönnum oc margt annad, oc gaf þó konúngr þeim herra-

mönnum sumt at auki; í þann tíma var uppgrafid at konúngsbodi lík Gissurar biskups, þar sem Jón biskup hafdi látid þat nidrsetia, oc fært í hina fyrri gröf sína innann kyrkiu; þá komu oc út brèf Doctors Pètrs biskups Palladii til presta, bannadi hann þeim öllum þiónustu at fremia sem hèldu vid hinn forna sidinn, oc síndi í því ríki mikid er konúngr veitti hönum, þó hann væri ecki kalladr erkibiskup.

CLII Cap. Dómar.

Þorsteinn bóndi Finnbogason lèt VI manna dóm gánga at Presthólum laugardaginn fyrir krossmessu um haustid; voru hönum þar dæmdar jardir nockrar, sem hann skyldi meiga helga sèr eptir Oddeyrardómi, oc giöf Finnboga lögmanns födr síns fiögr hundrud; enn Midvikudaginn eptir Michialsmessu, lèt Ormr lögmadr dóm gánga vid Vallalaug, um Kaupmálabrèf Þórunnar á Grund, oc um samkaup Isleifs bónda oc Þórunnar; hann dæmdi oc at Múnkaþverá um landamerki milli Baldrsheims oc Grænavatns; Erlendr lögmadr lèt dóm gánga at Backárhollti í Ölvesi, um þá menn er heitast vid adra, þá var enn dæmdr dómr um efaskatta; oc enn at Hólum af Byrni presti Gislasyni er Officialis var, um sydri Ey á Skagaströnd, er Gottskálk prestr Jónsson í Glaumbæ kærdi til, vegna Christínar Gottskálksdóttr módr sinnar.

CLIII Cap. Frá Klaustra mönnum.

Þessi missiri lagdi Helgi ábóti Höskuldsson af Þíngeyraklaustr med öllu, því fylgdi hálfr siöundi tugr jarda er fèll undir konúnginn, enn Helgi átti þá X vetr eptir ólifada, oc vard hann gamall miög; þar var Þíngaprestr þá um átta vetr Þorlákr Hallgrímsson frá Stadarbacka, oc var þar Gudbrandr sonr hans med hönum, enn Helga var á búi þeirra á Torfalæk oc Þórdr son þeirra; þá lèt oc Thómas ábóti Eyríksson af Munkaþverár klaustri, af því at hann hafdi svarid konúnginum, enn Ormr lögmadr hèldt klaustrid, fylgdu því VII jardir hins VIta tugar, er mælt þar hafi verit brèfa safn mikit, oc sá málsháttr þar af kominn, at nockud

sè eptir gömlum Múnkaþverár brèfum. Þyckvabæar klaustri fylgdu VII oc XL jardir, þar hafdi enginn ábóti verid eptir Sigurd; enn Helgafells klaustri, er fyrir laungu var tekid af Petri oc Dada, fylgdu X tygi jardir; II oc XL jardir fylgdu Kyrkiubæ, enn hundrad oc XVI Videy; þat klaustr tóku Danir fyrir laungu, oc fyrst allra, enn Alexius ábóti fór til Klaustrhóla í Arnessþíngi, oc hafdi Grímsness jardir, hönum var óleidr hinn nyi sidrinn; þar eru hellr undir kyrkiunni eda bænum er ábóta hellr eru kalladar, þær er mælt hann hafi flutt þángad einn samann, oc var þá gamladr, enn ólíkindi eru til þess fyrir vaxtar sakir þeirra, VII jardir hins VIta tugar fylgdu Mödruvallaklaustri, enn VI oc XL Reinistad; þar var Solveig Abbadys Rafnsdóttir, systir Brands priórs, oc sá konúngr henni farborda sem ödrum klaustra mönnum, lifdi hún eptir þat XI vetr oc vard gömul miög. Brandr priór bródir hennar var seinastr at Skriduklaustri, hann var þar XVII vetr, enn ádr miög lengi prestr at Hofi í Vopnafyrdi, oc fadir þeirra Rafns lögmanns er Þórun Jónsdóttir átti fyrrum, Arna oc Sniólfs; hálfr þridji tugr jarda fylgdi Skriduklaustri siálfu, enn XII nefnast austfiardajardir þar at auki.

CLIV Cap. Leitat hefnda eptir Christián.

Þessu nærst giördi vetr hardann, oc kom á Magnúsmessu fyrir jól, þat er hinn XIIIdi Decembris mánadar, med blotum oc miklum fannfergium, linadi eigi fyrri enn á páskadaginn, enn þat var fiórdi dagr Aprilis, fèll þá mikill qvikfènadr, oc hellst fyrir Skálholltsstad, svo at Votmúli í Flóa er þá var eydiból, var seldr undann dómkyrkiunni um vorid fyrir qvikfè, oc L kúgyldi lèt Marteinn biskup færa heim til sín úr Biskupstúngum, giördi þá oc landskiálfta mikinn. Þá gèck domr at Krossholltí í Eyiahrepp af Dada Gudmundarsyni, því hann hafdi þá syslu í Þórnessþíngi, um hreppstióra skipan; gaf Christián konungr Torfa Syni Sigfúsar (Sigurdarsonar) Brumanssonar, grid fyrir víg Hálfdánar Þórarinssonar, er hann hafdi bættann XL hundrudum, sá Torfi bió sídann at Hrauni; enn Þorleifr Grímsson sættist vid Þorstein Gudmundarson um legord frændkonu sinnar; þeir Þorsteinn Finnbogason oc Sigurdr prestr Jónsson sömdu oc med sèr um jarda

skipti oc brennisteinsburd Sigurdar prests er hann hafdi hafa látid, oc fleiri urdu giörníngar; er gètid vid þá Jóns Magnússonar oc Magnúsar sonar hans, einnin Halldórs prests Benedictssonar, Grímssonar Pálssonar, hann pantsetti Brynjólfi Jónssyni Einarsstadi í Kraklíngahlíd fyrir kugilda leigu; um sumarid kom út Páll Hvítfeldr med hyrdstiórn af konúngshendi, hann var reyndr at framqvæmd, oc hafdi ímislig eyrindi, var hönum þat fastlega umbodid, at láta uppleita oc handtaka þá menn, oc refsa med lögum, sem stadid hefdi at vígi Christiáns skrifara oc hans fylgdarmanna, oc alla þá er í atvist hefdi verid med þeim; lá konúngi þat í þúngu rúmi, oc vildi hardlega refsa láta, bad hann Dada Gudmundarson þar til styrkia, oc þackadi hönum trúleika hans oc framqvæmd á móti Jóni biskupi oc sonum hans; var þat brèf útgèfid á Gregorii páfa dag. Eggert son Hannesar hyrdstióra Eggertssonar var umbodsmadr Páls Hvítfelds, því hann hafdi konúngsbrèf fyrir at taka hann til umbodsmanns, oc hann útvegadi Torfa brèf þat er gètid var; gengu þeir bádir jafnhardlega eptir bodi konúngs, oc lèt Eggert dæma þá alla fridlausa óbótamenn, rètt tæka oc dræpa, er vid víg Christiáns voru ridnir, hvar sem þeir nædist; flúdu þá margir í önnr lönd, oc komust XVI til Englands, hefir mælt verid at Christián konúngr hafi ritad Englakonúngi, Játvardi, hinum siötta med því nafni, oc bedid hann láta taka þá, oc færa til Danmarkar, enn Englakonúngr hafi því svarad, at hann mætti eigi svo giöra þeim mönnum er komnir væri á sínar nádir, mætti Dana konúngr komast yfir þá med hverium hætti sem hönum yrdi audid; einn vard gripinn, oc höggvinn sídann, sá hèt Biörn; ei er þess gètid at fleiri væri líflátnir. Gudmundar tveir urdu teknir, var annar Andresson, enn annar Magnússon, voru þeir látnir í badstofuna á Bessastödum oc geymdir þar; enn qvöldid ádr enn átti at höggva þá, kom þar inn bödullinn, oc bryndi exi sína, vissu þeir þá hvad ætlad var; þeir fengu losad sig af fiötrunum um nóttina, oc grófu sig sídann út um ónshúsid, oc komust vid þat á braut, var þeirra leitad um morguninn bædi med mönnum oc spórhundum, fól sig annar undir árbacka, enn annar fór í torfgröf diúpa, oc var jafnann í kafi, þá hundrinn stöck framm á backann oc gó, enn hafdi þess á medal nasirnar uppi, oc urdu þeir ecki fundnir, vid þat komust þeir nordr bádir; enn hvar sem þeir fóru um Borg-

arfiörd, var matr settr framm, enn þeim þó bannad at eta, oc neyttu þeir ei at sídr; enn á dögum hinna sídari höfudsmanna, var eigi miög ríkt gengit eptir þessu, oc urdu þeir formenn Dana fyrir sunnan á vetrum, enn qvæntust fyrir nordann, oc biuggu þar, oc urdu bádir fiádir vel; bió Gudmundr Andresson lengi at Örlygstödum, oc lèt börn eptir; margir leystu sig út vid höfudsmanninn, med ærnu skreydargialdi oc peníngum, oc qvedst Jón prófastr Halldórsson, er liósast hefir um þetta skrád oc margt annad, hafa sèd útskriftir af tveimr sáttabrèfum, er þar um voru giör; annad á sunnudaginn næstann fyrir Barnabæ messu, þessi hin sömu missiri, at Bessastödum; í því hèt höfudsmadrinn fyrir bænastad gódra manna, at Jörundr Pálsson mætti leysa höfud sitt vid konúngdóminn, med V lestum skreydar, oc svo silfri, sem gialdast skyldi á tveimr árum hinum nærstu, fyrir því at þat sannprófadist, at Jörundr hefdi hverki slegid Christián skrifara fógeta konúngs nè hans fylgdarmenn, oc eckert þegid af hans peníngum; enn annad brèf var um Einar Petursson; hann hèt höfudsmanninum at leysa höfud sitt med V lestum fiska í V sumr; þat var stílat med sama hætti, oc hitt, oc ritad at Bessastödum þridjudaginn fyrir Margretar messu.

CLV Cap. Frá hyrdstiòra oc Olafi biskupi.

Olafr Hialltason hafdi verid vígdr um vetrinn til biskups at Hólum, af Doctor Petri Palladio; er þat mælt hann hafi í nockurri almennilegri Disputatiu á Auditorio vid Kaupmannahafnar háskóla verid innbodinn, oc átt at finna nockud til upplysíngar því efni er um var rædt, enn þá hafi hann talist undann oc mælt þetta: *non possum loqvere propter non usum;* hafi hönum þá svarad verit: *excusatum habemus dominum episcopum Islandiæ,* oc hann ansad aptr med lotníngu: *gratius ago propter;* ráda menn af því, ef satt er, at hann muni miög fákunnndi verid hafa í latinu máli; enn þó er þess at gèta at fylgismenn Jóns biskups oc hins forna sidar, er lengi voru í Nordrlandi, hafa fundit hönum allt er þeir máttu til framaleysis, enn þótt Jón biskup oc margir adrir hefdi vyrdt hann einn fremstann klerka þartil; hann kom út um sumarid til stólsins, oc tók sèr þá þegar fyrir at koma

hinum nya síd á, oc fylgia framm hreinni kenníngu Guds orda, oc sídann alla stund medann hann var biskup; hann galdt þá Halldóri Sigurdarsyni nockrar jardir í þiónustulaun, sem hönum höfdu dæmdar verid fyrir bót á Laufás-stad, oc til skildi at Halldór gæfi Bergliótu Oddsdóttr Neslönd í tilgiöf, ef rádahagr þeirra tækist. Þat var eitt af eyrindum Páls Hvítfelds höfudsmanns, at konúngr baud hönum at skipa hèr tvo latinu skóla til læríngar úngum mönnum, sinn á hverium biskups stól, oc skyldi setiast gudhræddr oc vellærdr rector eda meistari yfir hvern, oc svo heyrari; þar med skyldi Páll Hvítfeldr med rádi biskupa beggia, taka svo mörg kúgyldi oc hundrud eptir landsvísu, af dómkyrknanna fè sem þörf syndist oc leggia til launa skólameisturum oc heyrurum, oc svo skólasveinum til klædnadar oc fædis, oc skipa þessu öllu svo fastlega, at enginn fègiarn biskup, ef sá yrdi nockr, kynni at spilla á nockrn hátt þeirri rentu skólanna, til þess er konungr giördi þará vissa skipan siálfr, oc verdr sagt frá því seinna, hversu þat gèck; enn þó at sumar þær atferdir Dana vid landit er nú hafa verid taldar, þætti nockud harddrægar, eptir því sem þeim mönnum var varid, er þeim skyldu framfylgia, oc þarmed mídudu þá í brád til at mínka ríki biskupanna, enn einnin annara valdamanna sídar, þat er haldist hafdi sídann höfdíngia stiórninn var í landinu, oc yrdi fyrir þá sök óvinsælar, svo at þær gáfu Jóni biskupi Arasyni oc ödrum stóreflismönnum tilefni til at leggiast í móti konúngsvaldinu, oc telia sèr þat fyrir födrlands hollustu, þó straumbrot þau væri stofnud af órádi á móti sínilegu ofrefli; þá giördist þessi umhyggia Christíáns konúngs, oc annara hans kynsmanna sídann, at hinum mesta hagnadi alþídunni er stundir lidu, því at svo tókst happsamlega til at konúngarnir voru mildir oc giörhugulir, oc fóru vel med yfirrádum sínum.

IVdi Hluti

tekr yfir ofanverda XVIdu Auld, framm yfir harda vetr; í saugu-formi.

Hèr segir frá Höfdíngia tölu vid sidaskiptin, oc sonum Jóns Magnússonar á Svalbardi; skòli er skipadr, oc frá sidabreytni; frá Oddi Gottskálkssyni oc ödrum höfdíngium, oc utanför Marteins biskups; fráfall Odds; oc frá ímsu er vidbar; vígist Gísli Jónsson til Skálhollts, oc frá höfdíngia dauda oc lyktum Vatnsfiardamála; frá Gisla oc Olafi biskupum, oc fráfalli Dada í Snóksdal; um Pètr Einarsson, Orm Sturluson, oc adra hluti er þá skèdu; andlát Olafs biskups oc höfdíngiaskipti á landi, Gudbrandr Þorláksson vígdr til Hóla; segir frá Arna Gíslasyni oc hans frændlidi, ydn Gudbrands biskups; aftekin vopn, oc frá

M

ímsu því er sídann skèdi; rændr Eggert Hannesson á Raudasandi, enn frá biskupum, Gudbrandi oc Gísla; Gudbrandr óvingast vid Jón lögmann. Magnús Jónsson dæmir vopnadóm; fráfall Arna Gíslasonar, oc Gísla biskups, enn Oddr Einarsson kemr í hans stad; taka til mál Gudbrands biskups oc Jóns lögmans, oc segir jafnframt frá mörgu ödru; enn Páll á Stadarhóli vill fá Halldóru biskupsdóttr, at Helgu Aradóttr konu sinni lifandi. Mál Gudbrands biskups oc annara manna; einnin frá máli Biarnar Magnússonar; enn eptir þat kemr hardi vetr, oc mörg umskipti; segir medal annars frá vidtali Odds biskups Einarssonar, oc Ragnheidar Pálsdóttr at Hollti í Önundarfyrdi.

I Cap. Imsir höfdíngiar taldir, oc fleiri menn.

I þann tíma er Islendíngar unnu eyda Kristiáni þridia Dana konúngi oc Fridriki syni hans, oc páfatrú var fyrirbodinn á öllu landi, var Otti Stigsson hyrdstióri eda höfudsmadr, enn biskupar, Marteinn Einarsson í Skálhollti, oc Olafr Hialltason at Hólum; Erlendr Þorvardsson á Strönd í Selvogi, hafdi lögsögn sunnan oc austann, enn Ormr Sturluson nordann oc vestann; Ormr hafdi farid utann, er hann var úngr, oc sem hann var í Danmörku, í húsi nockurs tígins manns vid dryckiu, hafdi hann hengt hvaltannar lúdr sinn silfrbúinn á nagla einn; þar kom inn Fridrikr son Christiáns konúngs med hofmeistara sínum oc ödrum sveinum, enn Ormr kenndi hann ei. Konúngs son leit á lúdrinn, oc skodadi hann, oc spurdi hverr ætti? Ormr svaradi at hann heyrdi hinum únga herra til ef hann vildi eiga. Konúngs son leit til hofmeistarans, oc vildi láta hann launa fè, enn þess er ei gètit hvert af því vard; er mælt at konúngsson hafi heitid því, at reinast Ormi nádugr herra, þegar hann fengi meiri rád enn þá voru, oc neyta hönum aldrei um þat er hönum væri gagn í, oc þess naut Ormr opt sídann; Ormr setti saman sakargiptir um Þorleif lögmann Pálsson, Petr Einarsson, oc Dada, er þeir kölludu róg, er þó ei gètid at til skada kæmi. Ormr fèck Þorbiargar dóttr Þorleifs Grímssonar á Mödruvöllum, oc Sigrídar Sturludóttr, er þau voru bædi XIX vetra, þau biuggu undir Felli á Fellsströnd, hafdi Ormr talid sèr VI hundrud hundrada, hálft í föstu enn hálft í lausu, enn sumir segia XII hundrud hundrada; enn Þorbjörgu voru gefinn III hundrud hundrada, adrir segia VI; Ormr tók vid lögsögn eptir Þorleif Pálsson, oc hèllt Múnkaþverár klaustr, hann seldi Dada í Snóksdal Saudafell, er þeir Jón biskup oc synir hans ákærdu, oc fleiri jardir; hann var eptirlátr vid of í lögsögn sinni, oc neytadi engum, var þat máltak hans vid hvern mann: þat skaltu fá, þat skaltu fá; var opt hver hans úrskurdr í móti ödrum, svo at dómar hans voru nærsta haldnir ómyndugir, fèck hann af slíkum undarlegum frammferdum óvild höfdíngia, oc kom svo at þeir klögudu hann; var oc eckert hóf á örleika hans, oc hèt hann því mörgu er hann hafdi eigi til,

fyrir því endtist hönum lítt, þó hann tæki erfdir miklar, oc hefdi inntektir stórar. Asmundr er sagt hafi heitid bródir hans Sturluson, oc hefir hann annad tveggia eldri verid miklu oc ecki sammædra, edr hann hefir verit bródir Orms at móderni einu, því at Gudlaug dóttir Finnboga lögmanns, módir Orms, var fyrri gipt Oddi lögmanni Asmundarsyni; son Asmundar Oddr var þá roskinn er hèr var komid, hann var fadir Rafns í Skördum; enn þeir voru synir Rafns, Petr hinn sterki, oc Jón fadir Rafns á Ketilstödum, oc Eyrikr. Erlendr lögmadr var vígamadr sem sagt hefir verid, oc kom sèr framm med því hann fylgdi vel Gissuri biskupi móti páfasid, hann var forn í háttum, enn þó vitr oc forsiáll, hann var haldinn qvenna madr oc margkunnugr. Sigurdr í Búdardal átti Steinunni systr Orms lögmanns, þeirra son var Jón rebbi er niósnadi til Stadar fyrir Dada; Eggert son Hannesar hyrdstjóra Eggertssonar, oc Gudrúnar Biarnardóttr Gudnasonar, bió at Bæ á Raudasandi, hann var edalmadr ríkr, oc óvildarmadr Orms, hafdi hann hyrdstjóra umbod nockra hríd; Biörn hèt bródir hans, er mægdist vid Dada; fleiri voru nidiar Biarnar Gudnasonar ríkismenn vestra, Torfi son Sigfúsar Brúmannssonar, oc Jón Olafsson í Hiardardal, hann hafdi syslu í Dölum medan Olafr fadir hans í Þernuvík lifdi, sá er hafdi syslu í Isafyrdi um hríd; Jón átti Þóru dóttr Biarnar Gudnasonar, oc höfdu þau samann verid XVII vetr er aftaka Jóns biskups skèdi; Torfi á Kyrkiubóli í Lángadal var son þeirra, er sídann fèck Þorkötlu dóttr Snæbiarnar Halldórssonar austann frá Keldum, hún var mikil skartskona, þeirra son var Snæbjörn prestr í Kyrkiubóli; Olafr í Hiardardal oc Biarni í Önundarfyrdi fadir Brynjólfs prests í Hiardarhollti, oc Brynjólfr er átti Brigidu dóttr Pantaleons prests, voru seinni konu synir Jóns Olafssonar, þá bió í Snóksdal Dadi Gudmundarson, oc var ríkr oc audugr, oc hafdi konúngstraust mikid; hann hafdi ímist syslr, stundum Stranda eda Dala eda Bardastrandar, stundum allt Þórnessþíng eda Borgarfiörd, oc þarmed Prófastsdæmi. Ingvildr Arnadóttir var lengi fylgikona hans, enn önnr Evphemia Petursdóttir, hún var heima í Snóksdal, oc vyrdi hann hana sem eginkonu sína, enn þó gipti hann hana Biarna Sumarlidasyni á Fellsenda, oc gaf henni Bæ i Hrútafyrdi L hundrud, skyldi sú jörd aptrhverfa í ætt Dada, ef hún ætti ei börn, oc vard þat. Dadi átti Gudrúnu Einarsdóttr systr Marteins

biskups, þeirra son var Einar; Þórun hèt dóttir Dada, hennar fèck Biörn Hannesson bródir Eggerts, oc er margt folk frá þeim; margt er oc komid frá systkinum Dada í Dölum oc vídar. Petr Einarsson bródir Marteins biskups hafdi þá einn mestann uppgáng í landi hèr; Jón Jónsson í Bæ hafdi Borgarfiardar syslu, Jón Biarnarson Arness-syslu, Páll Vígfússon at Hlídarenda Rángárþíng; Jón Hallsson skáld at Næfrhollti, oc at Eyvindará, hafdi haft þar syslu, oc átt þá Holmfrídi Erlendsdóttr, veit eg ógiörla hvert hann lifdi er hèr var komid; Biarni Erlendsson á Ketilstödum hafdi Múlaþíng. Þorsteinn Finnbogason lögmanns þíngeyar þíng, hann var þá gamall, enn synir hans nefndarmenn, Nicolaus oc Vígfús; Þorleifr Grímsson bió at Mödruvöllum í Eyafyrdi, oc hafdi Vadlasyslu er hèr var komid, hann var audugr miög, Grímr hèt son hans, enn dætr Halldóra, er Ari lögmadr hafdi átta, Þurídr, hún var gipt Eyriki syni Sniólfs undir Ási Rafnssonar lögmanns; Þorbjörg átti Orm Sturluson, Sigrídr Eggert Hannesson. Hallótta var lengi ógèfinn heima. Þormódr Arason hafdi Húnavatnsþíng, bródrson Biarnar í Ögri. Gísli Hákonarson bió at Hafgrímstödum í Skagafyrdi, enn adra stund at Leiníngi í Eyafiardardal, hann var þá gamall, enn synir hans voru mannadir; Biörn prestr var officialis; Gunnar er sagt búid hafi at Ökrum í Skagafyrdi, enn þat var þó eign Jóns Grímssonar, oc seinna bió hann at Vídivöllum; Arni hèt einn, hann giördist seinna mikill höfdíngi, oc med því bragdi voru Gíslasynir allir; margir voru þá uppi fleiri nefndarmenn, þótt eg kunni fáa at nefna, enn þessara má gèta. Jón Magnússon bió at Svalbardi vid Eyafiörd, Þorlákr Einarsson bródir Gissurar biskups at Núpi í Dyrafyrdi, Þórdr Gudmundarson at Þíngnesi í Borgarfyrdi, Brynjólfr Jónsson í Biarnanesi austr; Biörn Þorvaldsson at Æsustödum í Eyafyrdi, Ormr Jónsson at Drablastödum nordr, Einar Brynjólfsson at Espihóli, Magnús Biarnarson at Reykium í Túngusveit; þá voru enn Jón Grímsson, Stígr Höskuldarson, oc synir Torfa í Klofa oc sonasynir; Torfi Sigfússon at Hrauni í Dyrafyrdi, Egill Jónsson at Skardi í Lángadal Einarssonar, hann var yfirgángsmikill, Oddr Gottskálksson at Reykiahollti, Snæbiörn Halldórsson at Keldum, Arni Petrsson í Storadal í Eyafyrdi, Þorbergr Bessason, Biarni Skúlason voru enn uppi. Þessir voru fremstir af Klerkum er þá voru; Sigurdr prestr Jónsson at Gren-

jadarstad nordr, Biörn prestr Gíslason, hann hèllt þá Mödruvalla klaustr, Jón prestr Matthiasson at Breidabólstad, Loptr prestr Petursson í Vídidalstúngu, Gottskálk prestr Jónsson í Glaumbæ bródir Egils at Skardi, Torfi prestr í Saurbæ, son Jóns priors Finnbogasonar lögmanns, hann var svo fastheldinn vid hinn forna sid, at hann misti prestskapar sídann, hans dóttir var Málmfrídr milda; fleiri voru mikilsháttar fyrir nordann land, enn fyrir sunnann, oc svo vestra oc eystra: Snorri Hiálmsson í Hollti prófastr, Brynjólfr Halldórsson í Odda, Oddr Halldórsson í Gaulveriabæ, Simon Jónsson í Kálfhollti, son Jóns raudkolls Hédinssonar, Biörn Olafsson í Hruna, Loptr Narfason í Gördum á Alptanesi, þar lifdi þó Einar prestr Olafsson, oc svo miög lengi þar eptir, var hann gamall heldr enn þótti jafnan mikilmenni; Olafr Kolbeinsson var at Saurbæ á Hvalfiardarströnd; Jón Einarsson yngri bródir Gissurar biskups at Mosfelli í Grímsnesi, Asgeir Hákonarson at Lundi, Eyrikr Jónsson at Reykiahollti, Loptr Þorkelsson at Husafelli, hann segia menn verid hafi son Þorkels Vellíngs í Skorradal, oc födrfödrbródr Asgeirs prests at Lundi, hefir hann verid yngri miklu brædra ef svo er, oc þó gamall er hèr var komid, hann var fadir Skapta prests at Setbergi, oc Ingibiargar módr Arngríms lærda, oc þiónadi Reykhollts kyrkiu þá Oddr Gottskálksson hèldt stadinn. Eyrikr Grímsson var at Gilsbacka, Freysteinn Grímsson í Stafhollti, Arni Arnórsson í Hytardal, sá er mest var hraktr, Finnr bródir hans var oc prestr, hann átti Jófridi, þeirra son var Steinþór er syslu hafdi á ströndum, oc Akramenn eru frákomnir. Þorleifr son Biarnar Þorleifssonar var at Stad á Reykianesi, Gísli Jónsson í Selárdal, Jón Þorleifsson í Vatnsfyrdi, Einar Arnason eystra.

II Cap. Frá sonum Jòns Magnússonar, oc Helgu.

Jón Magnússon at Svalbardi átti Ragnheidi Petrsdóttr Loptssonar, þeirra synir voru Magnús, Jón, Páll oc Sigurdr, þeir voru allir mannvænlegir at siá oc vel viti bornir, oc launson átti Jón Magnússon er Kolbeinn hèt, sem Magnús segir í visunni:

. . . .

Sigurdr, Jón oc Kolbeinn Klackr,
kenni eg giörla hann Mánga,
oc þó hann Páll sè augnaskackr,
allir meiga þeir gánga.

Magnús bió í þann tíma oc var qvæntr; dætr Jóns Magnússonar voru: Þórdys er gipt var Þorgrími Þorleifssyni í Lögmannshlíd, Steinun er fylgt hafdi Byrni presti biskupssyni, oc Solveig er átti Philippus er veginn var at Svínavatni. Ragnheidr kona Jóns Magnússonar var öndud, oc hafdi hann fengid Gudnyar dóttr Gríms Pálssonar, hún hafdi ádr verit gipt Jóni Sturlusyni, oc var þeirra son Grímr tvídaudi, hinn ódi madr, enn dóttir hennar var kona Magnúsar; ecki áttu þau Jón Magnússon oc Gudny börn samann, voru þau gömul bædi, enn Jón hafdi umbod Gríms í fyrstu, því Grímr átti LXVII hundrud, enn Magnús tók vid sídann, oc hafdi umbodid í VI ár; var þeim fedgum dæmt at gæta Gríms, oc lagt fyrir hann forlag, enn Þareptir erfdi Gudny Grím. Jón Magnússon var sár lengi, því at sú sótt var þá tíd, enn nú veit engin víst hve hún var, vildi hann ei láta græda sig. Þórunn dóttir Jóns biskups Arasonar bió at Grund í Eyafyrdi, oc var köllud húsfrú, hún var hardsinna oc ríklundud, þar ólst upp med henni Helga dóttir Ara lögmanns, henni var miög haldid framm, oc hafdi mikid yfirlæti. Þat var einn dag at Þorleifr á Mödruvöllum módrfadir hennar reid í Kaupstad, oc Solveig kona hans; þá fór Helga at heimann, oc reid vid fimta mann til Mödruvalla, allt at túngardínum, oc lèt þá þar aptr hverfa, enn hún fór heim; Hallótta var heima oc nockr úngmenni. Helga var allann dag í Kyrkjunni, oc leitadi lykla Þorleifs, fann hún þá um sídir undir Þilgólfinu, oc lauk upp kistum þeirra Solveigar, skodadi hún öll brèf þeirra, oc tók sitt brèf úr hverri kistu Þorleifs, þau voru III, var eitt med þremr innsiglum, annad med tólf, hid þridia var pappírsblad, þat reif hún í sundr, oc trad ofann í gólfþilsholurnar med knífi; Hallótta gèck framm oc aptr um kyrkiuna og gætti ecki ad, enn bad hiartans systr sína ad taka ecki brèfinn. Helga svaradi: Gud láti þat satt vera systir mín god! eg svíki þig ecki; hún var þar allan dag til náttmála, komu þá aptr menn hennar og reiddu hana heim. Þorleifr fèck aldrei at vita þennan atburd, enn saknadi þó brèfanna, fèck Sol-

veig svo umstillt at Helga skiladi þeim aptr þremr vetrum seinna, er hún hafdi látid eptir þeim rita, var þeim komid í kistu Þorleifs, oc fann hann þau þar ófyrirsyniu; mælti hann þá sem hann var vanr þá hönum gèck nockud í vil: Gud oc hinn mildi Martinus sè lofadr, hann gefr oss nógu gott. Þó var spillt brèfum Þorleifs af ættmönnum Jóns biskups, oc leiddi af ágreinínga sídann. Páll son Jóns Magnússonar á Svalbardi, setti miög hug sinn eptir Helgu, hann var brotamikill oc undarlega látadr enn þó vel viti borinn.

III Cap. Skólaskipan oc önnr breytni.

1552 Páll Hvítfeldr höfudsmadr skipadi tvö Latínuskóla at konúngsbodi, annan í Skálhollti enn annann at Hólum, skyldi at Hólum vera einn skólameistari oc einn heyrari, oc XXIV ölmususveinar á stólsins kost, enn til launa skólameistaranum oc heyraranum, skyldi Páll Hvítfeldr taka af Dómkyrkiupeníngunum, svo margar jardir oc kúgildi sem þörf syndist; fyri því kom út med Olafi biskupi til Hóla skólameistari danskr, sá er Laurentius hèt; enn í Skálhollti skyldi vera einn Rector, tveir heyrarar oc XL skólasveinar, var ætlad í laun skólameistarans afgiald af Þerney, oc VI jördum ödrum er Skálhollts kyrkia átti þá sudr med sundum; oc svo at þvílík skipan konúngs hindradist sídar, fyrir lærdómsleysi manna í landi hér, var sendr út til Skálhollts danskr skóla-
1553 meistari er Olafr hèt; enn Christián konúngr gaf út nádarbrèf sitt sunnudaginn Oculi þar eptir, í Nyborg, fyrir medalgaungu Doctors Petrs Palladii, oc lagdi Skólameistaranum á Hólum Krossanes med tveggia hundrada landskuld oc V kúgildum, Hól med hundrads landskuld V kúgildum, Asláksstadi med hundrads landskuld, V kúgildum, Steinstadi med II hundrada landskuld, V kúgildum, Engimyri med hundrads landskuld, V kúgildum, Búdarnes med hundrads landskuld, V kúgildum, Efstaland med hundrads landskuld, V Kúgildum, oc Myrkárdal med hundrads landskuld V kúgildum; enn heyraranum lagdi hann Gardshorn med hundrads landskuld oc V kúgildum, Litla Arskóg med tveggia hundrada landskuld VI kúgildum, oc Halland med tveggia hundrada landskuld V kúgildum; skyldu þær landskuldir oc kúgildi haldast vid

af fè stiptisins svo at eigi fèlli af; fóru í þann tíma þángad med ödrum í skolann Gudbrandr son Þorláks prests Hallgrímssonar, hann var þá *XI* vetra, oc Einar son Sigurdar prests Þorsteinssonar oc Gudrúnar Finnbogadóttr, hann var þremr vetrum eldri; lagdi nú Olafr alla stund á er mátti, at burttaka oc brióta krossa oc líkneskiur, þar sem hann ætladi til vantrúar oc áheita haft vera; hann braut kross á Stad, oc annan at Bardi er mestr átrúnadr var á hafdr; enn ei hafdi hann miög at fagna biskupstigninni, heldr vard hann at mæta margskonar mædu oc mótgángi, óvild oc fyrirlitníngu af sumum, er fast fylgdu hinum forna sid, enn hötudu hinu nya; þótti þeim hann smáættadr, oc rausnarminni enn þeir er fyrir hann voru, oc mundu þó þat framar auglyst hafa, nema hrædsla fyrir konúnginum oc eydum þeim hinum sterku, er þeir höfdu hlotid at vinna, hefdi í móti stadit; var enginn erfidari enn Þorunn á Grund dóttir Jóns biskups, vildi hún enganveginn afleggia hinn forna átrúnadinn, oc ecki gialda skyldr sóknarpresti þeim er biskup skipadi þángad; bækr voru þó þá útkomnar fáeinar í landi, prentadar, hafdi Oddr Gottskálksson lagt út nya Testament oc Corvinusar postillu, einnin píníngar historiu, hinn LIII Capitula Esajæ spámanns med nockurri útskyríngu, oc um eydíngu Jorsalaborgar, enn þat þrennt eptir þat er Olafr biskup kom út. Miög var þat á annan hátt enn fyrr hafdi verid, um fèdrátt undir kyrkiur, á dögum Olafs biskups, því hann giördi brèf oc samníng um kyrkiuskuld at Asi í Kelduhverfi, þridjudaginn fyrir Ægidiusmessu, vid Vígfús bónda Þorsteinsson er Þíngeyar syslu tók eptir födr sinn; gètr hann þar þess, at Vígfús bóndi sagdi kyrkiuna eiga XX hundrud í heimalandi at skipan biskupa, enn kyrkiur eigi ecki, at Guds lögum fornum, oc tilætlan þeirra er þær lètu smída af ást vid Gud, at eiga neina fasteign, hèldr uppheldi þeirra er þeim þiónudu, fyri því skyldi Vígfús bóndi laus vera af þeirri áþian er hinir fyrir biskupar hefdi ránglega innleidt, oc greida kyrkiunni at eins XX hundrud í frídum peníngi, taka þar uppi kyrkiu uppgiördina fyrir XII hundrud oc þat hann galdt henni merkr kaleik fyrir IV hundrud, messubók fyrir þriú hundrud, oc tvo koparhiálma fyrir I hundrad, oc giöra uppkórinn, enn leysa til sín ólöglega undandregid heimaland, fyrir þetta hèt Vígfús biskupi

fylgi sínu, oc svo þeir hverr ödrum, oc má þat ætla at eigi hafi minnst studt rád hinna fyrstu biskupa er fylgdu hinum nyu sidum, þá er þeir fengu fylgi leikmanna ríkra, er leidr var hinn forni ágángr.

IV Cap. Frá Marteini biskupi.

Marteinn biskup í Skálhollti lèt þessi missiri reka heim XIV kúgildi frá Hofi, hann átti oc vid at strída margfalda þverúd oc þrályndi flestra hinna eldri manna, er ei vildu láta hinn forna sidinn, oc svo fáfrædi hinna úngu presta, er hann hlaut at vígia hveria þá sem hann fèck, oc fá þeim bækr er þeir þurftu at hafa, ef þeir máttu lesa á bók, hafdi oc hatr oc óvild af vinum oc vandamönnum Jóns biskups Arasonar, einnin í embættisferdum sínum; hann visiteradi þetta sumar er nú hefir verid gètid, þar qvedr svo at í visitatiu hans um Rángarvalla syslu: kyrkiann at Eyvindarmúla á prestskyldu í heimalandi eptir gömlum máldaga, oc liggia til tveir bæir, þar fæ eg eckert svar. Kyrkiunni í Dal hafdi Ejólfr lögmadr gèfid hálfa sydstu Mörk, oc Saudahússvöll hálfann undir Ejafiöllum, átti kyrkiann ádr bádar þessar jardir hálfar fullkomlega, þar fæ eg hiá Ejólfi engann reikníng, segir Marteinn biskup; enn Ejólfr var mágr Jóns biskups sem menn vita, oc sonarsonr Ejólfs lögmanns; oc svo var vídar; seinna var oc fleira þat er tilbar, Marteini biskupi til mótfalls, oc mun þat enn greint verda.

V Cap. Frá ríkismönnum.

Um sumarid kom út Páll Hvítfeldr hyrdstióri, oc med hönum konúngsmadr Danskr Jacob Hvíti, oc Jón Simonarson lögmadr í Noregi, nafnkunnr madr; Páll Hvítfeldr lèt Eggert Hannesson halda umbodi því er hann hafdi; hönum höfdu fyrst verid fengnir Bessastadir oc Gullbríngusysla, enn þat ár er Jón biskup lètst, hafdi hann haldit Isafiardarsyslu, oc látid þá dóm gánga um Olaf Gunnarsson oc brædr hans, er fóthiuggu Brynjólf Sigurdarson; þadann hafdi hann farid til Flensborgar, enn komid út aptr vetri

sídar; Páll Hvítfeldr var bródir Kristofors Hvítfelds, oc hraustr madr, hann flutti út vid til Dómkyrknanna; hann útgaf þetta sumar medkenníngarbréf sitt konúngsins vegna, fyrir hálfu lausa fè Jóns biskups oc sona hans, er konúngi hafdi dæmt verid. Pètr Einarsson hèldt þá Reinistadar klaustr eitt ár, oc skyldi gialda eptir XV Joachimsdali, oc uppheldi abbadysarinnar oc systranna; hann vildi ecki gialda, oc því tók hyrdstiórinn þat af hönum med brèfi at bodi konúngs, tók þá fyrst at þverra vinátta Dana vid hann; ímsir ríkismenn hèldu konúngsjardir í fyrstu fyrir lítil afgiöld, vídar enn þeir sátu siálfir á. Páll Vígfússon at Hlídarenda segia menn um nockr ár hafi goldid XIV dali eptir XIII jardir í Kiósar oc Arnesssyslum, oc V í Rángarvallasyslu; enn Dadi eptir alla þá syslu er hann hèldt, III tunnr smiörs, oc tveggia edr þriggia manna útgiörd sudr á Nes um vertíd; Dadi hafdi oc haft fyrir nockrum árum af Marteini biskupi prófastsdæmi milli Geirhólms oc Lánganess, enn prófastar tóku þá sakeyri oc giaftolla; þessi missiri fóru fram dómar nockrir; einn af Jóni bónda Jónssyni syslumanni í Þverárþíngi um ólöglega jarda ábúd; annar at Storólfshvoli, lèt Páll Vígfússon dæma um vinnufolk siúkt, enn Dadi Gudmundarson XII manna dóm um lausa menn; hyrdstjórinn hafdi tekid af Ormi Sturlusyni lögdæmi oc Múnkaþverár klaustr, oc veitt klaustrid Grími syni Þorleifs Grímssonar, hann hafdi þá umbod födr síns í syslunni; hann lèt dóm gánga at Spialdhaga á þriggia hreppaþíngi um klögun Þorleifs, at Grímr fadir hans hefdi fengid Vígfúsi Erlendssyni jardir, í samníng uppá rèttarbót Hákonar konúngs, er Þorleifr þóttist eiga oc systkin hans, med því rèttarbót sú hefdi ónytt verit, oc dæmdust Þorleifi oc hans systkinum jardirnar. Konúngr veitti Ormi aptr lögsögn oc klaustrid, enn þó skyldi hann eigi lög seigia fyrrenn goldit hefdi konúngi skuldir sínir. Þorsteinn bóndi Finnbogason gaf Byrni presti Gíslasyni, þá hann lifdi, brennistein í fremri námum, því hann átti brennistein allann; ætla eg hann andast hafi á þeim missirum í Hafrafellstúngu, oc þótti verid hafa hiöldíngi mikill, því þá fèck Nicolás Þorsteinsson Vígfúsi bródr sínum brennistein í fremri námum oc Hlídarnámum. Vígfús hafdi lengi haft syslu í Þíngeyarþíngi med födr sínum, edr til skipta vid hann, hann bió at Asi í Kelduhverfi, oc átti Önnu Ejólfsdóttr frá Dal, oc Hólm-

fridar Erlendsdóttr, voru þeirra börn Þorsteinn, Jón oc Þorbjörg. Þau missiri hafdi Ormr Sturluson Húnavatns syslu, því konúngr hafdi veitt hönum hana ásamt lögdæmi, oc skyldi hann hafa afgiöld hennar í lögmannslaun, enn þat vard eigi lengi. Þá festi Þorsteinn Gudmundarson Þorunni á Grund, unnustu sína forna, med rádi Sigurdar prests bródr hennar, oc taldi sèr III hundrud hundrada, enn Þorunni VII hundrud hundrada, voru þrímennings mægdir á, enn Olafr biskup oc Ormr lögmadr leifdu þat hiónaband eptir rèttum Gudslögum; gètit er oc fleiri giörnínga Orms, oc svo annara manna, medal þess var at Jón bóndi Magnússon á Svalbardi oc Gudny kona hans, seldu Gunnari Gíslasyni Mannskadahól, í umbodi Magnúsar sonar Jóns, oc Jón Olafsson keypti tilkall í Hiardardölum bádum, er Gudmundr Gudmundarson oc Sigrídr kona hans mætti eiga.

VI Cap. Tregleiki á Sidabreytni.

Ecki var þat svo audveldt sem menn kynni hyggia verid hafa, þar sem svo mikill ótti hafdi verit syndr landsmonnum, at koma hinum nya síd á, enn aftaka forn hindrvitni; hèldu þar til margar orsakir; lènsmenn þeir er af konúngs hendi voru skipadir, höfdu byriad sidaskiptinn med ágyrni oc áseilni, oc urdu þau því framar óvinsæl, enn af hinum nískipudu biskupum leitudust þeir vid at draga valdid med öllum hætti, þar sem andlegir voru nú jafnt sem veraldlegir komnir undir konúnginn, þurfti sá afdráttr at vera um sumt er offrekt var ádr, enn hvergi nær um allt. Þverrudu oc inntektir biskupa stórum þegar aflögdust vökr, messr, sálumessr, osttollr, skædatollr, lambatollr, fiskatollr, oc annad er skylda var köllud, oc fylgdi hinum forna síd, oc renadi álit þeirra med mínkun inntektar; enn vid þat er slíkt vald gèck frá biskupum sem ádr var, at refsa stórbrotamönnum, voxu ósidir oc siálfrædi, er folk allt var þeckíngarlaust, oc hafdi ei enn med röksemdum kènnt ordit at hinn nyi sidrinn væri betri, nè hafdi vit eda vilja til at sjá slíkt; mönnum var at eins naudgat til at fylgia hönum; ætludu þá sumir at lausir mundu vera vid allt lögmál, oc alla kyrkiusidi, enn tilbádu þó ei at sídr helga menn, bylæti oc krossa; prestar fengu ei at halda hinum fornu tekium

sínum sem þeim var heitid, oc vildu þá ecki briótast í at framfylgia nyum síd í móti svo margra vild annara; fengust engir til þeirrar þiónustu, nema þeir sem nálega áttu ei annars úrkosti, ùngir oc líttlærdir, oc óstyrkvir í trúnni, oc vildi engin þeim hlída; prófastar höfdu fyrrum sókt sakeyri biskups af hverium manni, enn til þess at menn þyrftu ei at standa undir ákærum þeirra fyrir hveria smámuni, var þeim lagdr giaftollr af hverium manni, þat embætti tóku nú lögmenn oc syslumenn; ríkismenn framfylgdu mest hinum nya sid, oc þó meir af yfirvarpi enn enn alvoru, því þeim var leidt biskuparíkid, oc fengu nú sum þau völd er klerkar höfdu fyrri, oc gèck þat til meira enn trú, enn hiátrú oc ósidir hèldust sem ádr; voru sumir sem sáu, at raung var tilbeidsla helgra manna oc líkneskia oc slík dyrkan, höfdu þó vyrdíngu á því, oc fengu eigi skiótt upprætt med sèr ímsar hegomlegar meiníngar; adrir löstudu oc svívyrdtu allt þat er helgir dómar voru kalladir, oc höfdu þat í saur, oc til alls þess er verst var, voru þeir menn opt þeckíngarminstir, oc hneigsludu hina fyrri, enn hugdu mest á siálfrædi oc ósid; hinir þridiu voru med öllu papiskir, oc fullir hiátrúar, oc hötudu allann hinn nya sídinn, þó þeir þyrdi er berlega upp at qveda, vildu eigi hlída kenníngum nè tídagiörd hinni nyu, oc fengu sèr allt til undanbragda, giördist þá mikil óstjórn í landinu, oc hefdi meiri ordit ef menn hefdi ei brostit árædi oc færi til berlegrar uppreistar.

VII Cap. Frá Oddi Gottskálkssyni.

Þá bió í Reykiahollti Oddr Gottskálksson; hann hafdi fyrst alist upp í Noregi med Guttormi Nicolássyni fodrbródr sínum, lögmanni í Gulaþíngslögum, oc gengit í skóla í Biorgvin hiá meistara Gebelius Peturssyni, er þar var sídann biskup, oc hinn fyrsti Lútherskr, þar hlaut hann fyrst kynníngu ins nya sidar, oc styrktist í hönum med þeim hætti sem fyrri er sagt; þadann hyggia menn hann farit hafa til Þískalands, oc svo til Islands frá Hamborg eda Biörgvin, oc var med Ögmundi biskupi, þar lagdi hann út nya Testamentid, oc setti þvínærst bú at Reykium í Ölvesi; fór hann þadann útann, oc lèt prenta útleggíngu sína í

Róiskeldu; hann bió þá enn at Reykium nockra vetr, þartil hann fór útann á Vta ári biskupsdóms Gissurar, oc lèt prenta Corvinus-Postillu, hann útlagdi oc fleiri bækr, oc var ágætr madr oc nytsamr; þadann fór hann til Reykiahollts, oc hèldt þat af Gissuri biskupi, enn prestr þiónadi sóknunum; hann var oc prófastr í Borgarfyrdi, sumir seigia hann hafi oc haldid Mela, enn ei vildi hann vígslu taka, þó Petr biskup Palladius oc Gissr biskup beiddi hann þess; mælt er hann hafi ritat oc lagt út fiölda bóka, oc hafi átt af þeim kistu fulla sem taka mundi *XX* vættir smiörs; hann var stórvitr madr oc haldinn miög forspár. Þá er þeir Gissr biskup höfdu verit bádir samann í Kaupmannahöfn, oc eitt qveld úti staddir, sagdi hann at þeir hefdi mist á þeirri stundu, biskup afqvæmi sitt enn Oddr ætterni, ritudu upp stundina oc daginn, oc báru samann, reindist þat barn Gissrar biskups; annat sinn þá hann var utann med Gísla presti Jónssyni, á dögum Marteins biskups, er mælt hann hafi bodist til at sína Gísla Selárdal enn hann tók því, oc at Oddr tæki þá stein, oc hèlldi hönum í þá átt sem Island var, oc sæi hann þá Selárdal, oc Kristínu oc börninn, oc hvern mann sitia oc vera þar sem vera átti, enn slikt er ei audveldt at sanna; svo sagdi Gudmundr Þórisson er sveinn var Odds í Reykiahollti, at einhveriusinni var Oddr staddr úti í kyrkiu, oc vinnumadr hans einn, þar kom hrafn, settist á skèmmu oc gall miög; madrinn mælti: vita vildi eg nú hvad hrafninn segir; Oddr mælti: hvern góda hefir þú þaraf; enn ef þèr er mikil forvitni á þá mun eg segia þér; hann segist kroppa úr þèr augun á morgun um þetta mund, oc þad annad at ostr sè í glugganum á skemmunni oc fái hann ei nád, enn sè ostrinn ei þar, þá lígr hann allt. Ostrinn var þar, enn madrinn reid um morguninn til Snældubeinsstada at sækia hest oc teimdi hann, enn hann tók í tauminn, oc kippti hönum af baki ofann í ána, rak hann þar ofann á eyri eina, oc fannst þá hrafninn hió úr hönum augunn, oc er þar sídann köllud Hrafnseyri; af þessu hugdu menn at Oddr skildi fuglsrödd, enn þó er þat líkara at forspá hans hafi ein valdit; hann sagdi oc fyrir dauda sinn, oc med hverium atburdum skè mundi; Oddr var hár madr vexti oc þrekinn, frídr sínum, þat lítti hann þó, at hann hafdi verit stúnginn í kinnina, þá hann var úngr sveinn med födr sínum, af Olafi í Dal födr Markúsar; hönum var veitt Reinistadar klaustr

þá er hèr var komit, þat er tekid var af Petri Einarssyni, oc fór hann þángad nordr, hann tók oc vid syslu í Skagafyrdi þadann af, enn Túmi Þorgrímsson á Skídastödum var umbodsmadr hans. Oddr fèck oc brádt Húnavatnsþíng siálfr, eda hèldt þat ella í umbodi Orms lögmanns, enn Petr fór til Arnarstapa, oc sat þar med rausn um hríd, hafdi hann þar hyst miög ríkmannlega; hann átti Ingirídi systr Dada í Snóksdal er ádr hafdi at lagi verit med Olafi presti Gudmundarsyni, enn hún áskildi þat at Pètr tæki vígslu.

VIII Cap. Tilburdir.

Skriptir voru þá enn brúkadar þegar menn fèllu í stórmæli, bar þat til stundum at þær voru skipadar med ímislegum hætti, svo sem þá giördi Marteinn biskup Biarna nockrum fyrir austann; enn þat bar svo til um þann Biarna, at kona hans var málgífr mikil, oc hafdi vond ord fyri börnum þeirra, svo þar af orsakadist at hinn eldri sveinnin lagdi hinn yngra nidr, er hún var ei vid, oc skar af hönum kynsliminn, svo hann dó, enn konann bardi þann til bana er hún kom at, oc svo Biarni konuna, því hönum vard heldr til skapbrádt er hann vissi tveggia sveinanna bana af henni stadid hafa; var þeim Biarna bodid at gánga kríngum Island, oc á hveria kyrkiu, oc berfættr þá er hann þyldi, enn hann þótti ecki fær at fara útlægr af landi fyrir ángrsemi, er þat mælt at Biarni hafi gèngid þrem sinnum kríngum allt land, oc numid stadar í Skagafyrdi, oc qvænst þar oc búid, enn verit jafnan sem syrgiandi; hann bió at Efranesi á Skaga, oc hèt Arndys kona hans, enn Jón sonr þeirra, sá er ætlad var at Gudmundr Ottarsson oc synir hans hefdi myrdann í Keblavík á sió; ecki vard þat þó sannad, þó málit væri frammi haft; — þat bar enn vid nær þeim tídum, at menn ridu adfángadag fyrir jól til tída úr grafníngi upp yfir Þíngvallavatn X samann, fèll ísinn miög undir þeim á vatninu, svo menn oc hestar sucku, þeir komust allir upp, enn einn vantadi, sídann drógu þeir upp hestana alla, enn sáu ecki til mannsins, oc bidu hryggvir meir enn hálfa eykt, ef hönum kynni skióta upp, ridu á brott sídann; enn er þeir voru eigi miög lángt komnir, oc eyktinn var at

mestu lidinn frá því er hann fèll í vatnid, heyrdu þeir kall á eptir sèr, oc snèru þegar aptr at vökinni, hafdi hann þá komid upp hökunni, oc fest á skörinni, oc hèldt sèr svo, enn þeir drógu hann upp oc færdu í þurrklædi, var hann óskèmdr, oc reid eptir þeim til Þíngvalla, oc qvad sèr svo verit hafa, sem vatninu hefdi verit haldit frá vitum sèr.

IX Cap. Frá höfdíngium.

Vetr sá hinn nærsti var fellivetr mikill, oc giördi öskufall, kom upp eldr í fiöllunum fyrir framann Heklu milli krossmessu oc fardaga oc var uppi VI vikr, hann var döckraudr at siá, oc voru þrír á qvöldinn, stódu þeir rètt í lopt upp, hátt miög, oc voru þá landskiálftar miklir í hálfann mánud, svo enginn þordi inni at vera, oc lágu menn í tiöldum; þá kom út med hyrdstiórn Knútr Steinsson, oc med hönum Páll Hvitfeldr, hann var á þíngi um sumarit, enn fór sídann útann, oc hafdi þar hin mestu völd; hann nádadi þá Odd prest, launson Þorsteins Gudmundarssonar á Grund, Oddr átti Geirdysi Torfadóttr frá Saurbæ, enn naudgadi systr hennar er Arnfrídr hèt, hún var á barnsaldri, oc var sídann gipt Halli Magnússyni; Oddr fèck at halda lífi, enn var þó dæmdr ádr til limaláts, oc vard hann prestr aptr seinna í Tungu í Steingrímsfyrdi, hans börn voru skilgetinn, Nicolás, Jón, Þorsteinn prestr, Sigrídr oc Gudrún. Þeir voru bodadir útann um sumarit á konúngsfund, Marteinn biskup oc Jón prestr Biarnason þá kom oc út brèf konúngs er dæmdi erfíngium Lopts Ormssonar Stadarhól; Einar prestr Arnason fèck Skrídu klaustr med XXX dala afgialdi, oc Kyrkiubæar klaustr fyrir XL; madr var veginn í Tungurèttum, oc annar andlitsklófinn í Grafarrèttum; hyrdstjórinn tók klaustr af Ormi Sturlusyni, því hann fèck ei eptir goldit, oc hafdi þó seldt eina konúngsjörd í óheimild, oc þar med lögsögnina; er mælt at konúngi hafi þat mislíkad, enn höfudsmadrinn þó rádit, enda fèck Ormr þúng mótmæli; giördist Oddr Gottskálksson lögmadr í stad Orms; Erlendr lögmadr Þorvardsson var þá blindr af elli, oc lèt af lögsögn fyrir sunnan, tók þar vid henni Eggert Hannesson, hann bió þá at Nesi vid Seltiörn, oc fèck forrád yfir Bessastödum, þar misti hann konu sinnar Sigrídar

Þorleifsdóttr, oc sídann barns þeirra, oc erfdi bædi; hann hèldt oc bú í Vídey, oc var Cecilia Jónsdóttir rádakona hans fyrir því, hún var fylgikona hans, oc jafnvel medann Sigrídr lifdi, voru þeirra börn Jón murtr oc Ragnheidr. I þann tíma var mikill uppgángr sona Gísla Hákonarsonar á Hafgrímstödum, Biörn prestr fyrir nordann var fyrir þeim, oc Arni, hann átti Gudrúnu dóttr Sæmundar Eyríkssonar í Asi í Holltum oc Gudrídar Vígfússonar lögmanns Erlendssonar; Sæmundr var bródir Jóns prests í Vatnsfyrdi, oc erfdi Jón prest bródr sinn, enn Arni Sæmund, því Gudrún var einberni hans. Arni var vel viti borinn, einardr oc hamíngiusamr, á lèttasta skeydi, hann hèldt Vatnsfiardarstad nockr ár fyrir Jón prest, oc tók upp mál hans fyrir Oddi lögmanni á alþíngi, taldi heimsóknir oc fiár upptektir mága Biarnar Gudnasonar fyrir Jóni presti er þá var andadr, oc las upp lánga rollu lióta med brèfum oc sannindum, um margar hardar heitíngar, stórlát oc ill ord oc verk þeirra vid Jón prest, oc menn hans oc landseta, hellst þat er Sigfús Brúmannsson hefdi tvisvar eda optar gripit penínga í Hörgshlíd, oc Botni í Miófafyrdi, jördum Jóns prests, brotit upp hús med reiddri öxi, hótad ábúandanum sjúkum liggianda í rúmi sínu bana, med stórum heitíngum, oc kallad af hönum í landskuldar skyni hvad sem hann vildi hafa; einnin af konum þeirra manna er þær voru einmana heima, hafi hann hrædt oc kúgad hvad er hann vildi; einnin hafi Eggert Hannesson ridit heim í Vatnsfiörd med flock manna, oc giört þar miklar árásir Jóni presti, oc hversu mörg góð ord oc fridsamleg lagabod sem hann hafi fyrir sig bodit, hafi þat alls ecki stodad, enn Eggert lyst sektum yfir mönnum Jóns prests, oc útlegd, fyrir þat þeir vildu fylgia húsbónda sínum; fyrir því hafi jardir hans legit í eydi *X* eda XI ár, er enginn treystist at taka þær til leigu af hönum, enn þessir arfar Biarnar Gudnasonar tóku kúgildinn; enn er Jón prestr var siónlitill ordinn oc nær áttrædr, qvad hann Eggert hafa tekit skip af mönnum hans í Bolúngarvík oc Furufyrdi, hrædt af landsetum hans landskuld oc kúgildi, svo hann hafi neydst at sídustu til at fridkaupa sig med því at fá Eggerti farmaskip mikit fyrir engann peníng; þar med þá mága Eggerts, Biarna Narfason oc Sigfús Brúmannsson farit hafa at Sæbóli í Adalvík, borit þar út úr bænhúsinu skreyd Jóns prests,

oc flutt á brott at hönum á siáanda oc mönnum hans, oc þótt hann bydi þeim lög fyrir sig, oc sína menn oc peninga, afsögdu þeir slík bod med mörgum ovyrdíngar ordum; lysti Arni Gislason fyrir dómi fullum sökum oc sektum vegna konúngs oc karls, þessum mönnum á hendr, fyrir allar adtektir í því máli; dæmdi þá Oddr lögmadr um eitt gripdeildamál á þeim jördum, í millum Arna, oc Torfa sonar Sigfúsar Brúmannssonar, oc vard Torfi skyldugr því aptr at skila sem hann hefdi ránglega gripit, oc svara lagasektum; enn af því at hveritveggi framháru at nyu konúngabrèf oc lögmannadóma fyrir sínu máli, þá voru hverstveggia brèf oc skilríki dæmd framm fyrir konúnginn oc hans ríkisrád, oc hveritveggi skyldugir at vera til andsvara á hinu nærsta sumri; þau missiri lèt Oddr lögmadr dóm gánga í Bólstadahlíd med VI mönnum, um grip á hesti fyrir Þórdi Gudmundarsyni, er Gunnlaugr prestr hafdi fengit Eggerti bartskèra, oc hann selt sudr í Ölvesi, voru dómsmenn Gísli Jónsson, Jón Gíslason, Gudmundr Skúlason oc þrír adrir, urdu dæmdar sektir til konúngs oc karls, presti; annan dóm lèt hann gánga á Spialdhaga, eptir höfudsmannsbodi, um Odd prest Þorsteinsson er fyrri gètr; þeir voru þá at eins lögrèttumenn, er ádr voru syslumenn í Húnavatnsþíngi, Þórmódr Arason, oc Páll Grímsson, ásamt Oddi Asmundarsyni, Gudmundi Skúlasyni, er eg hygg son Skúla Gudmundarsonar Skúlasonar Loptssonar, oc ödrum. Oddr lögmadr dæmdi oc á alþíngi um arf eptir Halldór Brandsson, er Tumi Þorgrímsson á Skídastödum deildi um vegna Jóns Finnbogasonar, vid Einar prest Magnússon; sá Einar var son Magnusár á Reykjum Biarnarsonar, oc fór austr sídann, hann var deyrinn, oc verdr enn nefndr; gétit er oc fleiri dóma oc giörnínga, oc þess at Jón prestr Þorleifsson Gudmundarsonar Andressonar, var þá officialis Skálhollts kyrkiu, oc prófastr milli Gilsfiardar oc Audna, oc gaf menn qvitta um sakfelli.

X Cap. Frá Sturlu Smid, Sagnir.

Þann tíma var uppi sá madr er Smída-Sturla var kalladr; svo seg'a sumir menn, enn eigi veit eg sann á því, at Vilhiálmr hèti fadir hans, oc hafi verit biskupssveinn, manna frídastr oc

gervimadr mikill, oc kalladr af því barna Vilhiálmr at hann afladi á einni för med biskupi margra barna. Sturla var knálegr madr, oc hinn mesti smidr, er mælt hann færi úngr útann, oc kæmi sèr svo framm, at hann fengi heit fyrir greifadóttr einni, ef hönum misynnist eigi smída-þraut sú er fyrir hann var lögd, hafi hún setit á stóli fyrir hönum í skarti, medann hann vann verkid, oc þat hafi glapt hann svo, at nockut misvannst ádr lauk, hafi hann þá ei viliad nióta hennar, oc átt þó enn kost, oc þat verit illa vyrdt fyrir hönum; sídann færi hann til Islands, oc hefdi lítit yfirlæti. Þat er enn sagt hann kæmi á Strandir á bæ einn er bóndi var ei heima, oc bædi húsfreyu gistíngar ókenndr; þar eru smídud kerhöld, oc tæki hann gyrdi oc giördi bönd af, enn smídadi sídann stafina, lèti svo liggia þá er hann fór á brott; enn er húsfreya síndi bónda bæri hann samann, oc væri allt til hæfis; hafi hann þá svo mælt: þar hefir þú hystann Smída Sturlu, oc engann mann annann; son Sturlu var Biarni, hann var þá á ungum aldri er hèr var komit, mikill madr oc knár, oc giördist sveinn Olafs biskups Hiálltasonar á Hólum.

XI Cap. Utanför Marteins biskups, oc frá bólu.

Nú er at segia frá því fyrir hveriar sakir Marteini biskupi var utanstefnt; enn þat reis af því at engar mannhefndir komu eptir Christián skrifara svo at konúngi líkadi; báru þá ei at eins frændr oc vinir Jóns biskups töll á Martein biskup, heldr einnin hid Danska vald á Bessastödum, oc qvádu hann oc Jón prest Biarnason rádsmann hafa því rádit, at Snóksdalsdómr Orms lögmanns um þá fedga, oc geimslu á þeim var ei haldinn, oc þeir svo drepnir án dóms oc laga, oc Nordlendíngar sídann snúit hefndum á Christián skrifara; fyrir því voru þeir biskup oc Jón prestr bádir bodadir utann, enn var þó í konúngsbrèfinu siálfu áqvedit, at tala skyldi um trúar efni; fóru þeir utann um sumarit, var med biskupi Biörn prestr Olafsson í Runa, oc sveinn hans Arni Oddsson, er sídar bjó í Midgördum oc átti Dórótheu písku; þeir fundu Christián konúng miög illa haldinn í fæti, oc var um þat kènnt galdrakonu nockurri; tjádu þeir mál sitt, oc er Marteinn

biskup hafdi talid hrakníngar sínar, oc mælt þat hann væri eigi madr til at standa í slíku, oc vildi láta af biskupsdæminu ádr hinar bestu eignir dómkyrkiunnar gengi undann henni, þá var ei mikit giört úr sökum, oc dvöldust þeir þar um vetrinn; lèt Marteinn biskup prenta þar handbók presta, þar í var sá einn sidr at madr skyldi kyssa konu sína er þau voru vígd samann; oc svo nockra messu-sálma Lúthers, er hann hafdi snúit á Islendsk liód, at því er Jón prestr Þorsteinsson í Vestmannaeyum hefir vottad. Um þær mundir fèll til Jóni presti Biarnasyni fásinna, er hann kèndi alla æfi sídann; þeir Marteinn biskup komu út um sumarit
1555 eptir, oc úrdu þá enn fleiri tídindi; kom híngad í land bólusótt sú er köllud var bólann mikla, oc andadist hinn mesti mannfiöldi; Einar son Dada í Snóksdal andadist þá, oc allr fiöldi úngra manna milli tvítugs oc fertugs, giördi þá oc peníngafellir á Nordrlandi, oc mannfall af hallæri; þá lèt Oddr lögmadr Gottskálksson dæma at Saudá í Sæmundarhlíd um rekaþiófa, enn þeir bádir Olafr biskup oc hann á alþíngi, um Núp oc Núpsdal; Dadi Gudmundarson lèt dæma um lausamenn at Gördum í Stadarsveit, enn Vígfús Jónsson um hagabeit á Kialarnesi, hygg eg vera Vígfús á Kalastödum, oc hefir hann þá verit all-úngr; þá var oc dæmt um stráks nafn á alþíngi; gètit er oc enn fleiri giörnínga, oc var þat eitt at Olafr biskup hèldt Þorláki presti Hallgrímssyni til at fastna Helgu barnamódr sína, Jónsdóttr Sigmundarsonar, oc þat giördi hann; var þá Gudbrandr sonr þeirra XIII vetra.

XII Cap. Konúngs Eyrindi oc annat.

Knútr Steinsson höfudsmadr kom þá enn út med eyrinda-giördir konúngs, hann lèt stefna samann höfdíngium á alþíngi, enn þá vard þó ecki af eyrindum hans; fyrir því stefndi hann þeim þegar eptir þíngit til Bessastada at konúngsbodi, oc eru þessir tilnefndir, biskupar bádir Marteinn oc Olafr, lögmenn bádir Eggert Hannesson oc Oddr Gottskálksson, Jón prestr Biarnason oc Biörn prestr Olafsson at sunnan, Biörn prestr Gíslason oc Jón Matthíasson svenski at nordann; Páll Vígfússon at Hlídarenda, Dadi Gudmundarson í Snóksdal leikmenn at sunnan, enn Þor-

módr Arason oc Philippus Runólfsson at nordann; skyldu þessir allir gèfa svör sín um þessi naudsynja efni; í fyrsta máta um bænhús oc hálfkyrkiur ónaudsynlegar er aftakast skyldi, enn kúgildi þeirra oc lausafè skiptast í tvo hluti, leggiast annar prestum til uppheldis, oc til spítala er vera skyldi fyrir likþráa menn fátæka einn í hverium landsfiórdúngi, var tilnefnt Biarnanes í Hornafyrdi fyrir austann, Kaldadarnes í Flóa fyrir sunnan, Gufudalr vestra, oc Glaumbær nyrdra; enn annar helmíngr oc svo rekar oc ítök slíkra hálfkyrkna oc bænhúsa, leggist til alkyrkna þeirra er þau heira undir, oc messuskrúdi til þeirra kyrkna er hellst þurfa í því hèradi; í annan máta at fiársóknir presta skyldi sækjast fyrir syslumanni oc lögmanni; í þridiu grein at jardir allar tyundist fiórum tyundum, hvert sem væri krúnunnar, skóla, kyrkna eda bænda eignir, nema heimaland sem hver kyrkia á, med eginligri innstædu sinni, oc sá partr sem kyrkiur eiga í heima landi á bænda eignum med þeirra ítökum öllum; í fiórda lagi um skólana, skyldi standa eptir konúngsbrèfinu án öls fyrir skólasveinana, skyldi þeim nægiast almennilegr dryckr á landsvísu, sem hèr gèngr milli manna; í fimta máta um Beneficia oc prestasetr skyldi haldast eptir konúngsbrèfi, þegar fengist lærdir prestar oc velmentadir, þó frómir leikmenn hèldi þau þángat til, oc úngan predikara er biskup fengi til; í siötta lagi at biskup skyldi fara í visitatiu sína med VIII menn, enn syslumadr hvör med V menn, oc skyldi hver í sinni syslu veita biskupi fylgi í visitatiu hans, óhlídugum mönnum til skelfíngar; skyldi konúngs umbodsmadr skipa þá til syslumanna er væri gudhræddir dánumenn, rèttvísir oc líknsamir almuganum; var þessi samþyckt köllud Bessastada samþyckt, bádu þeir konúnginn stadfesta hana med nádarbrèfi hans, oc verdr enn frá því sagt sídar. Svo segir Biörn at Skardsá, at um þennan tíma, edr á dögum Marteins biskups, hafi Ögmundr bríti uppvís ordit at barngetnadi med stiupmódr sinni Christínu Sveinsdóttr, hálfsystr Gísla Sveinssonar, er var at Midfelli; Sveinn fadir Gísla var Hólmfastsson, enn Gudláug hèt módir hennar, oc var dóttir Jóns Erlendssonar, er bródir var Þorvards lögmanns oc Vígfúsar; Grímr oc Laga-Þórarinn voru brædr Gísla.

XIII Cap. Frá Arna Gíslasyni.

Þetta sumar fór Arni Gíslason utan vegna Vatnsfiardarmála sem til var skilit, oc med hönum sveinn hans Benedict, son Halldórs prests hins ríka, Benedictssonar, Grímssonar á Mödruvöllum, fèck hann þá svo mikla vidrèttíngu, at hann hlífdist ei vid at ákæra Eggert lögmann, þá í uppgángi hans hinum mesta, svo Eggert qvartadi sídann þar yfir hve hardt tiltal hann mætti lída, jafnvel á mannfundum, í lögrèttu á alþíngi, af Arna, svo hann hefdi eigi mátt segia lög oc gánga dóma medal manna, oc baud sig til andsvara á móti hönum, fyrir þeim sem rètt hefdi at dæma yfir sèr oc sínum málum, hvert sem væri lènsmadr konúngs edr lögmadr, oc stód nú svo í þessu þófi med þeim um stund; þau Arni oc Gudrún Sæmundardóttir áttu börn miög mörg, voru þessi sem til menníngar komu, Sæmundr, Hákon, Gísli, Halldóra, Gudrún, Sigrídr, Holmfrídr, Ingibiörg, Solveig, Anna; Gudrún hèt laundóttir Arna er Jón Olafsson á Svarfhóli átti; allt mannadist kyn Arna vel, oc var þat þá í þann tíma mestr ættbogi er frá Grími Pálssyni var komit; Arni hafdi þá Rángárþíng, oc lét dóm gánga at Hollti undir Eyafiöllum um fátækra hysíngar; giördist hann höfdíngi mikill, oc bió sídar at Hlídarenda; Eggert fór frá Nesi í þann tíma, enn Biörn bródir hans ætladi at flytia sig þángat, dóttrmadr Dada í Snóksdal, í þeirri ferd drucknadi Biörn.

XIV Cap. Misfarir; oc frá biskupum.

Þau missiri er Bessastada samþyckt var giör, bar þat til at Olafr danski skólameístari reid yfir ána á Bemódstadavadi, fèll hann í ána oc týndist í henni, enn lík hans fanst sídar, og var grafit hiá Gissuri biskupi. Jacob hèt heyrari hans, sá er fyrrum var smásveinn med Didrik af Mynden þá hann var veginn í Skálhollti, oc máladi ásynd Jóns refs; var þá tekinn fyrir skólann, svo hann væri ei forstödulaus, Jón prestr Loptsson frá Mosfelli, hann þótti mikilshàttar madr, oc med hinum lærdari, enn var þó eigi vel fær at siá fyrir skólanum, oc hèldust ei hans forrád lengi; á þeim tíma forgèck feriann eda skútann er Skál-

hollts stadr átti, oc lagdist þá af sigling þadann til Noregs, oc kaupferd, enn greni-skógar ítakid gèck undann stadnum, þat er í Noregi var. Marteinn biskup fèck oc grun af því, at Danir mundu vilia draga undann Skálhollti Nesia jardir á sudr-nesium, nær *XXX* at tölu, er bestar voru til útvegs, oc annar fótr undann Skálhollts stad, voru landskuldir af þeim goldnar í skreyd oc miöli, eitt hundrad oc XVI vættir fiska, enn smiör-leigr fluttar í Grindavik oc önnr útver, í mötr stadar vinnumanna oc önnr giöld; hèldt Einar prestr Olafsson í Gördum þat umbod í XII ár; enn vid þennan oc allann annann mótgáng mæddist Marteinn biskup miög, oc þarmed þá vanheilsu er hönum fèll til, oc hann kèndi æ sídann; var hann oc madr einfaldr, spaklyndr oc hógvær, enn eigi jafnmikill skörúngr at skynsemd, skarpleika edr hugdyrfd, er slíkr madr þurfti at vera á svo mikilli styrjaldar tíd, til at dempa nidr þverúd oc þrályndi, ofsa oc yfirgáng margra manna; hafdi hann naudugr undir gengist þann vanda í öndverdu, enn vildi nú fúslega vid skilia, er hann hafdi átt vid sífeldt mótkast at eiga; fyrir þessar sakir beiddist hann af konúngi at meiga skiliast vid slíkt; tóku þeir sem á hinn forna sid voru trúadir, þat fyrir hegníngu aftöku *Jóns* biskups oc sona hans, er Marteini biskupi oc Jóni presti Biarnasyni fèll til vanheilsa. Olafr biskup hafdi briálkaup á nockrum jördum Hólakyrkiu, sem hinum pápisku biskupum var altídt ádr, oc lèt sumar í burt fyrir ónaudsynlegt andvyrdi, þó ætla menn uppdiktad hönum til óhródurs af óvinum hans oc mótstödu mönnum, at verit hafi fyrir bönd, þrádarleggi oc annan óþarfa; fóru þessar jardir á hans dögum frá Hólakyrkiu, Mannskadahóll LX hundrud, ytra Vatn XXX hundr, ytra Vallhollt *XX* hundrud, Þórisstadir L hundr., Audunnarstadir LX hundr., Núpr LX hundr., Harrastadir XL hundr., Túngufell XL hundrud, í Einarstödum L hundr., Saurar X hundr., Stafn hálft X hundr., Stóridalr *XL* hundr., Eydar XII hundr., enn Christián konúngr gaf út brèf sitt, at þær jardir mætti aptr leggiast án lagasóknar, oc var eptir því brèfi gengit seinna.

XV Cap. Frá ímsu.

Þau missiri arfleiddi *Jón* í Flatey, son Biarnar Þorleifssonar á Reykhólum, dætr sínar Margrètu oc Gróu, med samþycki Þorleifs

prests brôdr sins; þá lèt Þorbergr Bessason dóm gánga at Hofi um skattgiald ómaga í umbodi Odds Gottskálkssonar, oc dæmdist þeim at gialda sem skattfè átti; enn Vígfús bóndi Þorsteinsson syslumadr í Þíngeyarþíngi er oc hafdi prófastsvald, lèt dæma sektir Starkadi Valtyrssyni á Öndóttstödum fyrir hald á tyund, heytolli oc líksaungseyri um II âr, IX merkr oc III aura, auk gialdanna siálfra; voru dómsmenn Illhugi prestr Gudmundarson er Illhuga ætt er frákominn, sá er í Múla var, oc Olafr prestr Arnason, Jón son Orms Jónssonar á Draflastödum, hann bió at Einarstödum seinna, Þorgrímr Þorleifsson er sídann bió í Lögmannshlíd, Þorsteinn Vígfússon, oc Magnús Biarnarson. Arni Oddsson er í Midgördum bió er þá sagt haft hafi syslu í Þorness þíngi, oc látit dóm gánga at Stadarhóli í Saurbæ um utansveitarmenn þá er jardir eru bygdar, oc enn fleira. Knútr Steinsson höfudsmadr kom út um sumarit, oc hafdi konúngs eyrindi allmörg, var eitt konúngsbrêf um Bessastada samþyckt, var sumt í henni stadfest, sumt aftekit, enn sumu gengit framm hiá med þögn; eigi vildi oc konúngr þá láta setia spitala; annad var þat at konúngr vildi siálfr undir síg taka fiórda part af tyundunum, þær sem biskupum höfdu verid goldnar, enn Olafr biskup Hialltason beiddist þar vægdar á, sem sídar segir.

XVI Cap. Fráfall Odds lögmanns.

Oddr lögmadr Gottskálksson reid at nordann til alþíngis, oc er mælt hann hafi qvadt menn, oc bedit marga láta heita eptir sèr, enn er hann kom í Borgarfiörd, vildi hann sigla þadann til Bessastada, med syslugiald sitt, á skipi miklu er hann átti; hönum gaf ei, enn beid þó í hálfann mánud, reid sídann landveg; enn er hann reid eptir ödrum framm í Laxá í Kiós, fèll hestrinn undir hönum aptann, svo hann hraut úr södlinum, oc rak þegar at eyri einni, komst þar á knê oc hendr, enn kápunni sló þá um höfud hönum, oc rak svo lengra ofann at nockru atkasti; þar nádu menn hans hönum lifandi, þat voru þeir Einar kyrkiuprestr hans, son Hallgríms Sveinbiarnarsonar, er seinna var at Utskálum, Þorsteinn Einarsson búsveinn hans, oc Petr son hans, oc hestamenn; um midnætti vaknadi hann, oc qvadst allr lerkadr;

menn hans qvádu þat eigi kyniandi, þarsem hann hefdi fallit í ána; litlu sídar taladi hann aptr til þeirra, oc baud at flytia sig í Skálhollt, oc bad menn sína segia fyrir sig öllum vinum sinum gódar nætr, oc andadist sídann, oc var grafinn í Skálhollti hiá Gissuri biskupi oc Olafi skólameistara; hann hafdi átt utann at fara at konúngsbodi á því sumri; Þurídr lifdi V vetrum lengr, oc var Petr einberni þeirra; Petr var eigi fulltída, oc tók Þórdr Gudmundarson umbod hans. Petr qvæntist hèr í landi, oc fór til Noregs med konu sína, oc er ei manna hèr frá hönum komit; Eggert Hannesson giördist lögmadr nordann eptir Odd andadann, enn Páll Vigfússon at Hlídarenda sunnann oc austann í hans stad aptr; hann dæmdi á alþingi um umbod; þá var oc dæmt um konr Þúngadar, oc vinnumenn sem liggia siúkir um heyannir, oc at Hvoli um sama. Þá var uppi sá madr er Pètr hèt, oc var Oddason, hann átti Helgu dóttr Arna þess er brædrúngr var vid Teit hinn ríka, oc vog Hans Ethen; fyrir þat kærdi Pètr uppá fè Teits, giördi Olafr biskup samníng vid hann um þat af því fè sem til Hólakyrkiu var inn rúnnit, enn Þorvardr son Pètrs hafdi ádr kært fyrir herramönnunum eptir aftöku Jóns biskups, oc höfdu þeir tilsagt hönum Asgeirsá. Einar Oddsson hèt madr er átti Olufu dóttr Þorvards, oc fèck hann úrskurd Orms lögmanns.

XVII Cap. Marteinn lætr af biskupsdómi.

Marteinn biskup fèck konúngsbrèf med Knúti Steinssyni höfudsmanni, um þat, at hann mætti leggia af biskups embætti oc Skálhollts stad, var þat auglyst á alþíngi; þángat var þá kominn Gísli prestr Jónsson frá Selárdal, oc var hann þá officialis yfir vestfiördu; sagdi Marteinn biskup þar af sèr vanda oc þúnga embættis, oc var Gísli prestr Jónsson kosinn aptr; kom hönum þat miög á óvart, oc fór því ecki utann um sumarit, enn reid vestr þegar, at sækia konu sína, börn oc heimamenn; jafnskiótt tók höfudsmadrinn þegar, at konúngsbodi, Nesiaiardir VIII samann frá Skálhollts kyrkiu, oc lagdi undir krúnuna, Nes, Skildínganes, Eydi, Lambastadi, Eyvindarstadi, Svidhollt, Skogtiörn oc Brecku, eptir því sem Marteinn biskup hafdi ætlad, enn fèck þó

aptr dómkyrkiunni iardir austr í Hornafyrdi, er fyrir skömmu voru fallnar undir konúnginn, Biarnanes, Hornfyrdi tvo, Hafnarnes, Hollta, Borg, Krossbæ, Kelduhollt, Hólma oc Dilknes, oc lagdi þartil X kúgildi í frídu, er vera skyldu í kaupbætir fyrir fiærlægd oc óhægindir; þar var kaupbrèf giört um í Skálhollti, föstudaginn nærstann èptir vitiunardag Maríu, oc mátti Gísli biskupsefni ecki ord í móti mæla; var höfudsmanninum kènnt am þat konúngsbod; þá er Gísli biskupsefni var kominn til Skálhollts, afhendi Marteinn biskup hönum stadinn um haustid, oc alla hans penninga qvika oc dauda, var þá Pètr Einarsson rádsmadr, enn ei vitum vèr þó med sönnu at hann hafi skilinn verid vid Arnarstapa, hann var óvígdr, enn ádr höfdu prestar einir verit rádsmenn; er til skilmáli sá er Marteinn biskup hefir annadtveggia samsett oc þeir Pètr bádir, at semia vid stadarfólk, oc skapa sektir oc víti þeim er óhlídnudust, edr þeir hafa haft frá hinum fyrrum biskupum, oc hagad eptir sinni tíd, oc kalladr Pètrs orda; enn fyrrum hafdi þat dæmt verit at enginn prestr mætti synia þess biskupi at vera rádsmadr, sá er hann vildi til nefna, mælt er at Pètr hafi þá afhendt fyrir hönd Marteins biskups, svo margt af frídum peníngum, geldum nautum, saudum oc hrossum med Skálhollts stad, at sú tala þeirra sem var um vetrinn, eptir alla förgun oc lógun til búsins, hafi verit upphæd þeirrar innstædu sem stadnum fylgdi sídann, fyrir utann leigu kúgildi med stólsjördum oc á stadarbúum, enn þat var eptir Gísla, geld naut IIIIa vetra oc eldri XLVIII, þrevetr I oc LXX, tvævetr CXII, vetrgömul hálfr tyundi tugr, landnaut eda landkálfar stórt hundrad oc V, geldsaudir tvævetrir oc eldri III hundrud tólfræd oc III, vetrgamlir III hundrud tólfræd CXIII, hestar rosknir XCVI, þrevetrir III, tvævetrir II, vetrgamlir IV, hest-folöld V, hross roskinn XLVI, þrevetr IIII, tvævetr VIII, vetrgömul VIII, merfolöld V; þar eptir fór Marteinn biskup á Michaelsmessu frá Skálhollti upp at Haukadal á bú sitt, oc sat þar um vetrinn í kyrrd, at eignum sínum, oc sísladi sídann aldrei um biskupsdæmit; hann hèldt þat um VIII ár, enn þiónadi VII, oc þoldi í því meira mein oc mótgáng enn flestir biskupar adrir, oc hefir einn samann hèr á landi þat embætti frá sèr lagt á midium aldri; hann hèldt Stad á Öldubrygg alla stund med biskupsdóminum, oc svo sídann; oc flutti um vorit bygd sína til Alptaness á Myrum, oc bió

þar; var hann sídann officialis, oc mest vyrdr af öllum kènnidóminum. Þorleifr prestr á Melum, Eyríksson þess er vog Pál Jónsson, Halldórssonar ábóta at Helgafelli, oc Kristínar Þorleifsdóttr Biarnarsonar hins ríka, átti Alptanes í módrarf sinn; voru synir hans Eyríkr, Sigurdr oc Þórdr, enn Kristín hèt systir þeirra, þau seldu þá jörd Marteini biskupi fyrir Alptarós oc Midhús, enn nidiar Marteins biskups seldu hana fyrir smájardarparta; þessi voru börn Marteins biskups oc Ingibiargar, oc kallat at þau sum oc þeirra ættmenn hafi miög líkst í módrkyn: Halldór á Alptanesi, hann átti Herdísi dóttr Nicolásar Biarnarsonar frá Selialandi austr, frá þeim er komit mikit fólk á Myrum, oc heitir Alptaness ætt; Gudrún átti Einar prest á Melum son Þórdar Gudmundarsonar, þau áttu III dætr, var ein módir Einars biskups; Ingiríðr, hún var gipt Olafi Jónssyni Bagga dönskum manni, er verit hafdi sveinn Páls Stígssonar höfudsmann, enn sídann fógeti Kristophors Valkendorfs, þau áttu ecki barn sem lifdi; launsynir Marteins biskups voru: Jón er átti Gudbiörgu dóttr Erlendar lögmanns Þorvardssonar, oc fyrri konu hans Þórunnar Sturludóttr, systr Orms, þeirra dóttir var Solveig er gipt var Hákoni í Nesi, syni Biarnar prófasts Gíslasonar, er þadann mikil ætt, oc verdr sagt frá Jóni sídar; annar var Einar prestr er Stad tók eptir födr sinn, einfaldr madr oc hneigdr til qvenna-vinnu, hann átti Þórunni dóttr Olafs prófasts Gudmundarsonar í Hiardarhollti, þeirra dóttir var Gudrún er Jón lögmadr átti, enn Steindór Gíslason seinna; Þórdr er enn sagt at heitit hafi launsonr Marteins biskups.

XVIII Cap. Frá ímsu.

Páll, sonr Jóns Magnússonar á Svalbardi, tók þá í þann tíma at kæra til Stadarhóls, því hann var tilenkadr erfingium Pèturs Loptssonar módrfodr hans; höfum vèr eigi heyrt hversu hann leiddi Arna Pètrsson í Stadradal af, edr hans erfingia, edr systkin sín, enn Lopt prest í Vídidalstúngu annan módrbródr sinn, er mælt hann hafi fengit til at gèfa sèr hans rètt fyrir adra jörd, enn sú var hverki ánöfnud nè utgoldinn, því Loptr prestr var miög

órádinn í öllu, öc sem sinnulaus, svo hann gaf hid sama sitt hverium; enn med því at Dadi Gudmundarson hèldt Stadarhóli í þann tíma, var þar nockud fastara fyrir, oc vard Páll at fá brèf Kristiáns konúngs til höfudsmannsins Knúts Steinssonar, at hann efldi hann med styrk lögrèttunnar at sækia Stadarhól í hendr Dada; vildi höfudsmadrinn dæma í þrætu þeirri á alþíngi, enn er þó ei þess getit at af því hafi ordit; Páll bad Helgu dóttr Ara lögmanns, enn hún var ríkilát, oc svo Þórunn á Grund fóstrmódir hennar fyrir hennar hönd, er mælt at Páll hafi látit dæma sig iafnrædi Helgu fyrrenn hann fengi hennar, enn sumir bæta því vid at Jón Magnússon fadir hans hafi beitt þar til nockurri kunnáttu sinni, því hann var haldinn margvís; þau biuggu fyrst at Eyrarlandi, enn er þau fóru þadann urdu margir fegnir brottför Helgu, voru þau sídann í Reykiadal at Helgastödum eda Einarstödum, þar er sagt at Páll hafi látit ala XII kálfa einn vetr, sumir segia XIX, oc lèti þá út til leiks einn dag um vorit, enn sæti á húsmæni oc horfdi á, hafi þeir hlaupit allir í ána oc drepist, enn Páli þá ordit at munni: rú þig spú þig Reykiadalr, rotinn hunda hnúta; þat er sagt at þeir brædr Jóns synir hafi örvænt sèr at fá metord nyrdra, fyrir uppgángi Jóns Marteinssonar, oc þeirra Nicolásar oc Vígfúsar Þorsteinssona, oc farit því vestr er Páll hafdi fengit rád yfir Stadarhóli, því þá var Dadi frá; Gunnar bóndi Gíslason tók þá Reinistadar klaustr eptir Odd, oc hèldt XII ár sídann, gallt hann eptir XXX dali á ari, oc hafdi sysluna edr var umbodsmadr þau missiri, því þá lèt hann dóm gánga fyrir fardaga um kaupmála-brèf, milli Þórdar, sonar Þorleifs Grímssonar á Mödruvöllum, oc Steinunnar dóttr Olafs bónda Ormssonar; Þórdr var eigi skilgetinn; Olafr Thomasson á Halgrimstödum, oc Tumi Þorgrímsson á Skídastödum voru þar fyrstir dómsmenn; Gunnar átti Gudrúnu Magnúsdóttr Jónssonar biskups, eitt þeirra barn var Solveig er haldit hafdi undir skyrn Solveig abbadys Brandsdóttir, oc gefit nafn sitt, oc qvedit þá þetta:

Sèrtu af gudi gædd oc vís, hann giörir þig nógu ríka
sú hin unga abbádys allvel skal mèr líka.

Þorbergr Bessason hafdi haft syslu um ein missiri nærst eptir Odd, í Skagafyrdi, enn Húnavatns syslu hyggia menn um þessar

mundir tekit hafa Arna Gíslason, oc voru þeir brædr þá nærstir í sinni syslu hverr, Biörn prestr, Gunnar oc Arni. Þann tíma dæmdi Olafr biskup um framfæri presta fátækra, at þeir heldi sig á egin fè þó uppgefnir væri; hann veitti oc Jóni presti syni Lopts prests Peturssonar Skinnastadi, at bón Sigurdar prests at Greniadarstad biskupssonar, því hann átti dóttr Petrs Loptssonar födrsystr Jóns prests. Þorbergr Bessason dæmdi oc um haustit at Ökrum med VI prestum oc IIIr bændum, at biskup væri ei skyldr at fá nockrum presti jardir leigulausar, þar sem hann skipadi þeim II eda III þínghár er þeir mætti vidhiálpast, er af því at siá sem Þorbergr hafi þá heldr sysluna haft enn Gunnar. Þorleifr prestr Biarnarson Þorleifssonar, arfleiddi þá börn sín Greip, Herdysi, Pál oc Gudrúnu, med samþycki Jóns bónda í Flatey bródr síns, oc galdt hönum Berufiörd XVI hundrud, fyrir upplag á árfi, enn Benedict son Halldórs prests Benediktssonar Grímssonar, er utan hafdi farit med Arna Gíslasyni, oc Valgerdr Biarnardóttir frá Æsustödum, giördu kaupmála sinn, sunnudaginn fyrstann í vetri, at Mödruvöllum í Hörgárdal, voru vottar Olafr biskup, oc V prestar oc IV leikmenn. Olafr biskup beiddist vægdar á at tyundinn væri med öllu tekinn frá Hólastól sem ádr greinir, oc med hönum XII hinir hellstu prestar, Sigurdr Jónsson at Grenjadarstad, Biörn Gíslason, Illhugi Gudmundarson í Múla, Gottskálk Jónsson í Glaumbæ, Þorsteinn Hallsson, Thómas Eyríksson at Mælifelli, Þorsteinn Gunnason Hóláskálds, Jón Matthíasson Svenski á Breidabólstad, Þorgils Sigurdarson, Þorkell Olafsson, Oddr Jónsson oc Jón Kráksson, undirskrifudu þeir þat bréf oc innsigludu at Hólum hinn XVIda dag Júnii mánadar, oc báru framm stórhardindi þau er þá voru í Hólabiskupsdæmi á þeim árum, svo margir farist af hungri oc klædleysi, enn sumir fái eigi lokit göld sín; hinn fátæki Superintendens Olafr Hialltason, er konungr hefdi sitt yfir þá, hafi fylgt framm eptir megni hreinum Evangelii lærdómi um allt biskupsdæmit, betrad dómkyrkiuna oc stadinn, oc skólahúsinn uppbyggt af nyu, at því er hann hafi mátt, enn þurfi sem fyrri at klæda alla menn á stadnum, skólasveina, oc fátækt oc nakid folk, kaupa pappír, skóledr til skólans, vín, vid til dómkyrkiunnar oc annad; enn þat allt falli hönum yfrid þúngt, oc hann muni naumlega fá stadist, ef tyundirnar séu frateknar, sem frá upphafi Kristindómsins hafi til biskupsins

lagdar verit; bádu þeir því fyrir Guds skuld konúnginn slíkt eptir at gèfa, svo naudþurftugum mætti útbíta at gódum oc fornum lands vana, oc standast annan kostnad; bænheyrdi konúngr þetta oc eptir-lèt Hólabiskupi tyundir af Skagafiardar oc Ejafiardar syslum. þá var Einar son Sigurdar prests þorsteinssonar vígdr af Olafi biskupi til kyrkiuprests at Mödruvöllum, at Biarnar prests Gíslasonar, hèldt Biörn prestr Klaustrid XVIII vetr, enn Einar var XVIII vetra þá er hann vígdist, oc fèck þegar rádskonunnar á klaustrinu, Margretar dóttr Helga Eiolfssonar, bónda eins úr Hörgárdal, enn þat vard mikid afsprings efni; þat hyggia menn at þórdr laúnsonr Marteins biskups hafi verid eptir Jón prest Loptsson fyrir skólanum í Skálholti, enn nú var Hans Lollich útlendr þar skólameistari.

XIX Cap. Vígdr Gísli biskup.

A alþíngi um sumarit hafdi Jón prestr Biarnason ordid ofsterkr, svo hann var vafinn í vadmálum, enn er Gísli biskupsefni kom til hans oc prestarnir, oc bádu fyrir hönum med knèfalli, batnadi hönum nockud, svo hann komst heim á vikufresti; Gísli biskupsefni fór þvínærst utann eptir vígslu, enn Snorri prestr Hiálmsson var officialis í Skálholti; lèt Gísli prenta um vetrinn píníngar historiu er Oddr Gottskálksson hafdi útlagt, med nockurri útskyríngu oc formála Doctors Peturs Palladii, oc þar aptann vid Jorsalaborgar eydileggíngu; var hann þar vígdr af Doc-
1558 tor Petri Palladio, oc kom út aptr med þessar bækr, oc Margaritam, oc nockra sálma; hann skyldi hafa biskupstyundir af fió um syslum, tveimr fyrir umreid sína, enn tveimr fyrir skólahald, oc hafdi fengit þat af konúngi, enn ölmusu sveinum skólans skyldi tilleggiast pappír, lióss, klædi oc skæd þaraf, fèck hvörr þeirra VII edr VIII alnir vadmáls árlega, enn hinir audgari í hempu oc buxr, at því er sagt hefir Jón prestr Egilsson er þá gèck í skóla; þá hóf Ari son þorvards Petrssonar at kæra Teits eignir oc kærdi sidann hvert ár Knútr Steensson höfudsmadr gaf Eggerti lögmanni þá brèf fyrir Snæfell oc Isafiardar syslum; þá var í Gördum Loptr prestr Narfason, id hann skipti höfudsmadrinn oc vid kyrkiuna, lèt Vífilstadi fyrir Hlíd, oc lèt

mallt-tunnu hvert ár í kaupbætir, hèllst þat til þess er höfuds-mönnum oc Gardaprestum bar á milli; svo segia menn at Knútr Steinsson hafi leigt öll klaustrinn, oc fært framm eptirgialdit; hafdi Arni Gíslason þá Húnavatnsþíng, oc lèt VI manna dóm gánga um fardagana, um umbod barna Biarnar prests Jónssonar biskups, var Jón Biarnarson tvítugr fyrit dómi, oc beiddist úrskurdar á hvört hann skyldi hafa umbod systkina sinna, var hönum dæmt þat eptir Herjólfs rèttarbót, at því leiti sem hann hefdi vördslr fyrir. Giörníngar foru framm fleiri er eg hyrdi ei at telia. Grímr son Þorleifs á Mödruvöllum hafdi þá Múnkaþverár klaustr sídann Ormr misti; hafdi Ormr ridid ádr med XVIII sveina, enn nú fór hann fyrst milli frænda sinna, oc giördist sídann lestreki Nicolásar bónda Þorsteinssonar, var þat svo um nockra hríd at hann fèck enga uppreisn. Erlendi Þorvardssyni höfdu þá verit gefnar sakir fyrir forn illvyrki, enn hann var þá til enkis fær, oc gallt D dali, oc fèck vid þat uppgiöf af konúngi.

XX Cap. Konúngaskipti oc annat.

A nyársdag um vetr þann hinn næsta andadist Kristián konúngr í Kolding, oc sögdu menn at engill hefdi advarat hann ádr; þá 1559
andadist oc litlu sídar Kristián konúngr Hansson er lengi hafdi fánginn verit, oc fyrrum rádit löndum; tók þá ríki í Danmörku Fridrikr son Kristiáns konúngs þridia; hann veitti Arna Gíslasyni Þíngeyraklaustr ofannverdann vetr, med hundrad Joachimsdala afgialdi; Arni hafdi um vetrinn dæmt helmíngadóm med Þorsteini prófasti Gunnarssyni oc sundrad hiónaband eitt; þá lèt Gísli biskup gánga XII manna dóm á Nedri Reykium á Skeydum, laugardaginn næstann fyrir Þorláksmessu um sumarit, þat var helmíngadómr, qvádust dómsmenn vita fyrir full sannindi, at sumir menn hefdi tekid sèr til eginqvenna hórkonr sínar, sem þeir hefdi ádr haft frammhiá eginkonum, adrir hafi giört hiónaband sitt á þann hátt, at þeir hafi keypt sèr konr at morgni dags, fastnad þær at qveldi, enn samreckt þeim nóttina eptir; hinir þridiu hafi qvænt sig í berlegum frændsemis oc mægda meinum, enn sumir hlaupit úr ödrum landsfiórdúngum oc ókunnum sveitum, qvænt sig þars þeir stadnæmdust, oc reinst sídann

eginqvæntir ádr; afdæmdu þeir slíkt allt med öllu, enn settu refsíngu at áqveda til hinna ædstu landstiórnenda, voru þeir dómsmenn, prestar, Biörn Olafsson í Runa, Einar Olafsson, rádsmenn bádir, Gudmundr Olafsson, Þórdr Jónsson, Símon Jónsson í Kálfhollti, oc Oddr Halldórsson at Gaulveriabæ, enn leikmenn, Magnúsar tveir Jónssynir, annar at Núpi, Magnús Petursson, Olafr Asbiarnarson, Gísli Sveinsson at Midfelli, oc Jón Gíslason, svarnir lögrèttumenn; þá kom Knútr Steinsson hyrdstióri seinast út híngad med nytt umbod, oc tók hollustu eyda til handa Fridríki konúngi er kalladr var hinn annar med því nafni; enn Páll Stígsson er umbod hafdi tekit á Bessastödum nærst eptir Eggert, þá fyrir V árum sídann, fèck hyrdstiórnina, því hann qvittadi þat sumar Magnús son Jóns á Svalbardi um afgiald Þíngeyarsyslu, oc Eggert lögmann um afgiald Helgafells klaustrs, hann giördist brádt stiórnsamr, oc rètti lærdóm oc sidu manna; þá dæmdi Eggert lögmadr Hannesson á alþíngi, um Hof á Höfdaströnd med XII mönnum, enn Gísli biskup gaf Þorleifi presti Biarnarsyni Þorleifssonar qvittun, Skálholts kyrkiu vegna, um misfelli hans med Ragnhildi Jónsdóttr, oc prestskap hans aptr, um haustit; á því sumri var borinn í Mödruvalla seli Oddr son Einars prests Sigurdarsonar oc Margretar Helgadóttr, nær viku fyrir Mariumessu sídari, var þá Einar prestr fadir hans XX vetra, hann var sídann Þíngaprestr vid Myvötn, enn þar eptir at Nesi í Adalreykjadal, oc var þat laungu seinna.

XXI Cap. Höfdíngiadaudi.

Eptir þessa atburdi andadist Egill á Geitaskardi son Jóns Einars-
1560 sonar, oc Kristínar Gottskálksdóttr biskups, ágangsmadr mikill; einnin Þorleifr Pálsson at Skardi á Skardströnd er lögmadr hafdi verit; hans son var Biörn at Keldum, fadir Eyríks er þar bió, oc átti Þórunni Snæbiarnardóttr frá Keldum Hallórssona, oc margt barna; Gudrún hèt dóttir Þorleifs, hún fèll í stór legordsmál, enn Arni Gíslason útvegadi henni qvittan af konúngi, seldi hun hönum þá Hól í Bolúngarvík fyrir Stóruborg, giptist sídann Egli at Skardi sem nú var getit, oc voru þeirra börn, Jón, Eyríkar tveir, Gudrúnar tvær, Rannveig, Ragnhildr, Gudrídr Þor,

valdr á Reykium var son Jóns Egilssonar, fadir Steinunnar er Eggert á Ökrum átti, Egill, Jónar tveir oc Gunnlaugr á Gullbrecku. Sigrídr var önnr dóttir Þorleifs lögmanns, hún gat einnin barn ógèfinn, hennar fèck Biarni at Skardi son Odds Thomassonar Oddssonar frá Búdardal, Dadi fylgdi at því at hann fèck hennar, oc gaf hönum LX hundrada jörd, því hann hafdi verit sveinn hans, þeirra börn voru Dadi at Skardi er átti Arnfrídi dóttr Benedicts Halldórssonar frá Mödruvöllum, fadir Sigrídar, módr Eggerts ríka, oc Þorleifr í Búdardal, fadir Bergs, Odds á Borg, oc Benedicts í Búdardal. Asmundr var launsonr Þorleifs lögmanns, hann var fadir Erlendar at Hvoli oc hans systkina; Sigmundr oc Olafr voru enn launsynir Þorleifs lögmanns; þau missiri deidi oc Pètr Palladius Siálands biskup; þá andadist einnin Þorleifr bóndi Grímsson at Mödruvöllum, oc Grímr sonr hans, hann var fadir Einars födr Gríms í Teigi; lèt þá Ormr Jónsson dóm gánga at Spialdhaga, í umbodi Páls Stígssonar höfudsmanns, oc hans nærveru, midvikudaginn eptir Bartholomæus-messu um sumarit, um þat hvert afl hafa skyldi giöf Þorleifs til Gríms, oc var hún dæmd gyld, þar Þorleifr átti XVI hundrud hundrada. Jón Marteinsson leitadi eptir giöfinni seinna, vegna Einars Grímssonar stiúpsonar síns, oc sonarsonar Þorleifs; settust þeir á Mödruvöllu bádir, Ormr Sturluson oc Páll Jónsson, oc sóktu eptir arfi Þorleifs vegna qvenna sinna, enn ráku á brott Gudbiörgu Erlendsdóttr konu Gríms, er Jón Marteinsson átti sídar, fór hún til Hóla í Eyafyrdi, oc þar giptist hún Jóni, enn lèt halda þángat til *XXX* menn, adrir segia C, um þriár vikr framm yfir alþing, medann þeir Páll oc Ormr sóktu á; þeir vildu láta Grím, oc öll börn Solveigar Hallsdóttr seinni konu Þorleifs vera óarfgeng; enn á alþíngi var dæmt af þrennum tylftum manna, at öll börn Þorleifs væri arfgèng, oc keypti Jón Marteinsson af höfudsmanni fyrir LXX Jóakimsdali, at fá stadfestann þann dóm af konúngi; þeir Ormr oc Páll skeyttu því lítt, oc var Solveig Hallsdóttir nauduglega stödd; hún sendi V menn í brennisteins-nám þeirra Þorsteinssona Vígfúsar oc Nicolásar vid Myvötn, oc fèck LX tunnr, reid til eyrar oc seldi siálf; þeir Ormr oc Páll sátu í fènu oc eyddu öllu, stód þat svo á tvennum missirum, þeim

samdi miög illa, því Ormr var prúdlyndr oc þótti illt at eiga vid hióllyndi Páls; þar um qvad Hallr Magnússon þetta:

A Mödruvöllum mynkar gull,
mest er af stadnum vyrdíng full
Páll oc Ormr med penínga krúll
plocka þann gard oc halda;
hvad skal eg grundum gialda, fyrir góda skemtan víns?

XXII Cap. Lyktir á Vatnsfiardar málum.

Eggert lögmadr Hannesson hafdi átt þrætr vid Arna Gíslason til þess er hèr var komit, þá er þat ætlan manna, at hann hafi hlotit odd at brióta af oflæti, svo at Páll Stígsson höfudsmadr, biskupar bádir Olafr oc Gísli, oc Páll Vígfússon lögmadr, fóru med sáttabodum á milli þeirra í Vatnsfiardar málum, oc fleiri hinir betri menn, oc bádu Arna medtaka oc halda þat sáttmál er þeir vildu giöra med þeim; Arni qvadst þat giöra vilia fyrir ord þeirra, ef hann fengi þá sæmd af málunum sem hönum líkadi, ella þyrfti þeir ei um slíkt at ræda nema med dómi oc lögum, handsöludu þá þeir fiórir höfdíngiar, höfudsmadrinn, biskupar bádir, oc Páll lögmadr, fyrir hönd Eggerts XL hundrud í gódum oc gyldum peníngum; þat líkadi Arna at medtaka, oc skyldi hverr þeirra hafa goldit hönum X hundrud fyrir sig í nærstu fardögum; enn þat afsagdi Arni at refiast eptir þessum peníngum; oc qvad sáttinni vera skyldi af sèr med öllu uppbrugdit, ef ei væri rètt goldit í tiltekinn gialddaga, lètst hverki vilia nè vera tilfær at sækia þá med lögum fyrir þetta fè, oc eiga þá heldr um vid Eggert; einnin tilskildi hann at Eggert hèti því, at kæra aldrei, medan hann lifdi, upp á þá penínga sem Jón prestr Eyríksson hefdi keypt af Byrni Þorleifssyni, oc med því skilyrdi gaf Arni Eggert lögmann qvittann fyrir sig oc sína erfíngia um fè Jóns prests Eyríkssonar, oc allar hrakníngar sem hönum voru giörfar af Eggerti oc hans fylgiurum; fór þetta framm á alþíngi mánadagion eptir Pètrs messu oc Páls um sumarit, oc var þat nockr lykt á Vatnsfiardarmálum, milli Biarnar Gudnasonar oc Biarnar Þorleifssonar, oc þeirra nidia, er þau

höfdu yfirstadit nær um *LXXX* ár, oc voru þá vída komnar jardir þær hinar mörgu er Biörn Þorleifsson hinn ríki hafdi átt oc samandregit; þá er mælt at Eggert hafi arfleidt börn sín. Fridrikr konúngr annar hafdi spurt þat, at hèr á landi vidgengist miög hórdómar, blódskammir oc ímisligt saurlífi, oc væri skialdann hegnt af veraldlegu yfirvaldi, heldr hefdi biskupar hinir fornu dæmt öll slík mál eptir kristnumrètti, oc lagt ímsar skriptir á slíka menn, fèpínr, ùtlegd oc peníngasektir sem þeim líkadi, enn skialdann líflát; fyrir því hafdi hann sendann híngad Pál Stígsson höfudsmann, bródrson Otta, oc mann miklu betri, oc ritadi biskupum bádum, Olafi Hialltasyni oc Gísla Jónssyni, oc baud þeim at taka samann af Guds ordi oc konúngslögum tilskipan um refsíngu á þeim brotum, oc senda sèr til yfirskodunar oc endrbótar, enn þeir ritudu hönum aptr, oc töldu á fáfrædi sína, oc bádu hann vægia sèr vid slíkum vanda, oc leggia heldr á lærda menn í Kaupmannahöfn; þat vard þá enn til tídinda, at Arni prestr Arnórsson í Hytardal var staddr á Arnarstapa, hann gèck óvarlega út um nótt, oc fèll í Stapa-læk, oc tyndist þar; tók eptir hann vid Hytardal Loptr prestr Narfason; enn um þær mundir eda nockru fyrri, tók Dadi Gudmundarson at krenkiast af átumeini í andlíti, fyrir því drógu óvitrir menn þat samann, at bann Jóns biskups hefdi ei á hönum hrinid medann Arni prestr lifdi, oc hafa sett samann kyniasögr um siúkleik hans; oc ei at eins trúdu því frændr oc vinir Jóns biskups, at bannit hefdi bitit Dada, heldr einnin allr fiöldi manna, sem lióst er af meiníngu Jóns prests Egilssonar í riti hans, er í þennan tíma var uppvaxandi madr, enn þá voru lidinn *X* ár er hèr var komit, frá aftöku Jóns biskups oc sona hans; gátu oc Dalamenn til, er vinir voru Dada, enn litlir vinir Jóns biskups, at heldr mundi verit hafa af húfu töfradri er hann hefdi tekit eptir biskup, oc var nockru nær at halda, er Arni prestr var haldinn margvís, at hann hefdi aptrad fiölkíngi medann haun lifdi heldr enn banni, enn hverugt er þó sannlegt. Þá giördist Gudbrandr Þorláksson heyrari í Hólaskóla, oc var hann þá XVIII vetra gamall.

XXIII Cap. Frá Gísla biskupi Iónssyni.

Gísli biskup Jónsson í Skálhollti átti lengi mótdrægt í biskups syslu sinni, á líkann hátt oc þeir er fyrir hann voru; þat var eitt at inntekt stólsins mynkadi hvad eptir annad, oc þat þó hellst frátekit er mest var stod oc styrkr at; tók Fridrikr konúngr eptir undirvísan höfudsmanna, til sín, allar eignir Skálhollts stadar á Sudrnesium, hinar bestu plógs oc útvegs jardir, Hvalnes med Hvalness-hverfi eitt hundrad hundrada, Lambastadi XX hundrud, Garda XII hundr., Skeggiastadi X hundr., Kothús X hundr., Gufuskálir XX hundr., Hólm L hundr., Niardvík X hundr., Hvassahraun hálft X hundr., Helgafell VIII hundr., Þerneyu LX hundr., Ofridarstadi X hundr., Audnukot VIII hundr., Helliskot VIII hundr., oc Kópávog til bygíngar oc umsiónar, enn um landskuld skyldi fara sem ádr hafdi verit; voru med þessum jördum kúgildi, hálfr þridji tugr; voru dómkyrkiunni aptr fengnar jardir Videyarklaustrs í Borgarfyrdi, oc eignir þær er Ögmundr biskup hafdi þar átt fyrir sunnan Hvítá, Uppsalir XXIII hundr., Búrfell XXIIII hundr., Raudsgil XXIV hundr., Ulfstadir XX hundrud, Kleppjárnsreykir XII hundr., Hurdarbak hálft XII hundr., Litli Kroppr XX hundr, Heggstadir XL hundr., Hvítárvellir LX hundr., Brautartúnga XI hundr, Hóll XXIIII hundr., Snartastadir XVI hundr., Brecka XL hundr., Hestr XL hundr., Hálsar XVI hundr., Galltarhollt XII hundr., oc Hrísakot VIII hundr., med iafnmörgum kúgildum oc hinum fylgdu, oc þartil Vælugerdi á Asum í Flóa austr. Gísli biskup átti oc erfidt at aftaka forna páfatrú oc sidu, áheit, liósa qveikíngar fyrir líkneskium, talna saungva, Maríutídir oc önnr hindrvitni, enn þó miklu erfidara at koma á aptr gódum sidum, oc christilegum kyrkiuháttum, hiá fávísum almúga oc þverlyndum, hellst medann hid gamla stórlundada fólk lifdi, er traudlega vildi láta hinn forna sid; enkum til þess er Páll Stígsson giördist höfudsmadr, er fastlega fylgdi biskupum at slíku; mundi torveldara hafa gengit um alla sidbót, nema sá ótti hefdi stadit af konúngsvaldinu; Gísli biskup lagdi þó allt kapp á at fárád alþída fræddist í trúargreinum sínum, oc giördi hann þat siálfr munnlega, þá hann visiteradi, oc svo brèflega, þar sem hönum þótti umbóta vant, sem lióst er af sendibrèfum hans til safnadanna undir Eja-

Eöllum; þar taldi hann þeim fastlega trú um at Christr einn væri medalgángari, enn engir helgir menn; var eitt hid heldsta útgefit tveimr árum ádr enn Páll Stígsson kom út oc hèr var komit; einnin til Jóns bónda Magnússonar fyrir austann, oc fleiri þeirra er hann fann miög fastheldna vid ákallan Mariu oc annara helgra manna, afrèdi þeim slíku med hógværum ordum, enn syndi med skyrum ritníngar greinum þat er sannara var; hann lèt oc höggva nidr oc brenna Kaldadarness krossinn, enn veikir menn oc vanfærir sóktu þó eptir spónunum oc öskunni á medann þeir máttu; hann skipadi Lækjarbug í Hraunhrepp, er annad ár lá til Krosshollts, enn annad at Stadarhrauni, til Stadarhrauns árlega, því kyrkia lá nidri í Krosshollti, oc hèldst þat sídann; einnin giördi hann skipun á milli Akra oc Krosshollts kyrkiu, sóknarmönnum til hægdar; hann skipadi oc Leysíngiastadi oc Magnúss-skoga til Asgards kyrkiu henni til betra vidhalds; miög var hönum erfidt vid at eiga lærdómsleysi oc fáfrædi presta, vildu hinir eldri eigi láta sonu sína til presta læra, hlaut hann því at vígia hvern er hann fèck til, sem Gissr biskup oc Marteinn höfdu hlotit, einnin únglínga úr skólanum, oc fá þeim hentugar bækr oc predikanir, helst á hinum fyrrum árum biskupsdómsins; oc fyrir því at slíkir úngir prestsmenn voru eigi færir um at hafa umsión oc ábyrgd á kyrkium oc kyrkiufiám, voru þeir haldnir sem heimilisprestar med audugum bændum oc forsiónarsömum er stadina hèldu med biskups leifi, oc voru prófastar sumir; Dadi Gudmundarson hèldt Hvamm í Hvamms sveit, enn Jón Grímsson Hvamm í Nordrárdal, son Gríms Jónssonar í Sydumúla, hann bió í Kalmanstúngu. Þórdr Gudmundarson frá Þíngnesi hèldt Reykhollt eptir Odd lögmann Gottskálksson, oc sídann Mela, oc var prófastr í Borgarfyrdi oc enn voru svo fleiri; enn prestana hina úngu oc líttlærdu vyrdu þrályndir menn lítils, sem vita má. Kènnendr til skólans vard Gísli biskup at útvega danska; Hans Lollich er sídarst var nefndr, hann var undarlegr í skapi, oc hafdi verit IIII ár; eptir hann kom Erasmus Villadtsson, Jótskr at ætt, oc hinn nytasti madr, sá er sídann var prestr at Odda; 1561
fóru gódra manna synir í þann tíma margir utann er námgiarnir voru, til Kaupmannahafnar, Raudstocks, Bríma oc vídar; Stephán launsonr Gunnars Gíslasonar, Sigurdr Jónsson at nordann, Gísli Gudbrandsson er seinna hèldt Hvamm vestr, oc Jón Gudmundar-

son er seinast var prestr í Hýtardal; Gudmundr Jónsson fadir hans bió â Hvoli, oc var vitr madr, son Jóns Þórdarsonar systrsonar Ögmundar biskups; tók Gísli biskup þá at sèr alla oc efldi til frama er hann sá at námgiarnir voru.

XXIV Cap. Frá ímsu.

Nú andast Helgi er verit hafdi ábóti á Þíngeyrum; þá lèt Þórdr Gudmundarson dæma um ósvarinn frillubörn at Lundi í sydra Reykiadal, hann hafdi þá syslu fyrir sunnann Hvitá. Mánadaginn eptir páskavikn, lèt oc Vígfús bóndi Þorsteinsson syslumadr í Þíngeyar þíngi dóm gánga, um hardrædi Halldórs prests (ins ríka) Benedictssonar, vid Helgu konu sína, dóttr Illhuga prests Gudmundarsonar í Múla, oc at hún mætti víkia frá hönum til syslumanns, edr födr síns, ef henni væri ei vært ella. Magnús Jónsson frá Svalbardi var þó þá enn kalladr þar syslumadr iafnframt, bió hann at Skridu; má vera hann hafi haft hálfa syslu; gètit er enn fleiri giörnínga oc dóma, oc jarda sölu Olafs biskups til Illhuga prests Gudmundarsonar, oc Hrólfs bónda, sonar Biarna Skúlasonar, sem Hrólfs ætt er frákominn, hann bió í Skagafyrdi á ímsum jördum; var oc dæmt um qvenna legord á alþíngi. Þá gaf Páll Stígsson höfudsmadr brèf út til lærdra. oc leikra á landi hèr, at Múnkaþverá þann *XXX*Ita dag Julii mánadar, oc lagdi sekt vid at halda þær helgar sem bannadar voru, einnin um liósaqveikíngar fyrir líkneskium, skyldi slíkt varda konúngsbrèfa brót VIII merkr, oc med því menn máttu þá ei berlega slíkt æfa, var þat giört á laun; stadfesti hann brèfit aptr at Midgördum í Stadarsveit um haustit; þann tíma bar þat til at Oddr prestr Halldórsson í Ganlveriabæ gèck nordr á tún eitt qvöld, oc vard þá máttlaus, oc lá sídann í IIII ár; Dadi Gudmundarson í Snóksdal krenktist þá miög, svo hann lagdist í kör, enn lengi hafdi hann kránkr verit á fótum, var enginn látinn til hans koma nema kona hans oc smásveinn., oc Gísli biskup þá hann visiteradi., var lengi bedit fyrir hönum í Skálhollti., enn iafnann var hann med heilli ræna; giördi hann um þessar mundir Testamentum sitt, oc kaus sèr legstad at Snóksdals kyrkiu, enn gaf mörgum manni stórmiklar giafir í því, oc sumum jardir LXXX eda hundrad hundrada,

XXV Cap. Frá biskupi.

Olafr biskup Hialltason at Hólum átti allerfidt vid Nordlendínga sem fyrr segir, vyrdu þeir hann lítils oc hinn nya sid, var hönum einna mest mótfallinn Þórunn á Grund, dóttir Jóns biskups, hún vildi ei afleggia pápiskann átrúnad, oc eigi gialda rèttar skyldr soknarpresti þeim er biskup hafdi þángat skipad, oc taldi adra marga med sèr til slíkra hluta; lèt biskup þá til kalla góda menn, oc yfirskoda allar máldagabækr Hóla kyrkiu, allt til Gottskálks biskups hins seinna, sögdu þeir fiórir máldagar eitt, at kyrkiann á Grund í Eyafyrdi ætti tveggia presta heimilis-skyldu at jafnadi, oc diáknans med; frammbar biskup at húsfrú Þorunn hefdi at engu metit sína skipann, svo prestr sá er hann hafdi þángad sett um tvö ár, fèck ecki nema hálfa skyldu-veru, hverki fyrir skipanir né audmjúka bón; hann átti oc vid at strída fákunnáttu oc lærdómsleysi prestanna, hellst á medann hinir úngu skólamenn voxu ei upp, enn þó kom hann smámsamann sálmasaung oc skickanlegum Ceremonium í gott lag, enkum med fylgi Páls Stígssonar höfudsmanns; hverki var Olafr biskup stolltr nè stórmenskusamr, nè áseilinn til fèdráttar; ei var hann mikill spekíngr kalladr, nè skörúngr, heldr fridsamr, einfaldr oc óáleitinn, oc vel látinn af gódum mönnum oc fridsömum; var hann gagnsamr eptir mætti eda framar von í biskupsdómi sínum; hann skipadi visitatiubók í V hlutum; var einn um þann sid er prestar skyldu halda, bænir oc heyrn guds orda, sacramentisbrúkun, skriptamál oc sálmasaung, oc svo ölmusugiördir; annar um prestinn oc diáknann, oc alla þeirra embættis skyldu oc tekiur; þridji um helgihöld, pílagrímsferdir oc föstr; fiórdi um ölmusugiafir; fimti um bækr sem kyrkiubændr skyldu kaupa, forbodan, fiölkíngi, hiónabands mál, veitslur, prestafundi oc prófasta, oc sídast um visitatiu hversu framm skyldi fylgia; ritadi hann eina bók fyrir presta oc adra fyrir prófasta til eptirbreytnis, oc var þat allt vel samit at meiníngu oc tilætlan, svo at ei má hönum ámæla med sönnu fyrir nockrsháttar hyrduleysi; hann lèt giöra til Hóla kyrkiu kluckuna miklu er ástódu þessi ord:

Herra Olaf heidrsmann
er Hólakyrkiu styrir rann
stóra klucku á stadarins torg
steypa lèt í Hamborg.

Sigrídr Sigurdardóttir hèt fylgikona hans, er hann tók til eginkonu sèr þá hann var biskup ordinn, Sigurdr fadir hennar var son Jóns priórs, Finnbogasonar lögmanns; hún launadi hönum eigi betr trúfesti enn svo, at hún tók undir hann svein hans, Biarna son Sturlu smids, segia menn at Biarni hafi lyst því siálfr vid biskup á þíngi, enn flúit sídann land fyrir þá sök, oc komist á Brimaraholm, hafi konúngr sídann gefit hönum upp sakir fyrir karlmennsku hans, oc tekit hann í lífher sinn; kom hann út sídann, oc var lengi lögrèttumadr, oc fèck Ingibiargar dóttr Páls syslumanns, Grímssonar á Mödruvöllum, þeirra son var Oddr hinn sterki á Melum í Svarfadardal, er Mela menn eru frákomnir; enn biskupi var þetta bædi til hugraunar oc vanvyrdu, því Sigrídr qvad hann ecki verda sèr at manni; var þat mælt, er hann var ádr í hraknímgum sínum oc utanförum, at hann hefdi komist í kunnleik vid eckiu nockra í Noregi, oc heitit henni eginordi, enn efnt ecki, oc hún fengit sídann af Finni nockrum eda fiölkunnngum manni, at giöra hönum glettíngar þær, er hann yrdi sídr til qvenna, oc hafi hann fengit af því lífsíki; enn þat eitt vitu menn med sanni, at hann vard aldrei heill, sídann Jón biskup lèt hrinda hönum á prestafundinum, hvert sem hann hefir hlotit af því fótlamann einann edr adra vanheilsu jafnframt; var hann oc madr gamall er hèr var komit.

XXVI Cap. Frá ímsu.

Þá var vetr medallagi, enn kom á nordann hríd á skírdag,
1562 oc fellir mikill; í þann tíma lèt Olafr biskup Jón prest Matthiasson prenta nya sálma, Gudspiallabók, handbók presta, oc Lúthers frædi at Breidabolstad; hann lèt oc stadfesta heitdag Olafs biskups Rögnvaldssonar oc betra atferdina; þá deidi Solveig Rafnsdóttir er Abbadys hafdi verit at Stad í Reininesi, oc var þá gömlud miög, enn Gunnar bóndi Gíslason hèldt stadinn, oc lifdu þar þá enn systr nockrar; þá fór Gudbrandr Þorláksson frá Hólum utann á Patriksfyrdi, oc fèck fríann kost hiá Siálands biskupi; þau missiri dæmdi Eyríkr í Asgardi son Gudmundar Andrèssonar um ved í jördu at Stadarfelli; hann hafdi umbod Pètrs bónda Einarssonar syslumanns í Þórness þíngi, oc hefir þá

Pètr haldit þeim völdum enn; Jón Marteinsson hafdi þá Vadlaþíng, enn Tumi Þorgrímsson Skagafiardarsyslu, hann lèt dæma um framfæri barna Dada Steinþórssonar, oc Helgu Þorláksdóttr at Vallalaug.

XXVII Cap. Frá Stepháni presti oc ödru, enkum Gísla biskupi.

Stephán hèt prestr einn, oc var Olafsson; hann oc Erlendr Þórdarson höfdu qveikt þann róg, oc borit brèf um þat Páli Stígssyni höfudsmanni, er hann lagdi framm á þíngi, at Stephán prestr hefdi sèd Pál Vígfússon lögmann, þá fyrir meira enn *XX* vetrum sídann, rída á spiótskapt Ejólfs heitins Kolgrímssonar at hönum óvörum, oc hefdi Ejólfr fengit af því bana er spiótid hefdi gengit í qvid hönum, oc lyst Pál banamann sinn fyrir Stepháni; nefndi höfudsmadrinn þarum *XXIV* menn í dóm í Ölvesi, var Stephán fyrir dómi, oc medkendist at hafa ritat brèfit oc innsiglad; Páll lögmadr beiddist undanfæris, oc dæmdu þeir hönum tylftareyd; þann eyd vann hann þar, med þeim formála, at Ejólfr Kolgrímsson hefdi ecki bana fengit af sínum verkum nè vilia, hverki leinilega nè opinberlega oc hverki viliandi nè óviliandi; medkendi Stephán þá, at hann hefdi fyrir þær sakir ritat brèfit, at sèr hefdi misþóknast ord lögmanns, er hann kom heim til hans at Hlídarenda, enn þau vyrdust þó dómendum sönn, oc skyldug umvöndunar ord, oc dæmdu þetta rètt banarád, oc Páli lögmanni LX hundrud af Stepháni í bætr; oc í annari grein eptir rógs capitula, at sá skuli slíku sekr, sem rægir vid konúng, biskup, jarl edr syslumann, oc svo ef madr lysir ecki vígi; dæmdu þeir landsvist oc líf Stepháns til konúngsnáda, á hvern hátt sem hönum synist vid hann at giöra, fyrir slíkt óheirilegt verk. Eggert lögmadr útnefndi þá oc dóm á Öxarár þíngi, um þá menn sem lofa med vottum oc handsölum meiar eda konu at fá, oc leggiast sídann med, láta lysa, enn vilia ei sídann festa, edr þær vilia þá ei samhyllast til löglegrar festíngar; vyrdtist dómsmönnum slíkt ólöglegt oc óleifilegt at guds bodum oc manna, oc dæmdu þá skylduga þær konr at festa; enn ef þeir vilia ei at lidnum lys-

íngum, skyldi þíngaprestr giöra þeim ámynníngu nærsta sunnudag eptir, at festa þær, ella gialda giptíngarmanni fullrètti; enn á ödrum sunnudegi med samri ámynníngu, at gialda giptíngarmanni tvöfaldann rètt; oc á þridia sunnudegi med hinni sömu, tvöfaldann rètt giptíngarmanni, enn konúngi IIII merkr í dómrof; enn lídr sídann mánudr upp frá því, oc festir hann eigi, þá sè fángadr af konúngsvaldi, undir þá refsíngu sem XII menn dæma; um sumarit kom út híngad brèf Fridriks konúngs, at hyrdstiórinn mætti med XXIIIIr hinum skilvísustu mönnum dæma yfir lögmanna dómum ef þeir væri rángir; veikti sú tilskipun nockut svo höfdíngia stjórn Islendínga, oc hneigdist til einvalds-stjórnarinnar, oc mátti þó vera þörf at nockru, enn var bodi meiri umskipta seinna af tilstilli landstióra. Þat haust hinn XXta dag Septembris mánadar, giördi höfudsmadrinn brèf oc giörníng vid Gísla biskup Jónsson um þau jardaskipti er fyrr er gètit; mátti hann ei þar í móti mæla, ella voru hönum vís svör, oc brugdit hiónabandi hans vid Kristinu, því annad reindist sannara enn þat er hann hafdi tilsagt um sakir hennar; var í stad afgialds af þerneyu, oc þeim jördum sem skólameisturum voru lagdar til, oc nú á konúngsvaldi, biskupi bodit at gialda skólameistara hvört ár af sinni inntekt LX dali, oc naut gott í kost, IIII saudi gamla, VI tunnr mallts, III tunnr miöls, eina tunnu sallts, eina tunnu smiörs, II hundrud fiska tólfræd, oc þar til miólk oc skyr sem hann þyrfti, enn heyraranum XX dali, oc kost tilbærilegann;
1563 leid nú svo af hinn nærsti vetr.

XXVIII Cap. Fráfall Dada oc Ætt.

Þessu nærst andadist Dadi í Snóksdal er hann hafdi legit tvo vetr; Gudrún Einarsdóttir kona hans var þá nær hálf áttræd, oc lifdu ei börn þeirra; enn erfíngi var Hannes son Biarnar Hannessonar, dóttrson Dada, oc var hann í ómegd, vildu Danir taka upp allt fè Dada fyrir sakfelli hans, enn Eggert lögmadr samdi vid Pál Stígsson höfudsmann, vegna Hannesar bródrsonar síns, því hönum var dæmt umbod hans í Snóksdal, oc jafnframt þat, at Dadi hefdi ei átt þeim sökum at svara medann lifdi at fè hans væri upptækt, því hann hefdi tekid fulla qvittun fyrir brot sín;

hafdi höfudsmadrinn sendt Andrès Hoffmann umbodsmann sinn á þíngit; Eggert lögmadr galdt höfudsmanni D dali, oc leysti med því fèn, enn Hannes skyldi svara hönum fyrir þat er hann kæmi til lögaldrs, Sæbóli á Ingialdssandi LX hundrudum; þat gèck sídann til Ragnheidar Eggertsdóttr, oc eptir hana til Elínar Magnúsdóttr dóttr hennar; frá Hannesi er kominn mikil ætt er Snóksdals ætt heitir; Eggert var sonr hans er var í Snóksdal, oc átti Halldóru dóttr Hákonar Biarnarsonar í Nesi, fadir Jóna tveggia, oc Hannesar í Snóksdal, oc Ragnheidar sem fyrr átti Sigurd prest Olafsson, Brandssonar bródr Marteins biskups, Einarssonar, enn sídar Þorvard Runólfsson; Olafr var annar son Hannesar, fadir Gísla, födr Sigurdar Dalaskálds; Steinun Hannesdóttir átti Arna son Gísla Þórdarsonar, þeirra börn Þórdr smidr mikill oc námsmadr, Hannes oc fleiri; Þórun Hannesdóttir átti Gísla Biarnarson prests bródr Arna, Gíslasonar, þeirra son var Biörn fadir Sigurdar lögmanns, var sú ætt fiölmenn oc gôdmenn; Ragnheidr Hannesdóttir átti Jón Sigurdarson í Einarsnesi, þeirra son var Sigurdr lögmadr, þat er Einarsness ætt. Hallbiörg oc Anna voru systr Hannesar. Biarni Gudmundarson bródir Dada bió á Dúnki í Hördadal, hans synir voru Gudmundr á Dúnki, oc Biarni í Bæ í Króksfyrdi, Jón á Hrodnyarstödum, oc Hallgerdr dóttir; Sigurdr var launsonr Biarna, eru þadan oc ættir komnar; Halldór Gudmundarson var annar bródir Dada, hans börn voru Þórdr í Tungu, Gudmundr í Hlíd oc Ingibiörg, frá þeim öllum eru ættir; frá Ingirídi systr Dada er ádr talit, hún var módir Jóns á Svarfhóli; Þorbiörg oc Gudrùn voru enn systr Dada; Háldán Gudmundarson bródir Dada var fadir Jóns, födr Skúla sem margt fólk er frá komit, Halldórs oc Jóns; flestum hafdi Dadi gèfit frændum sínum giafir stórar.

XXIX Cap. Imsar Tilskipanir, oc annad.

Nú kom út bréf Fridriks konúngs, er orsakadist af svari biskupa til hans um hórdóma, oc adra ósidu oc þverúd, at þeir treystust ei um slíkt lög at semia; baud hann at flockadrættir, hórdómar oc blódskammir skyldu med lífláti refsast, oc þótti þat heldr ad-

greiníngarlaust; fyrir því vildi Páll Stígsson áqveda láta, hverir af slíkum sakamönnum skyldu lífi halda, oc hverir eigi, oc var þat tilefni til dóms þess er þar um var dæmdr sídar; enn á alþíngi áqvad hyrdstiórinn á þessu sumri, ásamt med biskupum bádum, af hveriu prestar uppgefnir skyldu alast, því at Spitali sá er Arni biskup Helgason hafdi sett fordum, oc duga mátti prestum sem óqvæntir voru, dugdi nú ei lengr er þeir höfdu konr oc börn; voru þeim tilnefndir stadir er þeim skyldi veitast uppheldi af; í Austfiördum Hof í Vopnafyrdi, Kyrkiubær, Valþiófstadr, Vallanes, Heydalir, Stafafell í Lóni; fyrir sunnann Hollt undir Eyafiöllum, Breidabólstadr í Fliótshlíd, Oddi, Runi, Gaulveriabær, Gardar á Alptanesi, Melar, Reykiahollt; í Vestfyrdínga fiórdúngi, Stafhollt, Hytardalr, Setberg í Eyrar sveit, Selárdalr, Hollt í Önundarfyrdi, Vatnsfiördr, Stadr í Steingrímsfyrdi, Stadr í Grunnavík; enn miög þótti misiafnt nidrskipad á þessa stadi presta uppheldinu lengi, eptir vild oc vináttu biskupa; eitt konúngs brèf baud at klerkar tæki collation af lènsmanni, oc gengi eptir ordinantiunni, þvarr vid þat köllunar rettr eigenda kyrknanna; var stefnt utann Páli Vígfússyni. Höfudsmadrinn lèt oc á því alþíngi XII manna dóm ganga um ordrygti; annar dómr gèck at forlagi höfudsmanns oc Gísla biskups, um tregleika úngra skólamanna til prestavígslu, var dæmt at þeir sem rèdi sèr siálfir, oc ei vildi prestvígiast, skyldu aptr gialda edr af sèr vinna vid dómkyrkiuna, klædi oc fædi er þeir nutu í skólanum; höfudsmadr baud at gialda sèr oc sínum umbodsmönnum prófaststoll eda giaftoll af þeim syslum er Gísla biskupi voru léntar tyundir af; þau missiri giördi Þorleifr prestr Biarnarson Testamentum sitt, oc fól Eggerti lögmanni Hannessyni konu sína oc börn, hann hafdi fengit Páli Jónssyni frá Svalbardi Reykhóla; Eggert gaf Gudmundi Helgasyni á Eyri vid Arnarfiörd qvittun konúngdómsins vegna um misfelli hans vid Jón Guttormsson. Eptir alþíng reid Páll Stígsson hyrdstióri nordr í Eyafiörd at konúngsbodi, oc Niels Olafsson fógeti, oc Jón prestr Lopts son í Gördum skriptafadir hans, oc margir adrir; þar kom samann vid þá Olafr biskup Hialltason, Vígfús Þorsteinsson syslumadr úr Þíngeyarþíngi oc Nicolás bródir hans, oc Jón Marteinsson syslumadr í Eyafyrdi, enn kaupmenn konúngs voru fyrir, Hans Nansen er sídann vard borgmeistari, oc Frantz Lauritzson; á þeim fundi keypti höfudsmadrinn konúngi til handa

brennisteins-námurnar nyrdra af þeim Þorsteinssonum, oc skyldi Nicolás hafa Múnkaþverár klaustr afgialdslaust um IIII ár, enn afgiald var LXXX dalir, oc var þó frestrinn lengdr sídar um tvenn missiri; enn Vígfús bóndi Þíngeyarþíng um VI sumr afgialdslaust, oc Mödrufell med Gilsbacka jafnlengi, enn sídann skyldi hann gialda eptir sysluna XXX dali freka edr sem hefir verit; hönum voru oc fenginn öll VI marka mál oc minni til eignar; um haustit hinn XXVIIda dag Septembris mánadar komu samann at Bessastödum, at forlagi höfudsmanns, Gísli biskup oc Marteinn biskup, Loptr prestr Narfason í Hytardal, Olafr prestr Sveinsson, Jón Halldórsson á Fródá stiúpsonr Dada, Brandr bródir Marteins biskups, oc Arni Oddsson í Midgördum, oc giördu skipun um kyrkiur oc kyrkiusóknir í Snæfellsness syslu, prestum oc sóknarmönnum til hagnadar, lögdu þeir alla bæi á Skógarströnd frá Holmlátri at Örlygstödum, er ádr lágu til Narfeyrar kyrkiu, til Breidabólstadar, þar alkyrkia skyldi byggiast; enn þá sem voru fyrir utann Háls oc Ulfarsfell til Eyrar kyrkiu, oc skyldi einn prestr þióna þeim kyrkium bádum; Eyrarsveit öll, nær XXX bæa, lá ádr til Eyrarkyrkiu, er þá var kölluð Öndverdeyri, enn var nú lögd til Setbergs kyrkiu oc skyldi enginn kyrkia vera á Eyri; Hollt oc Tunga lágu fyrr undir Máfahlídar kyrkiu, hún skyldi nú aftakast, oc allir bæir milli Ennis oc Búlandshöfda liggia til Frodár kyrkiu; alkyrkia hafdi verit at Saxahóli, oc lá þángat Beruvík oc Öndverdtnes, hún skyldi aftakast, oc Saxahóll oc Öndverdtnes sækia at Ingialdshóli, enn alkyrkia byggiast í Lóni, oc þángat liggia Beruvík öll, Hólar oc Dritvík; skyldu gèfa búdarmenn allir oc útródrarmenn í Lóni oc Dritvík hvert ár einn fisk til kyrkiunnar, oc syslumadr hafa fulla magt at taka þann fisk af hlutum þeirra, ef þeir vildu eigi gialda; at Laugarbrecku skyldi vera sóknarkyrkia, oc þángat liggia bæir fyrir utann Sleggiubeinsá; X eda XI bæir í Eyarhrepp lágu ádr til Hafrsfiardareyar kyrkiu, hún skyldi nú med öllu aftakast, því sóknarmönnum hafdi fyrir stuttu borist þar á, oc drucknad í Hafrsfiardareyar sundi, er þeir fóru til jóla tída, enn af henni skyldi giörast lítil kyrkia í Krosshollti, svo prestr sá er þènti Kolbeinstada kyrkiu mætti tvær nætr samt hvílast þá hann fremr þar þiónustu, vegna fólksins naudsynia, oc skyldu liggia til Kolbeinstada kyrkiu til sóknar oc rentu allir bæir í Eyarhrepp

fyrir sunnan Nupá, enn þeir fyrir sunnan hana, Hafrsfiardarey oc Hausthús, at Miklahollti; aftakast skyldi kyrkia at Raudamel sydra, enn þeir sem giördu þessu í móti skyldu svara IIII mörkum sem í dómróf; þá tók Einar prestr son Marteins biskups vid Reykiahollti af Þórdi Gudmundarsyni, enn hann tók Mela, oc hèldt prófastsdæmit.

XXX Cap. Krísivíkr mál.

Krísivík var Beneficium, oc lá þar undir Herdysarvík; Gísli biskup fór til Krísivíkr þetta haust, hèldt stadinn prestr sá er Biörn hèt, oc bad biskup dóttr hans til handa mági sínum einum er Biarni er nefndr; prestr neitadi; enn biskup þycktist vid, oc qvadst mundi verda presti vid iafnmikla muni; sídann reid hann til Bessastada, oc kærdi fyrir höfudsmanninum naud oc þraung Skálhollts stadar, oc at skólinn verdi eigi haldinn fyrir því at skreidargialdit af sudrnesia jördum sè allt frá tekit; fyrir því bad hann höfudsmanninn um nockra ásiá, sagdi enga naudsyn til at Krísivík væri Beneficium, mætti heldr vera stólnum nockrt gagn ef hann fengi Krísivík oc Herdysarvík; kom biskup svo sínu máli at höfudsmadrinn dæmdi bádar þær jardir af prestinum undir Skálhollts stad, oc VIII kúgildi Krísivíkr kyrkiu til Strandar kyrkiu í Selvogi, oc var þat eignarmanni Strandar til þúnga; enn IV kyrkiu kúgildi oc XV aurar skyldu þó vera í Krísivík; var þetta dæmt at Bessastödum, mánadaginn nærstann fyrir Michaelsmessu, enn biskup reid til baka, oc fann Biörn prest at Strönd í Selvogi, oc tiádi hönum dóminn, oc lèt hann nú leggia skyldi frá sèr Krísivík; fylgdu þær iardir Skálhollts stad sídann, oc fèck biskup af því ámæli mikit; litlu sídar ritadi hann til presta í Höfnum sudr, at þeir mætti eigi þiónustu veita ímislegum óskila mönnum, er útreru oc ókèndir voru, sumir papistar, enn sumir hórdómsmenn, eda adrir glæpamenn; þat var ritat á IIIIda dag ióla.

XXXI Cap. Frá Petri Einarssyni, oc fleiru.

Þat er at segia frá Petri bónda Einarssyni, at hann komst í svo mikla óvild vid hyrdstiórann, at hann var rekinn frá Arnar-

stapa, oc þarmed var hönum gefit at sök at hann hefdi logit til um svo ríkann gard, oc keypt af konúngi fyrir miklu minni enn verdr var, oc dregit dul at hönum; átti at færa hann til Danmarkar, oc hafdi þetta ordit ádr enn Dadi lagdist, því hann bad fyrir hann oc adrir fleiri; fèck hann at halda Ellidaey, oc var þar til þess er hèr var komit; enn aldrei var hönum óhætt, þángat til hann tók þat til ráds, at hann lèt vígia sig til prests, 1564
oc fèck Hiardarhollt í Laxárdal; hann var þá sextugr at aldri, oc tók at daprast syn, enda hafdi hann gleymt andlegum frædum er hann hafdi lært úngr, því hann hafdi haft annad at sysla, oc hlaut því at lesa á bók vid gleraugu, þau voru hèr þá fátíd, oc var hann sídann kalladr Gleraugna-Pètr; Brandr bródir þeirra Marteins biskups er kalladr var Moldar-Brandr, var fadir Olafs prests á Kvennabrecku hins sídara, oc Þórdar prests í Hiardarhollti, er frá hönum ætt mikil; dóttir Olafs prests var Sigrídr er átti Biarni Sveinsson at Jörva, þeirra son var Þorgils fadir Sigurdar á Jörva, födr Þorsteins er syslumadr var í Mulaþíngi; frá Brandi er oc Pètr í Tialdanesi; þá var sela-vorit mikla, því at ísar lágu vid land, oc voru teknir selar á þeim nær óteliandi fyrir nordann land, fór almenníngr úr sveitum útá ísana, oc báru selana lostum samann, eda drógu oc óku til bygda framm; þá tók Gísli biskup Vatnsfiardar stad af Jóni presti Þorleifssyni Gudmundarsonar, oc vard hann at víkia at Gufudal, enn fèck hann Jóni presti Loptssyni, var hann officialis, oc þótti biskupi hann betr tilfallinn enn hinn. Jón prestr Þorleifsson var sonarson Gudmundar Andrèssonar undir Felli, hann var fadir Þorleifs, oc Gudmundar prests, oc Orms födr Jóns prests at Kvennabrecku, födr Leirulækiar-Fúsa, oc Magnúsar prests födr Arna Assessors oc Jóns syslumanns. Jón prestr Loptsson átti Gudrídi dóttr Jóns prests á Öndverdrieyri, er útgèck á Grundarmöl vid skiparana, Asmundarsonar betra bródr Stepháns biskups, hún var systir Stepháns hins sterka í Lá, er í riskíngum á sió tyndi hásetum sínum oc komst einn á land, oc fyrir þat gèck Lá undir konúnginn; synir þeirra Jóns prests voru Gunnlaugr prestr í Hruna oc Jón prestr í Steinshollti; var Jón prestr Loptsson þá í vyrdíngu; vildi Gísli biskup hellst hafa þá officiales fiærst sèr, er vitrastir voru oc rögsamlegastir, oc lèt þá dæma öll hin smærri

mál; var fyrir austann Einar prestr Arnason í Vallanesi til þess er hèr var komit.

XXXII Cap. Dómar.

Þetta sumar var dæmt um jardakaup qvenna í Nordfyrdi; getit er oc hyrdstióra leifis at Þorleifr prestr Biarnarson fengi Ragnhildar Jónsdóttr barnamódr sinnar, oc hefir hún þá ei verit eginkona hans ádr; einnin Olafs Hallssonar er átti Sigrídi dóttr Lopts prestr Pètrssonar í Vídidalstúngu, oc seldi Sælíngsdalslaugar Jóni Biarnarsyni, er eg hygg bródr Þorleifs prests, þann er í Flatey bió; Olafr Hallsson oc þau Sigrídr biuggu á Enni í Bitru, oc er ætt frá þeim; fleiri voru giörníngar; á alþíngi var dæmt, fyrir því at ádr var undirlagt, um stórbrot þau er Fridrikr konúngr hafdi svo hardlega refsa viliad, oc sektir á þeim; sá dómr þótti mörgum hardr, oc var af því kalladr stóri dómr, er þó miög vant at vita at konúngr mundi stadfest hafa hefdi hann vægri verit, því at menn vitu mörg dæmi þess at Danir gengu þá miög hardt eptir slíku, oc lá vid stundum at hardara yrdi refsad enn sá dómr qvad á, vildu Islendíngar allt heldr vægia þeim sökum oc fengu ei, sem enn mun synast; er því höfdíngium þeim er dóminn sömdu ámælt ófyrirsyniu, oc því vidaukid at þeim hafi flestum viliat til slis eda brot þar eptir siálfum; má þat oc vel vera fyrir því at satt sè, at þeir dæmdu ei allshendis at sínu skapi; miklu meira höfdu fyrirmenn hèr þángat til gèfit sig vid kvenna ást enn at svo mætti vera; hafdi oc enginn skipan á verit sídann skriptirnar tókust heldr af, oc menn máttu fara taumlaust framm. Dómsmenn voru lögmenn bádir Páll Vígfússon oc Eggert Hannesson, Arni Gíslason syslumadr úr Húnavatnsþíngi, Gísli Sveinsson at Midfelli Hólmfastssonar, Gudmundur Jónsson at Hvolí Þórdarsonar systrsonar Ögmundar biskups, Þorlákr Einarsson at Núpi vestra, Gunnar Gíslason frá Reinistad bródir Arna, Halldór Einarsson, Biörn Þorleifsson, eg hygg son Þorleifs lögmanns, sá er á Kèldum bió, Jón Olafsson á Svarfholi, Brandr Einarsson bródir Marteins biskups, Þórdr Gudmundarson syslumadr úr Borgarfyrdi, Þorsteinn Oddsson, Hallr Olafsson prests Kolbeinssonar, Þórvaldr Biarnason frá Æsustödum, Þórir Sveins-

son, Einar Gíslason, Jón Sigurdarson, og ætla Jón rebba í Búdardal, Magnús Kètilsson, Pètr Þorleifsson, Ari Magnússon austann frá Núpi bródir Jóns, Magnúsar Jónssynir tveir, Oddr Thomasson Oddssonar í Búdardal fadir Biarna á Skardi; var dómrinn sendr konúngi til stadfestíngar, fór höfudsmadrinn siálfr med, oc kom hún út ári sídar, lèt konúngrinn þat eptir at erfíngiar þeirra 1565
XVII manna er dræpir yrdu fyrir slíkar sakir, hèldi jördum þeirra, enn lausafè fèlli undir konúnginn; var þó eigi dæmt eptir hönum á landi hèr þat fólk er brotlegt vard eptir hann, fyrir þær sakir er þat hafdi brotit ádr oc tekit qvittan fyrir.

XXXIII Cap. Imisligt.

Vor þetta var lángt oc hardt framm yfir fardaga; þá gèngu dómar, einn at Vallalaug í Skagafyrdi af Gottskálki Magnússyni frá Reykium, er þá hafdi þar konúngsumbod, um fátæka menn, med XII mönnum; annar at Sveinstödum í Vatnsdal af Þormódi Arasyni, hafdi hann þá aptr syslu í Húnavatnsþíngi, eda var umbodsmadr Arna; þridji at Helgastödum um hiónaband Halldórs prests Benedictssonar oc Helgu Illhugadóttr, oc hardídgi hans vid hana, nema sè sá allr hinn sami er fyrri gètr af Vígfúsi bónda Þorsteinssyni; tók þá oc Olafr biskup reiknìng af Halldóri presti fyrir Múnkaþverár klaustrs penínga; Vígfús bóndi lèt oc dóm gánga um prestslambs eldi, oc hafdi hann þá prófastsdæmi í Þíngeyarþíngi ásamt syslunni, oc höfdíngi allmikill. Nicolás bródir hans átti Sigrídi dóttr Einars Bryniólfssonar at Espihóli, börn þeirra voru Einar oc Hallgrímr, Þorsteinn oc Katrín. Einar bió at Hèdinshöfda, oc fèck dóttr Jóns prests á Skinnastödum Loptssonar prests Petrssonar, er frá hönum mikil ætt; enn voru börn Nicolásar, Solveig oc Ingirídr, Gudmundr á Laxamyri, Ingibiörg oc Oluf. Þat var áqvedit í dómi Þormódar Arasonar, at flytia skyldi fátæka menn eptir rèttum bodburdi um alla syslu, oc hysa á hveriu bygdu bóli, skyldi svo einvyrki flytia sem bóndi, enn utan-sveitarmenn fara sem dagr endist, oc sè beint nockru á hverium bæ, enn veri burt úr syslu á vetr-nóttum, oc var þat hinn sami sidr sem verit hafdi, því at þá var eigi sett á sveitir; Gudni í Hraun-

höfn oc Ari voru synir Þormódar; Gottskálk á Reykium sá er getit var, sonr Magnúsar Biarnasonar, var bródir Einars prests, þess er nefndr hefir verit, oc fèck sídar Valþiófstad, oc var óeyrinn, födr Rögnvalds prests í Hólmum, födr Marteins syslumanns; Gottskálk átti Gudrúnu dóttr Gottskálks prests í Glaumbæ oc margt barna; einn hans son var Sölvi prestr í Mödrudal fadir Gunnlaugs prests, er Skiöldólfstada brædr voru fràkomnir; hid fyrra árit hafdi dómr gengit at Backarhollti í Ölvesi af Niels Olafssyni, umbodsmanni höfudsmannsins, um reka á Þorlákshafnar skeidi; hann nefndi sig umbodsmann yfir þremr landsfiórdúngum; enn Henrik Krag frændi höfudsmannsins, er þá hèldt Stapasyslu oc umbod eptir Pètr, var yfir einum, hann lèt gánga dóm í Midgördum þessi missiri; ecki kom skip fyrir nordann um sumarit; Gudbrandr Þorláksson kom út í Seilunni á konúngs skipinu, oc var med Páli Stígssyni höfudsmanni á Bessastödum, fór hann med hönum til alþíngis, oc þadann í Skálhollt, oc var þar skólameistari fyrstr Islendskra manna; hafdi hann konúngstraust oc hylli höfudsmannsins; hann var mikill hagleiksmadr, oc hafdi smidiuhús lítit í Skálhollti austr á hladi, þar smídadi hann látun, oc gróf; sumir segia hann kæmi út hid fyrra sumarit; þá gaf Páll Stígsson tvö brèf út til presta, at þeir ámynni þá sem vanrækia Guds ord, oc ef þeir vilia samt ei hlída, straffist þeir af valdsmanni; hann setti fyrstr giald á klaustr oc veitíngar konúngs, oc lèt setia borgun fyrir afgialdit; þá var haust gott, oc vetr öndverdr.

XXXIV Cap. Frá ímsum atburdum, Höfudsmanna skipti.

1566 Þessu nærst giördi mikinn snió oc felli-vetr, enn kom bati á páskadaginn, oc var hálfa adra viku, þar eptir komu hafísar oc vor-kuldar miklir, fèll þá margt af fátækum mönnum; lágu hafísar fyrir nordann land til midsumars, oc fèll svo mikill sniór seinast í Júnio eda Júlio at tók í qvid hesti; þá voru dæmdir margir dómar; Olafr biskup nefndi XII presta í dóm, at prestastefnu á Vídivöllum, mánadaginn nærstann fyrir hvítasunnu, oc var dæmt at preststyundir oc lióstollar, heytollar oc legkaup oc líksaungseyrir, skyldu gialdast kyrkium oc prestum í þann ein-

daga, oc eptir því sem at fornu hefdi verit, fyrir þá sök at menn voru í slíku miög þverir sídann skipt var um sidinn, enn þeir skyldu sekir eptir kyrkiulögum sem í móti mæla, nema konúngr oc ríkisrád hans giöri adra rádstöfun; enn Þórdr Gudmundarson syslumadr í Borgarfyrdi lèt dæma at Heggstödum at forlagi Gísla biskups um kyrknafè, oc annan dóm at Heggstödum med VI mönnum; Arni bóndi Olafsson dæmdi um utansveitarmenn at Stadarhóli í Saurbæ, oc annar Arni Jónsson, er syslu hafdi milli Gilsfiardar oc Gliúfrár, um hina sömu er byggt væri inn í hreppa, nema sá sè hinn sami madr oc dómr; Henrik Krag hèldt þá Snæfells syslu oc umbodit, hann lèt XV manna dóm gánga í Midgördum, um giaftolla, tyundir oc þíngsóknir; þá tók Jón prestr Svenski Matthiasson á Breidabólstad at giörast gamall miög oc hrumr af elli, vildu margir fá stadinn, enn Páll Stígsson höfudsmadr veitti hann Gudbrandi Þorlákssyni, oc var hann þá vígdr, enn þó fór hann ei þángat medan Jón prestr lifdi oc gat haldit hann. Páll Stígsson setti skipalög fyrir sunnan, þau er sídann hèldust; hann deidi hinn 1ta dag Maii mánadar, oc var jardadr at Bessastödum, oc legsteinn mikill af marmara settr yfir hann, svo ej hafdi slíkr komit á Island; voru þar á grafinn vers þessi:

Paulus Stigotti Danorum ex sangvine clarus
justus, castus, amans relligionis erat.

Var Henrik Krag kosinn til höfudsmanns eptir hann á alþíngi, oc er mælt þeir hafi verit brædr at móderni, oc fór hann utann; giörnínga þá er urdu á þeim missirum tel eg ei; þá var fiski-ár, oc haust gott, enn viku fyrir vetr giördi fiúk mikit, svo bædi drap fè oc naut; á jóladaginn giördi oc fiúk, oc urdu menn vída úti; kom nú aptr vetr á snemma, oc fèllu sumstadar peníngar, 1567
enn batnadi med sumri, oc giördi sumar grasgott oc þerrasamt; þá dó Jón Svenski, oc tók Gudbrandr Þorláksson vid Breidabólstad, fóru foreldrar hans til hans, Þorlákr prestr oc Helga; Alexius Pálsson í Klaustrhólum er fyrr var ábóti í Vídey deidi þá einnin, oc urdu manntapar. Kristián Villadtsson vard skólameistari í Skálhollti eptir Gudbrand, bródir Erasmusar er þar var fyrri, hann hefir ritat læknìngabók þá er Kristiáns-bók er köllud; sumir segia Henrik Krag væri þá fyrst kosinn til höfudsmanns oc

færi utann, oc ætti at qvitta erfíngia Dada af konúngshendi; oc hann gaf qvittun fyrir tvær barngetnadar sektir Hiallta Vígfússyni oc Önnu systr Páls lögmanns, þær voru taldar eptir stóra dómi, enn þau voru þó opinber VI sinnum ádr at barngetnadi sín á milli, oc stód þat ei fyrir at þau giördi sídann hiónaband sitt; þá gèck Spialdhagadómr, at hverr bóndi sè skyldr at hísa oc flytia fátæka menn eptir bodleid, oc færa til allra þeirra er í skiptityund eru, enn hverr búfastr madr skyldr at hysa, oc fylgia vanfærum at hreppstióra rádi; tveim aurum skyldi svara fyrir hvern fátækann, er hús vill þyggia oc fær eigi; þá gèck enn Húsatopta dómr oc Gísli biskup lèt endrbæta Skálhollts kyrkiu, Sigurdr prestr Jónsson, at Greniadarstad, gaf þá Magnúsi bródrsyni sínum Biarnarsyni LX hundrud í jördum, enn Jón Marteinsson átti skipti vid Magnús at Mödruvöllum um haustit; Vígfús Þorsteinsson lèt dóm gánga at Helgastödum, oc dæma Sigurdi presti Jónssyni atgáng at Meyarhóli.